


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Allt

MARKAÐURINN




SIEMENS

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

8. september 2010

210. tölublað 10. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



**Að lifa í núinu**

*Elísabet Brekkan gefur sýningu Charlotte Bøving í Iðnó fimm stjörnur.*

menning 22

**Fyrsta Íslandsmótið í súlufitness**

*Sigurvegarinn á Evrópumótið í Bretlandi.*

fólk 30



**Grátlegt tap á Parken**

*Danmörk tryggði sér sigur á Íslandi með marki í uppbótartíma.*

sport 26

**veðrið í dag**




**VÍÐA VÆTA** Í dag verða austan 5-13 m/s en 8-15 syðra. Væta í flestum landshlutum einkum austantil en bjart með köflum og yfirleitt þurrt N-lands. Hiti 12-18 stig.

VEÐUR 4

# Færðu 90 milljarða frá Englandsbanka

**Í júlí losnaði um tæpa hundrað milljarða króna í eigu gamla Landsbankans sem legið höfðu í Englandsbanka síðan í október 2008. Hætt var við að erlendir bankar sem kröfu eiga á Landsbankann tækju innstæðuna upp í skuldir.**

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans varð að semja við nokkra af stærstu bönkum Evrópu svo þeir tækju ekki innstæður hennar upp á jafnvirði níutíu milljarða króna upp í kröfur. Bankarnir eru margir hverjir kröfuhafar þrotabús Landsbankans.

Innstæðurnar eru afborganir af útlánum Landsbankans í Bretlandi sem skilanefndin tók út hjá Englandsbanka, seðlabanka Bretlands, í júlí. Skilanefndin lagði féð upphaflega inn í Englandsbanka í kjölfar fyrirmæla breska fjármálaeftirlitsins 3. október 2008 um að bankanum væri óheimilt að flytja féð úr landi. Þetta var fimm dögum áður en bresk stjórnvöld beittu hryðjuverkalögum og kyrrsettu eignir bankans í Bretlandi. Tilmælin hindruðu ekki flutning á fénu innan Bretlands. Skilanefndin taldi hins vegar hyggilegast í skugga hremminga á alþjóðlegum fjármálamörkuðum að leggja féð inn í Englandsbanka þrátt fyrir afar lága vexti þar líkt og jafnan er hjá seðlabönkum. Stýrivextir í Bretlandi hafa staðið í 0,5 prósentustigum í eitt og hálft ár.

Hryðjuverkalögum gagnvart Landsbankanum var aflétt í júní í fyrra og fékk skilanefnd bankans heimild hjá úrskurðarnefnd fjármálafyrirtækja ytra til að flytja innstæðuna úr landi.

Samkvæmt upplýsingum frá skilanefnd Landsbankans var innstæðan í Englandsbanka jafnvirði tæpra hundrað milljarða króna í evrum og breskum pundum. Um níutíu milljarðar króna voru fluttir úr landi í júlí. Upphæðin dreifðist á nokkra banka í Evrópu utan Bretlands þar sem vextir eru hærri. Afgangurinn, jafnvirði tíu milljarða króna, liggur enn í hirslum Englandsbanka.

- jab / Sjá Markaðinn



**ESJAN Í ÖSKUMISTRI** Dimmt var yfir Esjunni þegar horft var út á sundin blá í gær. Öskufok frá gossvæðinu við Eyjafjallajökul hefur staðið yfir höfuðborgarsvæðið að undanförnu og byrgði fjallasýn frá borginni. Svifryksmagn í andrúmslofti í Reykjavík mældist á tímabili tífalt yfir heilsuverndarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HÚS UNDIR GAGNAVER** Verne Holding á húsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ.

Skattar gagnavera í skoðun:

## IBM hættir við vegna dráttar

**ALÞINGI** Fyrirtæki sem hugðust koma með verkefni inn í gagnaver Verne Holding á Suðurnesjum, meðal annarra tölvurisinn IBM, hafa hætt við fjárfestinguna. Ástæðan er hversu illa fjármálaráðuneytinu gengur að leysa tæknileg vandamál tengd virðisaukaskattsmálum.

Þetta fullyrti Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær. Hún lýsti áhyggjum af því að framkvæmdir þar myndu hugsanlega brátt stöðvast vegna málsins.

Skúli Helgason, formaður iðnaðarnefndar, sagði athugasemdina réttmæta. Forsvarsmenn gagnavera væru tvístígandi vegna þess að hér stæðu þeir ekki jafnfætis gagnaverum í Evrópusambandinu hvað varðar virðisaukaskatt á netþjóna. Það mál þyrfti að leysa. - sh

Íslenskur kvikmyndavetur:

## Níu myndir væntanlegar

**FÓLK Níu íslenskar kvikmyndir í fullri lengd verða frumsýndar næsta hálfa árið eða svo.**

**Þrír leikstjórar frumsýna sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Þeir Grímur Hákonarson, Reynir Lyngdal og Baldvin Z. Þrjár kvikmyndir verða byggðar á íslenskum skáldverkum; Rokland, Gauragangur og Órói en sú síðastnefnda byggist á unglingabókum Ingibjargar Reynisdóttur. Tvær kvikmyndir eru síðan fengnar frá leikskáldinu Jóni Atla Jónassyni; Djúpið eftir Baltasar Kormák og Brim í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar.**

- fgg / sjá síðu 30

Niðurstaða sáttanefndar í sjávarútvegi er að farin verði svokölluð samningaleið:

# Sáttahugur virðist víðs fjarri

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Guðbjartur Hannesson, formaður starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnarkerfisins, segir grundvallarmál að „núverandi kvótahafar geti ekki fénýtt auðlindina með framsali til annarra.“ Hann telur ekki skipta máli hvaða leið verði farin til að ná þessu takmarki. Sátt um sjávarútveg náist hins vegar ekki ef framsalið helst í sama farvegi og áður.

Skýrsla starfshópsins var afhent Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra í gær. Meirihluti nefndarinnar leggur til að farin verði svokölluð samningaleið.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir stóru fréttirnar vera að horfið sé frá fyrningarleið Samfylkingarinnar.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður sjávarútvegsnefndar, segir samráð við hagsmunaaðila að baki og stjórnvöld taki nú við málinu og veiti því pólitíska forystu í átt að markmiðum stjórnarsáttmálans.

Gagnrýnendur segja að LÍÚ hafi náð sínu fram. LÍÚ telur að breið samstaða hafi náðst um málið og vill starfa áfram með stjórnvöldum að útfærslu samningaleiðarinnar.

- shá / sjá síðu 4.

Byggðasafn fær óvænta gjöf:

## Færði safni vínflösku úr Pourquoi Pas?

**MENNING** Eysteinn Sveinbjörnsson, sem á sínum tíma tók þátt í því að finna flak franska rannsóknaskipsins Pourquoi Pas? á hafsbotni hefur gefið Byggðasafni Borgarfjarðar rauðvínsflösku úr skipinu. Pourquoi Pas? fórst við Mýrar árið 1936 en flakið fannst ekki fyrr en sumarið 1961 við skerið Hnokka.

„Eysteinn var í þessum leiðangri og hefur flaskan verið í hans fórum síðan. Eitthvað af rauðvíninu er ennþá í flöskunni, en tappinn er aðfenginn,“ segir um gjöf Eysteins á vef Borgarfjarðarbyggðar. Lítil sýning um Pourquoi Pas? er nú í Safnahúsi í Borgarnesi. - gar

Fréttablaðið er með 201% meiri lestur en Morgunblaðið.




Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í maí til júlí 2010.



**SPURNING DAGSINS**



*Jakob, munuð þið bera matinn fram á Hörpudiskum?*

„Nei, en þetta er tónlistarhús og við munum leika á bragðlaukana."

Jakob Jakobsson, matreiðslumaður á Jómfrúnni, mun ásamt manni sínum og syni reka nýjan matsölustað í tónlistarhúsinu Hörpu.

Færeyskur þingmaður neitar að sitja til borðs með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra:

# Jenis av Rana sagður eiga að skammast sín

**FÆREYJAR** Bæði Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyja, og Högni Hoydal, leiðtogi Þjóðveldisflokksins, sögðu í gær að Jenis av Rana, leiðtogi Miðflokksins, ætti að skammast sín fyrir að hafa neitað að þiggja kvöldverðarboð með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Jónínu Leósdóttur, eiginkonu hennar.

Ekki hafa allir færeyskir stjórnmálamenn tekið undir þessar ákúrur. Í viðtali við færeyska dagblaðið Norðlýsið segjast bæði Gerhard Lognberg, þingmaður Jafnaðarflokksins, og Alfred Olsen, þingmaður Sambandsflokksins, telja afstöðu Jenis av Rana eiga sér töluverðan hljómgrunn meðal Færeyinga.

Jenis av Rana er andvígur hjónaböndum samkynhneigðra, og sagði heimsókn Jóhönnu til Færeyja með eiginkonu sinni vera ögrun.

Jóhanna er stödd í opinberri heimsókn í Færeyjum ásamt fleiri íslenskum ráðamönnum. Johannesen lögmaður bauð henni og Jónínu til kvöldverðar ásamt leiðtogum allra stjórnmálaflokka á færeyska lögþinginu, en alls eru flokkarnir sjö.

Miðflokkurinn er flokkur kristilegra íhaldsmanna, sem eru andvígir hjónaböndum samkynhneigðra. Flokkurinn er í stjórnarandstöðu og hefur þrjá þingmenn á færeyska lögþinginu.

Jóhanna Sigurðardóttir hefur, að sögn Hrannars B. Arnarssonar aðstoðarmanns hennar, ekki viljað ræða þetta mál í fjölmiðlum. **- gb**



**JENIS AV RANA** Vildi ekki sitja til borðs með Jóhönnu og Jónínu. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

Fjármálastjórn gagnrýnd:

## Samfylking vill sannleiksnefnd

**REYKJANESBÆR** Samfylkingin í Reykjanesbæ vill að bæjarstjórn skipi nefnd þriggja óháðra sérfræðinga sem hefur það hlutverk að yfirfara stjórnkerfi og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Nefndin á að kanna aðkomu stjórnmálamanna að fjárhagslegum ákvörðunum á undanförnum árum með tilliti til þess hvort gætt hafi verið eðlilegrar hlutlægni.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja að nefndin kanni hvort verktakar, bankar og fyrirtækjasamsteypur hafi fengið óeðlilega fyrirgreiðslu. Eins hvort fjársterkir aðilar hafi haft áhrif á pólitískar ákvarðanir og stjórnsýslu bæjarins og hagnast á tengslum við einstaka embættismenn eða bæjarfulltrúa.

Samfylkingin vill að skýrsla nefndarinnar liggi fyrir í febrúar 2011. **- jhh**

Maður með lifrabólgu C:

## Neitar að hafa stungið fingri upp í lögreglu

**DÓMSMÁL Karlmaður, sem hefur verið ákærður fyrir að stinga blóðugum fingri sínum upp í munn lögreglumanns neitaði sök við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.**

**Árásarmaðurinn vissi að hann var smitaður af lifrarbólgu C, að því er segir í ákæru, og stofnaði þannig á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu lögreglumannsins í augljósan háska.**

**Manninum, sem er íslenskur en nú búsettur í Gautaborg í Svíþjóð, er gefið að sök að hafa í maí á síðasta ári veist með ofbeldi að lögreglumanninum sem var við skyldustörf. Atvikið átti sér stað á þáverandi heimili árásarmannsins í Reykjavík.** **- jss**

# Eldsneytisverð nánast eins á öllum stöðvum

**Forsvarsmenn olíufyrirtækja segja að virk samkeppni ríki á markaði þrátt fyrir litlar verðsveiflur og lítinn mun milli fyrirtækja undanfarið. FÍB segir staðbundin verðstríð ekki tíðkast lengur. Nokkrar líkur á verðhækkun á næstunni.**

**NEYTENDAMÁL** Þrátt fyrir að eldsneytisverð á Íslandi hafi haldist stöðugt síðustu vikur og lítill verðmunur verið milli olíufyrirtækja segja forsvarsmenn fyrirtækjanna að hörð samkeppni ríki.

Munurinn á hæsta og lægsta verði á útsölustöðum í gær var einungis 1 króna og 60 aurar, að því er fram kom á vefnum GSMbensin.is. Orkan var með lægsta verðið, eða 192,3 krónur fyrir lítrann í sjálfsafgreiðslu, en hæsta verðið var hjá Shell, 193,90 krónur.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, segir í samtali við Fréttablaðið að undanfarið hafi fyrirtækin ekki stundað staðbundin verðstríð eins og áður. Nú sé meira eða minna sama verð um allt land.

„Þessi viðleitni til samkeppni hefur nánast horfið. Þó að sumir hafi haldið því fram að þetta hafi verið látalæti hjá fyrirtækjunum er ég hálfsmeykur um að til lengri tíma sé núverandi ástand verra."

Hann óttast að þetta ástand gæti drepið niður þá verðvitund sem þó var orðin þar sem fólk fylgdist grannt með eldsneytisverði.

„Við vorum að sjá verulegar verðsveiflur á höfuðborgarsvæðinu og ákveðinn hópur viðskiptavina var farinn að miða sín kaup miðað við hvar var ódýrast að fylla á bílinn og notaði til þess síðuna GSMbensin.is."

Runólfur segir þó að álagning fyrirtækjanna hafi minnkað að undanförnu og það sé jákvætt fyrir neytendur.

Forsvarsmenn olíufyrirtækjanna segja að samkeppni á markaðnum sé afar virk.

„Hún kemur í sveiflum eins og margt annað," segir Hugi Halldórsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, í samtali við Fréttablaðið og bendir á að um 90 verðbreytingar hafi verið á markaðnum á fyrri hluta þessa árs og þær hafi sjaldan verið eins margar.

„Það gat enginn haldið út þá álagningu sem komin var í því verðstríði og ég held að allir séu að jafna sig á því."

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs Olís, segir bullandi samkeppni í gangi. Verðið í sumar hafi verið óvenjulágt og sé lægra en í nágrannalöndunum. „Bensínverð hérna heima hefur verið stöðugt en farið hækkandi erlendis síðustu daga þannig að það er einfaldlega hækkunar þörf."

thorgils@frettabladid.is




**VIÐ DÆLUNA** Olíufélögin segja mikla samkeppni ríkja á eldsneytismarkaði, en framkvæmdastjóri FÍB saknar staðbundinna verðstríða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Urgur innan Símans:

## Forstjóri rauk upp í tekjum

**FJÁRMÁL Urgur var meðal starfsmanna Símans eftir að álagningarskrár skattstjóra í sumar gáfu til kynna að forstjóri félagsins, Sævar Freyr Þráinsson, hefði rokið upp í launum milli 2008 og 2009, fengið 5,3 milljónir króna á mánuði í stað 2,5 milljóna áður. Starfsmenn Símans sem höfðu yfir 350 þúsund krónur á mánuði tóku á sig launalækkun eftir hrunið.**



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON**

**Pétur Þ. Óskarsson, upplýsingafulltrúi hjá Skiptum, eiganda Símans, segir hvorki Sævar né aðra æðstu stjórnendur hafa hækkað í launum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er skýringin á tekjuaukningunni sú að Sævari var metið til hlunninda að felldar voru niður skuldir hans vegna kaupa á hlutabréfum í Exista, móðurfélagi Símans.** **- gar**

Menntakerfi Slóvakíu:

## Róma-börnum mismunað

**MANNRÉTTINDI** Ný ríkisstjórn Slóvakíu hefur verið hvött til að binda enda á aðskilnað Róma-barna í skólum landsins af Amnesty International. Íslandsdeild samtakanna hóf undirskriftasöfnun um málið.

Mörg þúsund Róma-börn ganga í skóla sem eru ætlaðir börnum með vitsmunalega fötlun eða aðgreina þau vegna uppruna þeirra og fá þar ófullnægjandi menntun. Amnesty International hefur bent á að alvarlegir brestir í framkvæmd og eftirliti eru í menntakerfi Slóvakíu hvað þetta varðar og krefur forsætisráðherra landsins, Iveta Radi, um aðgerðir. **- sv**




Samtök atvinnulífsins gagnrýna óáreiðanlegar hagtölur og dugleysi stjórnvalda:

# Ríkisstjórnin vindi ofan af mistökum

**ATVINNUMÁL** „Skýr skilaboð þurfa að koma frá ríkisstjórninni um að allt verði gert til að eyða þeirri óvissu sem hagtölur gefa til kynna og benda til þess að staðan sé mun lakari en áður var talið," segir framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins í ályktun.

SA segja afar misvísandi skilaboð um hagþróun skapa mikla óvissu. Þróun á vinnumarkaði sýni minnkandi atvinnuleysi en tölur Hagstofunnar sýni 7,3 prósenta samdrátt í landsframleiðslu. „Í ríkjum með áreiðanlegar hagtölur væri slíkt framleiðniáfall í atvinnulífinu tilefni til neyðarviðbragða og rannsókna, en íslenskt atvinnulíf þarf að búa við óvissu og óáreiðanlegar hagtölur."

Þá segir SA að mestu skipti að ríkisstjórnin sýni skýran og ótvíræðan vilja til þess að fjárfestingar í atvinnulífinu og innviðum samfélagsins aukist og athafnir fylgi orðum. Fyrirtæki þurfi lánsfé á viðráðanlegum kjörum og skattaleg kjör verði að vera hagstæð.

„Ríkisstjórnin verður einnig að vinda ofan af fjölmörgum mistökum við skattlagningu atvinnulífsins sem gerð voru síðastliðinn vetur þannig að öll íslensk fyrirtæki, stór og smá, hafi ótvíræða hvata til fjárfestingar og atvinnusköpunar. Áform um aðkomu lífeyrissjóða að mikilvægum fjárfestingum í samgöngumannvirkjum og öðrum innviðum samfélagsins þurfa jafnframt að ganga eftir," segir í ályktun SA. **- gar**



**VILMUNDUR JÓSEFSSON** Formaður framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins sem segir ríkisstjórnina þurfa að sýna skýran vilja í atvinnumálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Verð sprengja

# 30% afsláttur af öllum ljósum*

## og enn meiri afsláttur af völdum ljósum!

Gildir aðeins til 12. september 2010



70% afsláttur

Vnr. 51120353/5
**Ljós** 890 Fullt verð: 2.990
Halógen ljós, 50W, 230V, GU10, gyllt eða brass.



60% afsláttur

Vnr. 51355007
**Garðljós**
HAMBURG garðljós, svart, GU10, 50W.
1.690
Fullt verð: 3.472



65% afsláttur

Vnr. 52220336
**Gólflampi**
SIRIUS gólflampi, brúnn, E27, 60W.
3.990
Fullt verð: 8.990



61% afsláttur

Fullt verð: 4.334
Vnr. 52220821
**Kastari** 1.690
Halógen kastari, messing, GU10, 50W.



60% afsláttur

Vnr. 51010300
**Loftljós** 2.490 Fullt verð: 6.318
SENTA loftljós, 3xE27, 60W, 38 cm.



60% afsláttur

Fullt verð: 14.329
Vnr. 51120655
**Jarðvegsljós** 5.690
Halógen jarðvegsljós, niðurgrafið, GU10, 50W.

BYKO

*Gildir ekki með öðrum tilboðum!

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
EXPO - www.expo.is

**GENGIÐ 07.09.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 117,96 | 118,52 |
| Sterlingspund | 181,31 | 182,19 |
| Evra | 150,32 | 151,16 |
| Dönsk króna | 20,192 | 20,310 |
| Norsk króna | 19,071 | 19,183 |
| Sænsk króna | 16,130 | 16,224 |
| Japanskt jen | 1,4057 | 1,4139 |
| SDR | 178,35 | 179,41 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

204,8999

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfirheyrslur halda áfram og morðmálið skýrist með hverjum degi sem líður:

# Lögreglan farin með hnífinn til Svíþjóðar

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumaður frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er farinn til Svíþjóðar með hnífinn sem fannst við smábátahöfnina í Hafnarfirði um helgina. Hnífurinn, sem talinn er vera vopnið sem Hannesi Þór Helgasyni var banað með á heimili sínu í Hafnarfirði að morgni 15. ágúst síðastliðins, verður settur í rannsókn þar sem lífsýna verður leitað og þau greind, finnist þau.

Lögregla segir hnífinn samsvara vel lýsingum og hugmyndum sem hún hefur um morðvopnið. Þá er fatnaður sem kafarar fundu í smábátahöfninni, þegar þeir leituðu meðal annars að morðvopninu, til rannsóknar.

Sakborningurinn í málinu, Gunnar Rúnar Sigurþórsson, var yfirheyrður í gær.

Að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar, yfirlögregluþjóns á höfuðborgarsvæðinu, hefur rannsókn málsins miðað vel. Hann segir það skýrast með hverjum deginum sem líður, en vill ekki tjá sig um málsatvik. Hann segir yfirheyrslum verða haldið áfram næstu daga. Þá kveðst hann nokkuð vongóður um að niðurstöður úr lífsýnum, sem tekin voru vegna morðsins og send til Svíþjóðar, berist í þessari viku. - jss




**LÖGREGLUSTÖÐIN** Lögreglumaður af höfuðborgarsvæðinu er farinn með hnífinn til Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Formaður segir brýnast að enda fénýtingu kvótahafa

**Sáttanefnd mælir með að byggt verði áfram á núverandi kerfi í sjávarútvegi. Bjarni Benediktsson segir fréttnæmast að fyrningarleiðin sé úr sögunni. Formaður nefndarinnar segir skýrsluna aðeins áfanga.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** „Stóra atriðið óháð leiðum er að núverandi kvótahafar geti ekki fénýtt auðlindina með framsali til annarra. Það er grundvallarforsenda þess að yfir höfuð náist einhver sátt í sjávarútvegi“, segir Guðbjartur Hannesson, formaður starfshóps um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. „Það er ekki rétt að stilla þessu þannig upp að ríkið sé að ganga til samninga við útvegsmenn um nýtingu á auðlindinni. Það er verið að tala um að auðlindinni sé úthlutað gegn samningum með vissum forsendum og reglum.“

Skýrsla starfshópsins var afhent Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra í gær. Meirihluti nefndarinnar leggur til að farin verði svokölluð samningaleið. Í meginatriðum byggist samningaleiðin á núverandi aflamarkskerfi. Aflaheimildum verði skipt upp í „potta“ þar sem tiltekið magn gengur til útgerðarinnar og hins vegar til félagslegra þátta, eins og strandveiða og í byggðakvóta.

Guðbjartur segir mikilvægt næsta skref að undirstrika með lagasetningu að auðlindin sé eign þjóðarinnar og hvernig umsýsla með hana eigi að vera til framtíðar.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir stóru fréttirnar vera að horfið sé frá fyrningarleið Samfylkingarinnar. Hann segist vongóður um að niðurstaða nefndarinnar sé grundvöllur sáttar. Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður sjávarútvegsnefndar, segir samningaleiðina lítt útfærða og skoða þurfi tilboðsleiðina [útfærsla af fyrningarleiðinni] betur, enda sé hún mun betur útfærð. „Meginniðurstaða mín er sú að með þessari skýrslu er samráðið búið sem hagsmunaaðilum var lofað. Þetta er ágætur efnimiður fyrir stjórnvöld til að veita málinu pólitíska forystu í átt að markmiðum stjórnarsáttmálans.“

Finnbogi Vikar, fulltrúi Borgarahreyfingarinnar/Hreyfingarinnar í nefndinni, telur að útkoma nefndarinnar sé örugglega framar villtustu draumum LÍÚ. „Þeir náðu fram nær öllum sínum óskum um óbreytt ástand í fiskveiðistjórnun og gott betur en það. Áður höfðu þeir kvótann til eins árs, núna fá þeir hann til minnst 15 ára með framlengingu.“

svavar@frettabladid.is



**BÚIÐ AÐ BINDA** Flestir eru sammála um að vinna nefndarinnar dragi ekki langt og fjarri því að hún skapi sátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TVEIR BÆTTUST VIÐ** Þeir Rob Oakeshott og Tony Windsor ætla að styðja stjórnina. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnarmyndun í Ástralíu:

## Gilliard þarf að gæta jafnvægis

**ÁSTRALÍA, AP** Julia Gillard, forsætisráðherra Ástralíu, hefur naumlega tryggt sér stuðning við minnihlutastjórn sína á þingi með aðkomu tveggja óháðra þingmanna, sem bætast við sundurlausan hóp þeirra flokksbrota og þingmanna sem hafa lofað að verja minnihlutastjórnina falli.

Gillard, sem er leiðtogi Verkamannaflokksins, missti þingmeirihluta í kosningum sem hún boðaði sjálf til eftir að hafa unnið óvæntan sigur í leiðtogakjöri flokksins.

Hún þarf nú að gæta sín á að styggja ekki neinn þessara óháðu þingmanna til þess að stjórnin geti lifað eitthvað fram á kjörtímabilið. - gb

**DALVÍK**

### Vilja mótorkross í friðlandi

Mótorkrossmenn vilja fá tímabundið leyfi til að nota til æfinga sandfjöru í friðlandi við Dalvík. Í synjun frá umhverfisráði bæjarins kemur fram að samkvæmt reglum um Friðland Svarfdæla sé umferð vélknúinna ökutækja aðeins leyfð ef hún sé í tengslum við nytjar landsins. Hins vegar sé hægt að sækja um undanþágu hjá Friðlandsnefnd.




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTUSAMT OG MILT** Það dregur heldur úr vindi við suðurströndina á morgun en veður verður annars nokkuð svipað á landinu. Á föstudag snýst í suðlæga átt og dregur þá heldur úr vætu en búast má við skúrum í flestum landshlutum.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 21° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Skiptibílamarkaður

## Skólabókardæmi um betri bílakaup




**Gríptu tækifærið!** Fjöldi betri notaðra bíla á frábæru verði. Komdu með bílinn þinn, við skoðum hann, metum hann og gerum þér tilboð sem er skólabókardæmi um betri bílakaup.

**OPIÐ: 09.00 - 18.00**

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**www.toyotakopavogi.is**

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570-5220**

Today
Tomorrow
Toyota

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú í leikhús í vetur?*

56%

44%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú vongóð(ur) um að sátt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið á næstunni?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Mál níumenninganna sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi er tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag:

# Ögmundur vonast eftir friðsamlegu þinghaldi

**DÓMSMÁL** Mál níu manna sem ákærðir eru fyrir árás á Alþingi í búsáhaldabyltingunni verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Þinghaldið í málinu hefur ekki verið átakalaust til þessa. Í maí var lögregla kvödd til og fjarlægði hún nokkra viðstadda úr troðfullum dómsalnum með valdi eftir að þeir neituðu að yfirgefa hann. Ragnar Aðalsteinsson, verjandi nokkurra sakborninga, kallaði aðfarirnar mannréttindabrot í bréfi til ráðherra.

Ögmundur Jónasson, nýr dómsmálaráðherra, fór sem óbreyttur þingmaður ekki leynt með óánægju sína með það að Alþingi skyldi óska eftir því við ríkissaksóknara að ákært yrði í málinu, meðal annars fyrir brot gegn 100. grein almennra hegningarlaga, sem kveður á um árás á Alþingis, svo því eða sjálfstæði þess sé hætta búin.

Spurður um málið nú segist Ögmundur þurfa að fara varlega í yfirlýsingar sem ráðherra. „Ég skil tilfinningar fólks og óánægju með að málið skyldi yfirhöfuð fara inn í þennan farveg, en þarna er það,“ sagði Ögmundur. „Þannig að mínar óskir standa bara í þá átt að þessi leiðindamál verði leidd til lykta með eins friðsamlegum hætti og hægt er.“ - sh



**BORINN ÚT** Uppþot varð í Héraðsdómi í maí þegar málið var tekið fyrir. Tveir voru handteknir. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI






**LÁGAFELLSSKÓLI** Boðið upp á hollan og góðan mat í mötuneyti Lágafellskóla. Slátur og grjónagraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kvartað undan einhæfum mat í skólum

**Foreldrar og matráðar kvarta undan einhæfum mat í grunnskólum Reykjavíkur. Hækkandi matarverð hefur haft áhrif á fjölbreytileikann. Formaður menntaráðs bindur vonir við tilraun um samræmd innkaup fyrir mötuneyti.**

**SKÓLAMÁL** Foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík hafa kvartað undan einhæfum mat í mötuneytum skólanna. Þá hafa menntaráði Reykjavíkurborgar einnig borist kvartanir frá matráðum, umsjónarmönnum mötuneytanna.

Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segir hækkandi matarverð hafa haft áhrif á mötuneytin. „Við höfum hins vegar tekið pólitíska ákvörðun um að hækka ekki gjaldskrárnar á móti. Matseðillinn er fábreyttari en áður en hann er samt góður,“ segir Oddný.

Í Vesturbæ Reykjavíkur er nú gerð tilraun í samræmdum hráefniskaupum fyrir mötuneyti grunnog leikskólanna. Vonast er eftir hagræðingu í innkaupum en um leið verði hægt að bjóða upp á betra hráefni. „Með þessu móti getum við hagrætt og um leið fylgst betur með því hversu gott hráefnið er,“ segir Oddný.

Hjá innkaupastofnun Reykjavíkurborgar starfar næringafræðingur sem fylgist með tilrauninni sem lýkur í nóvember.

Guðfinna Guðmundsdóttir matreiðslumeistari í mötuneyti Engidalsskóla segir gríðarlega mikilvægt að starfsfólk skóla og mötuneyta geri sér grein fyrir hversu miklu máli gott og næringarríkt hráefni skiptir varðandi heilsu barna. Hún segir að þó svo farið sé eftir hinum ýmsu stöðlum frá Lýðheilsustöð sé auðvelt að komast í kring um þá með unnu hráefni sem oftast sé ódýrara og ekki eins næringarríkt.

Guðfinna leggur mikið upp úr beinu sambandi við birgjana. Hún telur mikinn mun vera á því hvort maturinn sé eldaður beint í eldhúsi skólanna eða hvort hann sé fluttur þangað til upphitunar. Guðfinna telur að ekki muni líða mörg ár þar til allsherjar átak um matarvenjur barna verði gert í skólum landsins.

„Hollur og vandaður matur á að vera partur af skólastarfi. Krakkarnir þurfa virkilega að læra að borða slíkan mat.“

Sigurveig Káradóttir matreiðslumeistari er sammála Guðfinnu. Hún hefur, ásamt Sigurrósu Pálsdóttur og Margréti Gylfadóttur, skoðað málefni mötuneyta í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu á síðustu misserum og finnst víða pottur brotinn. Hún segir skóla meira og minna bjóða upp á unnar matvörur eins og bjúgu, nagga eða pakkasúpur, forsteikt kjöt eða fisk í raspi jafnvel innflutt. Einnig séu réttir eins og lasagna og plokkfiskur oft búnir til utan skólanna og hitaðir upp. Sigurveig tekur þó fram að það sé misjafnt eftir skólum.

Sigurveig og samstarfskonur hennar telja, eins og Guðfinna, að yfirvöld þurfi að setjast að borðinu og skoða matarmál skólabarna upp á nýtt. - sv, - kh




Hlegið að ummælum utanríkisráðherra um ríkisstjórnina á Alþingi:

# Hæpinn meirihluti Össurar

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra uppskar hlátrasköll þingmanna á Alþingi í gær þegar hann gaf í skyn í tvígang að þingmeirihluti fyrir ríkisstjórnarsamstarfi Samfylkingar og Vinstri græna væri hæpinn í meira lagi.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gerði að umtalsefni ummæli Álfheiðar Ingadóttir við ráðherraskiptin á Bessastöðum í síðustu viku, þegar Álfheiður sagði að þau hefðu meðal annars verið gerð til að tryggja þingmeirihluta fyrir fjárlagafrumvarpinu.

„Nú held ég að flestir hafi staðið í þeirri meiningu að hér væri meirihlutastjórn í landinu,“ sagði Guðlaugur. „Hvar hefur þú verið?“ kallaði Össur þá utan úr sal svo þingheimur hló við.

Guðlaugur bætti við að hefði stjórnin ekki þingmeirihluta ætti hún að fara frá.

Össur sté skömmu síðar í pontu og sagði: „Ég hef fulla trú á því að Ögmundur Jónasson styrki ríkisstjórnina og læt mér því jafnvel til hugar koma að ríkisstjórnin hafi hugsanlega meirihluta fyrir fjárlögunum,“ við mikla kátínu viðstaddra. - sh



**GLETTINN RÁÐHERRA** Dátt var hlegið að gráglettnum – eða kannski hreinskilnum – glósum Össurar í þingsalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA






## Beint flug, glæsilegur farkostur.

Það var þessi þægilegheitatilfinning sem við höfðum í huga þegar við settum nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 51384 09/10

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hversu mikið telur ríkisskattstjóri að Íslendingar svíki undan skatti?
2. Hvaða íslenska söngkona kom fram á Drag-hátíð í Helsinki á dögunum?
3. Hundrað ár voru frá fæðingu séra Árelíusar Níelssonar í gær. Hvar var hann fæddur?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Þrír menn um tvítugt ákærðir fyrir fjölda þjófnaðarbrota og skemmdarverk:

# Stálu golfbílum og fjórhjóli á Akureyri

**DÓMSMÁL** Þrír menn um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir fjölmörg þjófnaðarbrot. Í sumum tilvikum voru tveir þeirra saman að verki en í öðrum allir þrír.

Mönnunum er gefið að sök að hafa brotist inn í vélaskemmu við Golfklúbb Akureyrar í nóvember á síðasta ári. Þar stálu þeir fatnaði sem á vegi þeirra varð, svo og 120 lítrum af bensíni. Þá tóku þeir tvo golfbíla traustataki og óku um svæðið þar til annar bílanna lenti ofan í skurði. Eftir þetta stálu þeir fjórhjóli sem fannst síðan í skurði frammi í Eyjafjarðarsveit.

Sláttutraktor stálu þeir við tjaldstæði í Kjarnaskógi, óku honum um svæðið og ýttu honum loks út í tjörn, þar sem hann fannst nokkrum dögum síðar. Dekkjum og felgum stálu þeir undan bíl í bænum.

Að minnsta kosti fimm sinnum brutust mennirnir inn í ísbíl á Akureyri og stálu vörum úr honum.

Mennirnir stálu bensíni til einkanota í allmörg skipti, dýrum tækjum sem þeir fundu í innbrotunum svo og peningum.

Tíu ákærur í nítján liðum voru þingfestar á hendur mönnunum fyrir héraðsdómi. **- jss**



**GOLFBÍLL** Mennirnir rúntuðu um á tveimur golfbílum og óku öðrum þeirra út í skurð.



**UMBOÐSMAÐUR SKULDARA** Ásta Sigrún Helgadóttir er umboðsmaður skuldara. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Umboðsmaður skuldara:

## Ný heimasíða tekin í gagnið

**STJÓRNSÝSLA** Heimasíða umboðsmanns skuldara, Ástu Sigrúnar Helgadóttur, var opnuð í gær. Er þar meðal annars hægt að finna upplýsingar um ráðgjöf, leiðbeiningar um hvernig skal bera sig að og umsóknareyðublöð fyrir greiðsluaðlögun. Slóðin á vefinn er: www.ums.is.

15 ráðgjafar og 8 lögfræðingar starfa nú hjá umboðsmanni skuldara og er enn verið að bæta í hópinn. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara í landinu og veita þeim endurgjaldslausa aðstoð þegar við á. **- sv**

**BLÁSKÓGABYGGÐ**

### Hestur í óskilum í tvö ár

Fullorðinn hestur sem er ómerktur og einkennalaus hefur verið í óskilum í tvö ár á Litla-Fljóti í Biskupstungum. Hesturinn er dökkbrúnn að því er fram kemur á vef Bláskógabyggðar.

# Herjólfur til Þorlákshafnar

**Veður hamlaði för Herjólfs milli lands og Eyja í gær. Merkja má orðið siglingastoppið í vöruúrvali verslana í Eyjum. Flogið var með lyf til Eyja í gær. Ekki liggur fyrir kostnaðarauki við rekstur Landeyjahafnar.**

**SAMGÖNGUR** Vart hefur orðið við vöruskort í verslunum í Vestmannaeyjum, en ferðir Herjólfs hafa legið niðri frá því á mánudag. Flogið var með lyf og aðrar nauðsynjar út í Eyjar.

Ferðir skipsins hafa fallið niður vegna grynninga í innsiglingu þess í Landeyjahöfn og vegna veðurs. Áætlað er að Herjólfur sigli nú í morgunsárið til Þorlákshafnar. Síðar í dag er ráðgert að sigla samkvæmt bráðabirgðaáætlun sem kynnt var á mánudag. Hún gerir ráð fyrir þremur ferðum á dag og þá á flóði til þess að forða því að skipið taki niðri.



**BJÖRN VALUR GÍSLASON**

Fulltrúar samgönguráðuneytisins, Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Eimskips funduðu með samgöngunefnd Alþingis í gærmorgun til þess að kynna nefndinni stöðu mála.

Björn Valur Gíslason, formaður samgöngunefndar, segir nefndarmenn hafa fengið að vita að hlé það sem orðið hefur á ferðum Herjólfs skrifist á tilfallandi aðstæður sem hamli siglingum milli Eyja og Landeyjahafnar. Þær þýði ekki að brostnar séu einhverjar þær forsendur sem miðað var við þegar lagt var í gerð Landeyjahafnar.

> ... höfnin er byggð fyrir annars konar skip en Herjólf.
>
> **BJÖRN VALUR GÍSLASON** FORMAÐUR SAMGÖNGUNEFNDAR

„Við leituðum skýringa hjá þessum aðilum og fengum að vita að þarna væru margir samverkandi þættir sem hefðu áhrif. Annars vegar er það ríkjandi óhagstæð vindátt sem hundsar allt meðaltal ríkjandi vindátta síðustu ára og síðan er mikill efnisburður í kjölfar Eyjafjallagossins," segir hann og telur efnisburðinum hafa verið þannig lýst að á um tveimur mánuðum hafi fallið jafnmikil aska og spáð var um framburð á tíu ára tímabili. „Og síðan er náttúrulega það sem vitað var, að höfnin er byggð fyrir annars konar skip en Herjólf."

Björn Valur segir að ekki liggi enn fyrir hver kunni að vera kostnaðarauki vegna þessara vandræða. „En ef um kostnaðarauka er að ræða við rekstur hafnarinnar þá er það eitthvað sem gera þarf ráð fyrir við fjárlagagerð næsta árs," segir hann. Ekki gerir Björn Valur þó ráð fyrir að kostnaður aukist mikið. Núna falli helst til kostnaður vegna þess að kalla hafi þurft dýpkunarskip í Bakkafjöru heldur fyrr en ráð var fyrir gert.

Björn Valur segir að á fundinum hafi jafnframt komið fram að Vegagerðin ætti í viðræðum við sveitarfélagið Ölfus um að Herjólfur fengi að leggja að í Þorlákshöfn í stöku tilvikum, ekki hafi verið talin ástæða enn til að beina skipinu þangað. Þær viðræður séu aukinheldur ekki mjög langt komnar.

Þá segir Björn Valur verið að skoða hvort grípa megi til annars konar aðgerða til að draga úr framburði gosefnis, svo sem með gerð einhvers konar sandvarnargarða.

**olikr@frettabladid.is**



**HERJÓLFUR Í LANDEYJAHÖFN** Ekki reyndist unnt að sigla Herjólfi í Landeyjahöfn í gær líkt og ráðgert hafði verið. Líkt og síðdegis á mánudag hamlaði veður för. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

100.000.000
+540.000.000
640.000.000



ÞÚ TALDIR RÉTT:
640 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 540 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 8. SEPTEMBER 2010

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA




Það munar um hvert ár ef þú vilt gefa börnunum þínum bestu forsendur til að koma undir sig fótunum sem sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar. Því fyrr sem þú byrjar þeim mun betra. Með söfnunartryggingu leggur þú grunninn að fjárhagslegu sjálfstæði barna þinna.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfs-vettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe



**Í BIÐRÖÐINNI** Þessi palestínski snáði setti pott á höfuðið meðan hann beið í biðröð eftir mat í súpueldhúsi í Hebron á Vesturbakkanum. NORDICPHOTOS/AFP

Eldfjallið Sinabung í Indónesíu heldur áfram af enn meiri krafti:

# Hrikaleg þrumuhljóð í eldfjallinu

**INDÓNESÍA, AP** Eldfjallið Sinabung sendi frá sér væna spýju af kolsvartri ösku í gær, rúmri viku eftir að það rumskaði fyrst eftir að hafa legið í dvala í fjórar aldir. Kraftúrinn var meiri en áður hefur sést í fjallinu.

„Það heyrðust hrikaleg þrumuhljóð, eins og þúsund sprengjur væru að springa í einu,“ sagði Ita Seipu, 29 ára íbúi undir hlíðum fjallsins, sem hefur eins og þúsundir annarra íbúa dvalist í öruggri fjarlægð síðan byggðirnar voru rýmdar fyrir nærri tveimur vikum.

Fólkinu hefur verið komið fyrir ýmist í neyðarskýlum eða skólum og öðrum opinberum byggingum.

Fjallið kom vísindamönnum í opna skjöldu þegar það tók upp á því að gjósa í lok ágúst. Um 130 virk eldfjöll eru í Indónesíu, þannig að misjafnlega vel hefur verið fylgst með landrisi og skjálftavirkni í þeim.

Ekki er vitað hvort fjallið á eftir að sýna af sér meiri ofsa næstu vikur eða mánuði eða hvort það mun mjatla úr sér gosefnum hægt og rólega, eða jafnvel lognast út af fljótlega. - gb



**AKANDI Í ÖSKUNNI** Í nágrenni fjallsins þurfti fólk að setja upp grímur. NORDICPHOTOS/AFP

Stefnumótun í skógrækt:

# Leita viðbragða hjá almenningi

**UMHVERFISMÁL** Nefnd leidd af skógræktarstjóra hefur sent drög að nýrri stefnumótun í skógræktarmálum Íslendinga til umsagnaraðila.

Í ljósi krafna um opna stjórnsýslu býður Skógrækt ríkisins almenningi að gera athugasemdir við drögin. Frekari upplýsingar og drögin sjálf má finna á vefsíðu Skógræktar ríkisins, skogur.is. Athugasemdir þurfa að berast í tölvupósti til Þrastar Eysteinssonar, sviðsstjóra skógræktarinnar, fyrir 20. september. - þj



**KERIÐ Í GLJÚFURÁ** Sumarið hefur leikið við veiðimenn. FRÉTTABLAÐIÐ/SVAVAR

Vertíðarlok stangveiðimanna:

# Skemmta sér saman í haust

**FÓLK** Skemmtinefnd Stangaveiðifélags Reykjavíkur stefnir að því að sameina alla stangveiðimenn í einni allsherjar uppskeruhátíð í lok október í tilefni að vertíðarlokum.

Að því er kemur fram á vef stangaveiðifélagsins er ætlunin að virkja ýmis stangveiðifélög og veiðiklúbba til þess að koma og skemmta sér saman. Yrði þetta í fyrsta skipti sem slíkur atburður yrði skipulagður á svo víðtækum grunni. Sífellt fleiri leggja fyrir sig stangveiði. Má til dæmis nefna að í haust fór félagatala Stangaveiðifélags Reykjavíkur yfir fjögur þúsund í fyrsta skipti. - gar

# Yfirmaður NATO óttast bókabrennu 11. september

**Kristinn söfnuður í Bandaríkjunum ætlar brenna eintök af Kóraninum 11. september. Yfirmaður herafla Bandaríkjanna í Afganistan óttast afleiðingarnar. Hundruð manna mótmæltu í Afganistan.**

**BANDARÍKIN, AP** Æðsti yfirmaður herafla Bandaríkjanna og NATO í Afganistan, David Petraeus, segir lífi vestrænna hermanna þar stofnað í hættu, ef lítill trúarsöfnuður í Flórída lætur verða af áformum sínum um að brenna Kóraninn 11. september.

Terry Jones, leiðtogi safnaðarins, viðurkennir að Petraeus hafi þarna nokkuð til síns máls. „Samt finnst okkur kominn tími til að Bandaríkin hætti að biðjast afsökunar á verkum sínum og lúti konungum,“ bætti hann þó við. „Við verðum að senda hinum róttæka hluta íslamstrúar skýr skilaboð. Við viljum ekki lengur láta stjórnast af ótta þeirra og hótunum.“

Söfnuðurinn hefur boðað til allsherjar bókabrennu á lóð kirkju safnaðarins, þar sem brenna á eintök af Kóraninum. Söfnuðurinn segir að gagnrýni Petraeusar hafi þó orðið til þess að málið sé í skoðun.

„Myndir af logandi Kórani yrðu vafalaust notaðar af öfgamönnum í Afganistan og víðar um heim til þess að æsa upp almenningsálitið og hvetja til ofbeldis,“ sagði Petraeus á þriðjudag, daginn eftir að hundruð manna söfnuðust saman í Kabúl, höfuðborg Afganistans, til þess að mótmæla þessum áformum kirkjufólksins.

Kirkjusöfnuðurinn, sem nefnist Dove World Outreach Center og hefur aðsetur í borginni Gainesville í Flórída, komst í fréttir á síðasta ári þegar liðsmenn hans dreifðu bolum með áletruninni: „Íslam er frá djöflinum komið“.

Söfnuðinum hefur verið neitað um leyfi til að efna til brennu, en hafði þó sagst staðráðinn í að láta verða af þessu áður en Petraeus lýsti áhyggjum sínum.

Þetta er fámennur söfnuður af meiði evangelískrar lúterstrúar. Meðlimir eru á vefsíðu hans sagðir rétt um fimmtíu talsins. Hann hefur óspart notfært sér Internetið til að vekja athygli á áformum sínum.

Árið 2005 létu fimmtán manns lífið og tugir særðust í óeirðum í Afganistan eftir að bandaríska fréttaritið Newsweek hélt því fram að fangar Bandaríkjahers í Guantanamo á Kúbu væru niðurlægðir með því að hafa eintök af Kóraninum inni á salerni og þeim jafnvel sturtað niður.

Tímaritið dró þá frétt síðar til baka. Víða urðu einnig óeirðir í múslímaheiminum eftir að danskt dagblað birti skopmyndir af Múhameð spámanni haustið 2006.

gudsteinn@frettabladid.is




**LEIÐTOGI BRENNUFÓLKS** Terry Jones viðurkennir að áhyggjur herforingjans séu réttmætar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# 2 GERÐIR • 2 STÆRÐIR
# STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

ALLIR VINNA

haust TILBOÐ
*Besta verðið*

# NÝTT BAÐ
## Eitt flottasta úrval landsins







til afgreiðslu af lager

RÚNNAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

KANTAÐUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90












WC upphengt með öllu 33.900
með hvítum sturtuhnappi og mjúklokun

WC í gólf 14 sm í stút 21.900

WC með stút í vegg 19.900



STURTUSTANGARSETT 29.900
með hitastýrðu blöndunartæki handsturtu og ömmustöng

**CT** baðinnréttingar verð frá **64.900**
STÆRÐIR: 55, 75, 85, 95 eða 120 sm





til afgreiðslu af lager

150x75 sm 160x75 sm 170x75 sm

160x70 sm 170x70 sm

BAÐKÖR Verð frá 26.800 Emilerað stál / Fætur fylgja



BAÐHLÍFAR nokkrar stærðir og gerðir







P-7202 44x24 sm 24.900

P-9042 46x26 sm 29.900

P-7197 55x32 sm 32.900

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Einhæfur matur og ekki nægilega næringarríkur.

# Einfalt og hollt fyrir börnin

Mörgum foreldrum þykir matur grunnskólabarna einhæfur og ekki nægilega hollur. Ljóst er að staðan er þröng því meðan verð á matvælum hækkar þá eru verðskrár í skólamötuneytum óbreyttar. Sýnt er því að útsjónarsemi þarf til að viðhalda gæðum þess matar sem börnunum er boðinn.

Skólamatur er tiltölulega nýr af nálinni í íslensku samfélagi. Ekki eru nema hálfur annar áratugur síðan að heitur matur var óþekktur með öllu í grunnskólum en nú þykir það sjálfsögð þjónusta að skólabörn eigi þess kost að fá mat í skólanum. Erfitt efnahagsástand hefur síður en svo dregið úr kröfunni um næringarríkan mat í skólum enda þörfin á staðgóðum mat enn brýnni í slíku árferði.


SKOÐUN



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is


Vitað er að mataræði og neysluvenjur allar hafa veruleg áhrif á heilsu. Þegar barni er gefið að borða er þannig ekki bara verið að seðja hungur og næra það fyrir daginn heldur er líka verið að leggja inn til framtíðar, ala upp neytanda. Sá matur sem börnum er boðinn hefur áhrif á það hvernig matarsmekkur þeirra þróast og þar af leiðandi hvernig mat þau munu velja sér þegar þau hljóta sjálf til þess umboð. Þannig geta matarvenjur í æsku haft verulega áhrif á heilsu, ekki bara á barnsaldrinum heldur um alla framtíð.

Sigurveig Káradóttir, sem hefur ásamt Sigurrós Pálsdóttur og Margréti Gylfadóttur gert skoðun á mötuneytum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu síðustu misseri, telur að víða sé pottur brotinn í matarmálum grunnskólabarna. Í úttekt þeirra kemur fram að unnar matvörur, svo sem bjúgu, naggar og pakkasúpa, eru víða uppistaðan í þeim mat sem börnum er boðinn.

Þetta er óásættanlegt með öllu. Slíkur matur er iðulega rýr að næringu, auk þess sem hann inniheldur gjarnan ótæpilegt magn af salti og öðrum aukefnum sem jafnvel eru beinlínis skaðleg. Svoleiðis mat á ekki að bjóða börnum í uppeldisstofnunum.

Undir þetta taka margir matráðar í skólum. Meðal annars Guðfinna Guðmundsdóttir matráður í Engidalsskóla í Hafnarfirði. Að hennar mati á hollur og vandaður matur að vera partur af skólastarfi og hún bendir á að börnin þurfi að læra að borða slíkan mat.

Guðfinna og Sigurveig eru sammála um að ekki muni líða á löngu þar til matarmál grunnskólabarna verði tekin til gagngerrar skoðunar. Undir það sjónarmið er hér tekið. Niðurstaðan verður vonandi sú að sem flestum börnum muni standa til boða hollur og góður matur sem framreiddur er á einfaldan en lystugan hátt. Slíkur matur þarf nefnilega ekki að vera dýrari en sá forunni matur sem nú er boðinn svo víða.

Þótt ekki megi gleyma því að foreldrar bera höfuðábyrgð á því að ala upp og næra börn sín þá er það svo að matmálstími í skóla og leikskóla er hluti þess uppeldisstarfs sem þar fer fram. Þess verður að sjá stað bæði hvað varðar þann mat sem neytt er og einnig í umgjörðinni sem börnunum er boðin við að matast.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Samgöngubætur ársins

Þær eru sannarlega alls konar samgöngubæturnar sem menn ráðast í á Íslandi. Landeyjahöfn átti að gjörbylta samgöngum við Vestmannaeyjar til hins betra og breyta nokkurra klukkutíma siglingu með Herjólfi úr þrekraun í skottúr fyrir heimamenn sem ferðamenn. Allt gekk glimrandi vel í fyrstu, þúsundir sigldu milli lands og Eyja meðan rjómablíðunnar naut við í ágústmánuði en svo fór að hreyfa vind. Þá varð að hætta siglingum. Um leið spurðist að framburður úr jökulánum sem bjuggu til Landeyjarnar sé á góðri leið með að breyta Landeyjahöfn í Landeyjatorg. Og svo er farið að skorta nauðsynjavörur í Eyjum af því að skipið kemst hvorki lönd né strönd og flugvélarnar sem fljúga milli lands og Eyja eru orðnar svo litlar að þær anna ekki vöruflutningum að gagni.



### Eru ekki allir sáttir?

Undanfarna áratugi hafa ófáar nefndirnar glímt við það að ná sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið í landinu. Enn ein nefndin er að ljúka störfum þessa dagana. Hana setti núverandi ríkisstjórn á laggirnar undir forystu Guðbjarts Hannessonar. Nefnd Guðbjarts ætlar að leggja til samningaleið sem útgerðin sættir sig þokkalega við. Fyrstu viðbrögð benda til þess að ekki verði þjóðarsátt um niðurstöður þessarar nefndar frekar en hinna fyrri.



Strax í gær var fréttum af niðurstöðunni tekið með háværum kröfum um að málinu yrði tafarlaust skotið til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar sjávarútvegsmálin eru annars vegar á það við að því meira sem breytist því meir situr allt við það sama.

**peturg@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Sviðsljósi beint að læsi kvenna


Læsi



**Irina Bukova**

Ávarp aðalframkvæmdastjóra Unesco á Alþjóðadegi læsis


Læs kona getur breytt lífi sínu til hins betra á áhrifamikinn hátt.

Þegar áratugur er liðinn af 21. öldinni eru konur enn 2/3 þeirra 759 milljóna fullorðinna í heiminum sem eru ólæsir. Þetta er óþolandi staða sem undirstrikar mesta ranglæti okkar tíma: ójafnt aðgengi að menntun. Það er ekkert, hvorki menningarlegt, efnahagslegt né félagslegt, sem réttlætir að stúlkum og konum sé meinað að njóta menntunar. Þetta er grundvallarréttur og algjör forsenda þess að ná alþjóðlegum þróunarmarkmiðum.

Ólæsi heldur konum niðri og er meginorsök þess að illa gengur að draga úr sárri fátækt í tæknivæddum heimi þar sem lestur, skrift og reikningur eru nauðsynleg til að geta notið réttinda og tækifæra.

Vegna þessa beinir Alþjóðadagur læsis nú sviðsljósi að læsi kvenna. Að verða læs gefur konum sjálfstraust og vald yfir lífi sínu og framtíð. Það styrkir konur í að öðlast þekkingu til að taka upplýstar ákvarðanir og deila valdi heima fyrir og í samfélaginu. Yfirlýsingar frá konum sem nýlega hafa orðið læsar bera vitni um að þessi færni getur bætt líf þeirra. Sem fyrstu konu sem er kosin aðalframkvæmdastjóri UNESCO er mér mjög umhugað um að efla rétt stúlkna og kvenna, ekki síst með menntun. Jafnrétti kynjanna er eitt meginmarkmið okkar en engin varanleg þróun verður án þess.

Fjárfesting í læsi kvenna gefur góðan ávöxt: bætir lífsviðurværi, leiðir til betri heilsu barns og móður og styður aðgengi stúlkna að menntun. Í stuttu máli hefur þetta jákvæð áhrif á alla þróun.

Að þessu sinni er markmið Alþjóðadags læsis að vekja athygli á bráðri þörf á aðgerðum til að auka læsi stúlkna og kvenna. Læsisverðlaun UNESCO vekja athygli á hugkvæmum og hvetjandi verkefnum sem hafa afgerandi áhrif á einstaklinga og samfélög þeirra. Á síðasta áratug hefur jafnrétti til náms aukist í mörgum löndum. Sama gildir um læsi en of hægt gengur. Það þarf að taka betur á. Ég hvet allar ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkaaðila til að auka stuðning sinn við læsi. Ég er sannfærð um að jarðvegurinn er til staðar til að setja læsi kvenna á oddinn. Á liðnum mánuðum hefur okkur miðað í átt að auknu jafnrétti með stofnun UN Women.

Læsi ljáir konum rödd – innan fjölskyldunnar, í stjórnmálum og á alþjóðavettvangi. Það er fyrsta skrefið í átt að persónulegu frelsi og meiri hagsæld. Þegar konur verða læsar nýtur allt samfélagið þess.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Þróttmikil Norðurlönd – aflvana Ísland

EFNAHAGSMÁL

Þórður Friðjónsson
forstjóri NASDAQ OMX/ Iceland



Tímaritið Newsweek gerði nýlega úttekt á 100 löndum með það að markmiði að velja bestu hagkerfi í heimi (Newsweek, 23.-30. ágúst, 2010). Valið byggði á að finna þau lönd sem veittu bestu tækifærin til að lifa heilsusamlegu og öruggu lífi; nokkurs konar mælikvarði á lífsgæði og tækifæri einstaklingsins til að njóta þeirra. Þau tíu lönd sem röðuðu sér í efstu sætin fylgja hér með í töflu.

Þegar litið er yfir þennan lista tíu efstu landa fer ekki milli mála að Norðurlöndin skara fram úr. Finnland trónir á toppnum, Svíþjóð er í 3. sæti, Noregur í 6. sæti og Danmörk í 10. sæti. Vafalaust hefði Ísland skipað virðulegan sess meðal þessara þjóða, ef hrunið hefði ekki átt sér stað, enda hefur landið um langt árabil margoft verið ofarlega á svipuðum listum.

**Velferðarkerfi og markaðsbúskapur**

Íslenska hagkerfið ber öll megineinkenni norræna efnahagslíkansins. Hér á landi er oftast bent á velferðarkerfið og málaflokka sem tengjast því, að norrænni fyrirmynd. Sjaldnar er talað um að Norðurlöndin byggja í raun á tveimur stoðum, annars vegar á velferðarkerfinu og hins vegar á vel skipulögðum og öguðum markaðsbúskap sem er aflvélin sem knýr áfram velferðarkerfið.

Ísland virðist ekki komið eins langt í þessum efnum og umræddar frændþjóðir. Til marks um það eru mikil pólitísk afskipti sem tíðum leiða til sérlausna af ýmsu tagi – og jafnvel upptöku samninga sem gerðir hafa verið í góðri trú. Það er t.a.m ekki einleikið hversu mörg mál enda á borði ráðherra og festast þar í lengri eða skemmri tíma. Magma er nærtækt dæmi sem og Helguvíkurverkefnið. Þá er afskaplega óheppilegt hversu það hefur dregist að aflétta þeirri óvissu sem sjávarútvegurinn býr við vegna endurskoðunar kvótakerfisins.

Agaður markaðsbúskapur getur ekki grundvallast á sérlausnum sem ráðast af duttlungum ráðamanna á hverjum tíma heldur byggist hann á skýrum og stöðugum leikreglum. Þessi sjónarmið hafa ekki verið í hávegum höfð hér á landi, samanber nýja úttekt OECD meðal 48 landa á takmörkunum á erlendri fjárfestingu. Aðeins Kína telst búa við meiri takmarkanir en Ísland. Hin Norðurlöndin eru hins vegar öll meðal þeirra landa sem búa við minnstar takmarkanir að þessu leyti og ekki kemur á óvart að Finnland, á toppi lista Newsweek, er opnast Norðurlanda fyrir erlendri fjárfestingu.

**Almennar lausnir – virkjum markaðinn**

Orkugeirinn getur orðið aflvaki hagvaxtar á Íslandi á næstu árum, en þó ekki án aðkomu erlends fjármagns. Í Fréttablaðinu í sl. viku benti ég á fordæmi Norðurlandanna. Þau hafa sætt sjónarmið þeirra sem álíta að hið opinbera eigi að hafa tögl og hagldir við nýtingu auðlinda og hinna sem telja nauðsynlegt að sækjast eftir áhættufjármagni einkaaðila. Ákvörðun um að hafna alfarið þátttöku einkaaðila yrði í reynd ákvörðun um annaðhvort að skuldsetja að óþörfu fyrirtæki í eigu hins opinbera eða hægja verulega á uppbyggingu atvinnulífsins. Mjög er hvatt til þess að lífeyrissjóðir fjárfesti með peningum almennings í fyrirtækjum, semji um einstök verkefni beint við stjórnvöld og taki þátt í ýmsum verkefnum.Þetta er góðra gjalda vert, ef rétt er að málum staðið. Hins vegar telja sumir að almenningur kunni ekki fótum sínum forráð í í fjárfestingum í fyrirtækjum. Fyrst eigi einhverjir snillingar, stórfjárfestar, að fá fyrirtækin og umbreyta þeim – og síðar megi hleypa almenningi að þegar verðmæti fyrirtækjanna hefur aukist. Þessu er gjarnan haldið fram í nafni umhyggjusemi fyrir almenningi. Þetta eru vægast sagt vafasöm rök, ekki síst úr röðum þeirra sem fyrir eru að höndla með fjármuni almennings. Hagsmunum almennings er ekki best borgið með slíkri forræðishyggju. Þvert á móti er honum þannig neitað um hlutdeild í ágóðanum sem fylgir endurreisn efnahagslífsins. Ekki er síður alvarlegt að þessar úrtöluraddir hefta aðgang fyrirtækja að fjármagni og draga að óþörfu þróttinn úr starfsemi þeirra.

Hverfa þarf sem fyrst af þessari braut sérlausna og pólitískra afskipta. Það er alveg ljóst að núverandi skipulag og vinnulag mun ekki færa okkur bætt lífskjör og stöðu meðal þeirra þjóða sem standa sig best á sviði efnahagsmála. Við þurfum því sem fyrst að virkja markaðinn með svipuðum hætti og hin Norðurlöndin hafa gert með góðum árangri og reka hér á landi öflugan markaðsbúskap eins og þar er gert. Bestu hagkerfi í heimi verða ekki byggð á sérlausnum heldur markaðslausnum.

**Bestu hagkerfi í heimi**

Samkvæmt Newsweek

| | |
|---|---|
| 1. | Finnland |
| 2. | Sviss |
| 3. | Svíþjóð |
| 4. | Ástralía |
| 5. | Lúxemborg |
| 6. | Noregur |
| 7. | Kanada |
| 8. | Holland |
| 9. | Japan |
| 10. | Danmörk |

> Þegar litið er yfir þennan lista tíu efstu landa fer ekki milli mála að Norðurlöndin skara fram úr. Finnland trónir á toppnum, Svíþjóð er í 3. sæti, Noregur í 6. sæti og Danmörk í 10. sæti.

## Að brúka bekki

Sjúkraþjálfun

Unnur Pétursdóttir
sjúkraþjálfari M.Sc.



Félag íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSÞ) er 70 ára í ár. Í tilefni þess mun FÍSÞ setja upp vinnustöðvar sjúkraþjálfara í Kringlunni laugardaginn 11. september frá kl. 12–15. Þar verður í boði líkamsstöðugreining, blóðþrýstingsmæling, jafnvægismat, vinnuverndarstöð og fleira. Vegna afmælisársins hafa sjúkraþjálfarar að auki farið af stað með samfélagsverkefni til að hvetja almenning til aukinnar hreyfingar. Eitt þeirra er verkefnið „Að brúka bekki“, framkvæmt í samvinnu við Félög eldri borgara.

Hugmyndin gengur út á að kortleggja stuttar gönguleiðir, sem henta þeim sem lakir eru til gangs, gjarnan í námunda við fjölbýlishús eldri borgara. Þessar leiðir eru þannig hannaðar að ekki eru meira en 200-300 m á milli bekkja, sem er forsenda þess að margir treysti sér til að ganga úti. Í dag, 8. september, á alþjóðlegum degi sjúkraþjálfunar, verða fyrstu tvær leiðirnar teknar í notkun. Þær liggja út frá Víðilundi og Lindarsíðu á Akureyri. Báðar eru um 1 km langar og eru 5 bekkir meðfram hvorri leið. Leiðirnar munu fá sérstaka athygli þegar kemur að snjóruðningi, hálkuvörnum og lýsingu. Fyrirtækjum bæjarins og framkvæmdaráði Akureyrar eru færðar bestu þakkir fyrir stuðning við verkefnið. Sjúkraþjálfarar vona að íbúar notfæri sér bekkina óspart og láti takmarkaða göngugetu ekki hindra sig í að drífa sig út. Það er stutt í næsta bekk!



arionbanki.is/eignastyring
Arion banki

# Víxlarekkinn í Alþingishúsinu

Stjórnmál

Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi alþingismaður



Svo háttaði til árum saman að við innganginn í sal neðri deildar Alþingis stóð rekki úr harðviði. Í honum var að finna það, sem taldist til nauðsynja í störfum alþingismanna. Dagblöðin, umslög og bréfsefni, risspappír, blýantar og byropennar – og víxileyðublöð allra bankastofnana í landinu og stærstu sparisjóða. Hvaða erindi áttu víxileyðublöðin þarna? Jú, þá voru forréttindi að fá lán hjá banka. Fyrirtækjahópar í góðum tengslum við helmingaskiptaflokkana höfðu forgang. Almenningur átti á brattann að sækja. Árangursríkast var að leita á náðir stjórnmálamanna. Biðja þá að tala við bankann. Þess vegna víxileyðiblöðin í rekkanum. Hjá þeim, sem mestir þóttu fyrirgreiðslustjórnmálamenn, stóðu víxileyðublöð upp úr jakkavösunum.

Af hverju var þetta svona? Vegna þess, að enginn vildi eiga fé í banka. Þess vegna þurfti að skammta aðganginn. Sparnaður varð nánast enginn nema lögþvingaður. Skylduframlag í lífeyrissjóði. Skyldusparnaður hja ungu fólki. Til þess að komast að þeim lögþvingaða sparnaði greip ungt fólk oft til þess ráðs að ganga í gervihjónabönd. Þá náði unga fólkið fjármunum sínum út.

Hvers vegna vildi fólk ekki eiga peninga í banka? Vegna þess að verðgildi peninganna brann upp. Sparnaðurinn, sem gamla fólkið ætlaði síðustu æviárum brann upp. Skírnargjafirnar sem góðhjartaðar ömmur gáfu ömmubörnum sínum til ávöxtunar urðu að engu. Fyrir lambsverð gefið í skírnargjöf lagt inn á reikning í sparisjóðnum var hægt að kaupa eina kótelettu við fermingu. Ef fólk eignaðist peninga var þeim betur varið til allra annara hluta en að “ávaxta” þá í banka.

Af hverju þetta ástand? Vegna þess, að ávöxtun var langt undir verðbólgustigi. Ef þú lagðir peninga í bankann þá tapaðir þú. Ef þú fékkst lán í banka, þá hagnaðist þú. Mest varð tapið – og mestur hagnaðurinn - þegar gengi krónunnar var fellt. Þá græddu þeir mest, sem voru í náðinni hjá bönkunum. Þá töpuði þeir líka mestu, sem lagt höfðu fé sitt inn á innlánsreikninga.

> Vilji menn afnema verðtryggingu er það best gert með því að koma í veg fyrir þær miklu sveiflur í íslensku efnahagslífi sem einkennt hafa samfélagið um margra áratuga skeið.

Í fjölmiðlum er nú oft rætt um Vilmund Gylfason. Meðal hans helstu baráttumála var að berjast gegn þeirri óhæfu, sem hér er líst. Ég tel það meðal mestu sigra okkar kynslwóðar í Alþýðuflokknum og meðal merkustu verka Ólafs heitins Jóhannessonar, formanns Framsóknarflokksins að afnema þetta ástand. Að sjá til þess að óhætt væri að trúa innlánsstofnunum fyrir sparifé.

Þá hvarf líka andi hins gamla Íslands eins og dögg fyrir sólu. Fyrirtækjahópar í náðinni græddu ekki lengur á að hafa forgang að lánsfé. Því voru þau orðin svo vön að þau kunnu ekki annað – og þau eru ekki lengur til. Fólk taldi óhætt að leggja sparifé sitt inn í banka. Frjáls sparnaður óx. Lögþvingaði skyldusparnaðurinn hjá unga fólkinu hvarf. Lífeyrissjóðirnir sáu allt í einu fram á að geta staðið við skuldbindingar. Og víxileyðublöðin hurfu úr rekkanum í Alþingishúsinu. Almenningur þurfti ekki lengur að leita á náðir stjórnmálamanna til þess að fá lán.

Svo kom hrunið. Afleiðingar skefjalausrar frjálshyggju og skorts á eftirliti af hálfu opinberra aðila. Þá var fjármálakerfinu stefnt í hættu. Þá virtist ekki lengur óhætt að trúa innlánsstofnunum fyrir sparifé. Komið var í veg fyrir hrun fjármálakerfisins. Fyrir það á þjóðin Gylfa Magnússyni, efnahags- og viðskiptaráðherra að þakka. Nú er aftur orðið óhætt að trúa bönkum fyrir fé.

En þá virðist að ný alda sé að rísa. Menn vilji sjá „gamla Ísland“ aftur. Þegar fólk, sem heimskaðist til þess að ávaxta fé sitt í banka, uppskar tryggingu fyrir tapi. Þegar aftur yrði takmarkað aðgengi að lánsfé. Þegar aftur þyrfti að innleiða skyldusparnað ungs fólks. Þegar gamla fólkið færi aftur að tapa ellilífeyri sínum. Þegar lambsverð við skírn væri orðið að kótelettu við fermingu. Þegar víxileyðublöðin kæmu aftur í rekkann í Alþingishúsinu.

Umræðan á Íslandi þessa dagana er ekki á skynsömum nótum. Vissulega er sú ábending sönn og rétt, að fjöldi landsmanna á í erfiðleikum vegna skulda. Sumum er efalaust hægt að hjálpa. Öðrum ekki. Það sem ekki er skynsamlegt í umræðunni er sú tillaga að hverfa aftur til þess tíma, sem líst var hér í upphafi. Við, sem þá tíma munum, viljum ekki sjá þá aftur. Hvers vegna ekki? Vegna þess að verði það umhverfi aftur innleitt þá eru það ekki bankarnir sem tapa heldur þeir Íslendingar, sem afhenda bönkunum sparifé sitt til þess að þeir geti lánað þeim Íslendingum, sem á þurfa að halda. Jón og Gunna þurfa ekki að halda að þá bjóðist þeim lán, sem ekki þurfi að borga til baka í sömu verðmætum. Aðrir munu hafa forgang að takmörkuðu lánsfé eins og aðrir en Jón og Gunna höfðu aðgang að takörkuðu lánsfé hins “gamla Íslands”

Vel má vera að með því að innleiða þetta gamla Íslands umhverfi upp á nýtt megi bjarga einhverjum. En að velja það björgunarúrræði umfram önnur þýðir að Ísland verður lagt í rúst – þá rúst sem rústabjörgunarsveitin hans Ólafs Jóhannessonar og samstarfsmanna hans úr Framsóknarflokki, Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi bjargaði þjóðinni úr á sínum tíma.

Vilji menn afnema verðtryggingu er það best gert með því að koma í veg fyrir þær miklu sveiflur í íslensku efnahagslífi sem einkennt hafa samfélagið um margra áratuga skeið. Lykilþáttur í því er að tryggja þjóðinni stöðugan gjaldmiðil. Sé það ekki hægt með íslensku krónunni – sjálfstæðri mynt á minnsta myntsvæði heims – þá verður þjóðin af fá annan og betri gjaldmiðil. Svo einfalt er það.

Kíktu á Námuna á Facebook

# Aukakrónur fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

**Það er leikur að læra með Námunni.**



Bryndís Ósk Þ. Ingólfsdóttir, Námufélagi og nemi í kvikmyndafræði

Lausn: Kvikmyndatjald

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM43369 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

*Gildir í Laugarásbíói, Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói mán.-fim. sé greitt með Námukorti

# Réttlæti réttarríkisins

Dómsmál

Snorri Páll Úlfhildarson
listamaður og einn hinna ákærðu níumenninga



Mál ríkisins gegn nímenningunum heldur áfram í dag og mun Ragnar Aðalsteinsson, verjandi fjögurra okkar, færa rök fyrir vanhæfni setts saksóknara, Láru V. Júlíusdóttur, vegna náinna tengsla hennar við brotaþolann Alþingi. Það er óþarfi að fara nánar út í sjálfar ákærurnar og gagnrýnina á þær, sem vaxið hefur fiskur um hrygg síðustu mánuðina. Þau vita sem vilja.

Í síðustu fyrirtöku – þar sem Ragnar færði rök fyrir hlutdrægni dómarans Péturs Guðgeirssonar og krafðist þess að hann viki sæti – áttu fáein orðaskipti sér stað á milli Ragnars og Láru. Lára þvertók fyrir orð Ragnars um að lögreglan stjórni réttarhöldunum og sagði hana vera í dómshúsinu til þess að standa vörð um réttlætið rétt eins og saksóknari, dómari og verjendur.

Mörgum er hugtakið réttlæti hugstætt. Ristjórar Morgun- og Fréttablaðsins skrifuðu til að mynda miklar varnarræður í kjölfar þess að nokkrir bankamenn voru handteknir snemma í sumar. Þeir Davíð Oddson, Haraldur Johannessen og Ólafur Þ. Stephensen sögðust treysta því að ef reglum réttarríkisins sé fylgt til hins ýtrasta muni réttarríkið á endanum virka. Stuttu seinna fullyrti hæstaréttarlögmaðurinn Heimir Örn Herbertsson að réttarríkið verndaði bæði sakborninga og brotaþola. Grunnur þess sé að fólk sé saklaust uns sekt sé sönnuð.

Heldur hefur þó verið annar tónninn í greinum sömu manna um nímenningamálið. Davíð og Haraldur hafa m.a. gefið til kynna að almenningi stafi hætta af okkur og stuðningumönnum okkar. Með sama hætti leikur Ólafur sér að því að snúa út úr málefnalegri gagnrýni. Hvorugt blaðið hefur tekið afstöðu til gagnrýni sem byggir fyrst og fremst á meintum sönnunargögnum lögreglunnar. Ritstjórarnir eru úr fjölmennum hópi fólks sem annars vegar lofsamar meint réttlæti og göfuglyndi réttarríkisins og hikar ekki við að halda uppi eilífum vörnum fyrir þá örfáu gosa valda- og efnahagselítunnar sem hljóta réttarstöðu sakborninga, en hika ekki við að innprenta hugmyndina um sekt okkar og dæma okkur fyrirfram.

Það er aldeilis göfugt og réttlátt réttarríki sem býður upp á að fólk hljóti árslanga fangelsisvist og sviptingu mannréttinda – eins og dæmt var í máli þeirra sem mótmæltu inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið árið 1949 – á sama tíma og hið sama ríki tekur með beinum eða óbeinum hætti þátt í fjöldamorðum um allan heim. Réttarríki sem býður upp á möguleikann á lífstíðarfangelsisvist einstaklinga, sem eftir einangrunarvist og pyntingar lögreglunnar – að skipun þýsks rannsóknarlögreglumanns á eftirlaunum – játa að hafa framið morð sem þeir frömdu ekki. Réttarríki sem byggir á þeirri hugmynd að Alþingi sé friðheilagt og hvergi megi raska friði þess. Slík hugmynd glæpgerir í raun allt andóf gegn þinginu og þeirri tragikómedíu sem alla jafna á sér stað innan þess. Slík hugmynd felur í sér það innbyggða máttleysi almennings sem ríkið stendur og fellur með: Að almenningur geti engin önnur áhrif haft á samfélag sitt en með krossi á blað, fjórða hvert ár. Undantekningum frá því beri að refsa.

Og það er kjarni málsins gegn okkur níu. Við erum valin úr þrjátíu manna hópi, sökuð um árás á Alþingi og sögð leiðtogar árásarinnar. Að sama skapi erum við valin úr hópi þúsunda sem brutu friðhelgi Alþingis veturinn 2008 til 2009 með ýmsum hætti. Meira en 700 þeirra lýstu yfir samsekt með okkur en eru hunsuð. Öllu því sem ráðandi öflum þótti ljótt og óþægilegt við uppreisn þess vetrar hefur verið klínt á okkur sem erum talin veikburða skotmörk og henta vel til að fylla upp í ímynd ógnarinnar. Þeirri ímynd er svo viðhaldið með skólabókardæmi um hvernig fjórða valdið smellur eins og flís við rass hinna þriggja.

Allt er þetta gert með refsingu að markmiði – refsingu sem á að halda andófi gegn ríkinu í lágmarki. Það er réttlæti réttarríkisins í hnotskurn. Árin 2001 til 2003 starfaði Lára V. Júlíusdóttir við rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar. Henni væri nær að halda því starfi áfram og einblína í nú á þá sem urðu fyrir barðinu á ofbeldi ríkisins og var neitað um endurupptöku málsins. Það er göfugra starf en það sem hún sinnir nú: Að keyra í gegn þetta pólitíska Geirfinnsmál sem ofsóknir ríkisins á hendur okkur nímenningunum raunverulega eru.

# ÍSLENSK GÆÐARÚM

**Framleiðum rúm í öllum stærðum!**

# 30% AFSLÁTTUR

## HAUSTÚTSALA

**VIÐ FRAMLENGJUM ÚTSÖLUNA VEGNA HAGSTÆÐS GENGIS!**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

**Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?**
**Vaknarðu oft með verki í mjöðm?**
**Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?**
**Sefurðu illa vegna annara óþæginda?**

- **hryggskekkju**
- **brjósklos**
- **samföllnum hryggjaliðum**
- **spengdum hryggjaliðum**
- **gigt, til dæmis:**
  **slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.**

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



## 30% AFSLÁTTUR
**AF ÍSLENSKUM HEILSURÚMUM**

**VERÐDÆMI:**

Íslensk rúm:
90 x 200 cm - Verð frá kr. 58.000,-
160 x 200 cm (2 dýnur) - Verð frá kr. 139.226,-

Dýnur:
80 x 200 cm - Verð frá kr. 39.473,-





## ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

**EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.**

**Ethanol uppkveikilögur 2L. Kr. 1.600,-**



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÓSKUM

**Rúmgott framleiðir svæðaskiptar hágæða heilsudýnur í öllum stærðum.**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LENI RIEFENSTAHL,** þýskur kvikmyndaleikstjóri, lést þennan dag árið 2003 þá 101 árs að aldri.

*„Raunveruleikinn vekur ekki áhuga minn.“*



*Ástkær eiginkona mín, elskuleg móðir, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

## Unnur Ingunn Steinþórsdóttir

Krossholti 6, Keflavík,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi mánudaginn 6. september, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 16. september kl. 13.00.

**Jón William Magnússon**

| | |
|---|---|
| **Magnús Jónsson** | **Ella Björk Björnsdóttir** |
| **Steinþór Jónsson** | **Hildur Sigurðardóttir** |
| **Guðlaug Helga Jónsdóttir** | **Guttormur Guttormsson** |
| **Davíð Jónsson** | **Eva Dögg Sigurðardóttir** |
| **Lára Steinþórsdóttir** | **Bragi Magnússon** |

**og barnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Ingvi Einar Guðmundsson

húsasmíðameistari,
Berjavöllum 6, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 4. september sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Halldóra Guðmunda Jafetsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Sigríður Guðný Ingvadóttir** | **David L. Walters** |
| **Einar Ingvason** | **Guðríður Sigurðardóttir** |
| **Jafet Egill Ingvason** | **Hrönn Pétursdóttir** |
| **Baldur Ingvason** | |
| **Inga Dóra Ingvadóttir** | **Gunnar Þór Halldórsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

## Merkisatburðir

**1636** Elsti háskóli Bandaríkjanna, New College, síðar þekktur sem Harvard-háskóli, er stofnaður.

**1908** Peter Adler Alberti Íslandsráðherra játar á sig fjársvik og skjalafals.

**1921** Goðafoss, annað skip Eimskipafélags Íslands með þessu nafni, kemur til Íslands í fyrsta sinn

**1931** Tóbakseinkasölu er aftur komið á á Íslandi.

**1931** Staðfest eru lög um notkun bifreiða. Hámarkshraði var hækkaður úr 18 í 25 kílómetra á klukkustund í þéttbýli og 40 kílómetra á klukkustund utan þéttbýlis.

**1987** Fimmtíu króna mynt með mynd af bogakrabba er sett í umferð.



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

## Magnús Sigurjónsson,

Hvammi, Vestur-Eyjafjöllum,

sem andaðist að dvalarheimilinu Lundi 1. september sl., verður jarðsunginn frá Ásólfsskálakirkju laugardaginn 11. september nk. kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Einar Magnússon** | **Sigurlína María Gísladóttir** |
| **Tryggvi Þór Magnússon** | **Marta Ormsdóttir** |
| **Sigríður Magnúsdóttir** | **Ásgeir Kristjánsson** |
| **Anna Magnúsdóttir** | |
| **Sigurjón Magnússon** | **Guðrún Karlsdóttir** |
| **Hugi Magnússon** | **Birna Gunnarsdóttir** |

**barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýnt hafa okkur einstakan hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

## Jóns Stefánssonar

Hvassaleiti 25, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks B4 Landspítalans Fossvogi fyrir góða umönnun og alúð í veikindum hans.

**Steinunn D. Sveinsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Laufey Jónsdóttir** | **Birgir Árnason** |
| **Ingileif Jónsdóttir** | **Rudiger Seidenfaden** |
| **Sveinn Jónsson** | |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**FYRSTU LÖGIN** Hörður Torfason flytur lög af fyrstu hljómplötu sinni annað kvöld í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fjörutíu ár frá fyrstu plötunni

Fjörutíu ár eru síðan tónlistarmaðurinn Hörður Torfason hljóðritaði sína fyrstu hljómplötu, Hörður Torfason syngur eigin lög.

Í tilefni þess verður öll platan flutt á árlegum tónleikum Harðar í sal Borgarleikhússins annað kvöld klukkan 19.30. Þetta er jafnframt í þrítugasta og fjórða sinn sem Hörður heldur tónleika. Að þessu sinni koma auk hans fram Kristjana Stefánsdóttir söngkona, Matthías Stefánsson leikur á gítar, fiðlu og mandólín, Hjörtur Howser leikur á hljómborð og Róbert Þórhallsson á bassa. Ég leitaði blárra blóma, Þú ert sjálfur Guðjón og Tryggð eru allt söngvar á þessari fyrstu plötu Harðar og munu hljóma í Borgarleikhúsinu á morgun. Á tónleikunum verða einnig fluttir nýir og eldri söngvar en á ferli sínum hefur Hörður gefið út alls 22 plötur. **- rat**



*Elsku drengurinn okkar,*

## Guðmundur Þór Sigurðsson

Smárarima 75

lést mánudaginn 6. september 2010. Jarðarförin verður gerð frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 14. september kl. 14.00.

**Halldóra Kristín Halldórsdóttir**
**Sigurður Brynjar Guðmundsson**

| | |
|---|---|
| **Jón Valdimar Sigurðsson** | **Þorbjörg Birgisdótir** |
| **Halldór Brynjar Sigurðsson** | **Thelma Björk Bogadóttir** |
| **Kristinn Freyr Sigurðsson** | **Kristín Eva Ólafsdóttir** |
| **Unnur Jónsdóttir** | **Halldór H. R. Friðjónsson** |

**Arnar Freyr, Alexander Þór, Kristín Björk og frændsystkini.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

## Sigurður Ólafsson

slökkviliðsmaður,
Skipalóni 26, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 4. september. Jarðarförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 14. september kl. 13.00.

**Ingunn Elísabet Viktorsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Viktor Rúnar Sigurðsson** | **Ásthildur Elín Guðmundsdóttir** |
| **Kristín Sigurðardóttir** | **Sæmundur Bjarnason** |
| **Guðrún Lísa Sigurðardóttir** | **Viðar Utley** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskuleg dóttir, systir, mágkona, frænka og vinur,*

## Hrefna Fönn G. Blöndal

Vestursíðu 2a, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 9. september, kl. 13.30.

**Guðmundur L. Blöndal og fjölskylda.**



*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

## Guðrún Ingvarsdóttir

Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

andaðist á St. Jósefsspítala, Hafnarfirði miðvikudaginn 1. september. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 10. september kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Ingvar Viktorsson** | **Birna Blomsterberg** |
| **Guðmunda Inga Viktorsdóttir** | |
| **Ingunn Elísabet Viktorsdóttir** | |
| **Matthías Viktorsson** | **Inga H. Andreassen** |
| **Þorvaldur Jón Viktorsson** | **Magnhildur Gísladóttir** |
| **Gunnar Viktorsson** | **Harpa Hrönn Sigurðardóttir** |

**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Elskuleg móðir okkar,*

## Guðrún Veturliðadóttir

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hraunbúðum í Vestmannaeyjum þann 31. ágúst.
Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 10. september klukkan 14.00.

**Sólveig Guðnadóttir**
**Veturliði Guðnason**
**Guðni Marinó Guðnason**
**Bjarnfríður Andrea Guðnadóttir**
**tengdabörn, börn og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

## Þórunn Gestsdóttir

lést sunnudaginn 5. september að Droplaugarstöðum. Jarðarför auglýst síðar.

**Elíza Guðmundsdóttir**
**Ari Guðmundsson**
**Gestur Ben Guðmundsson**
**Ingi Þór Guðmundsson**
**Hjördís Guðmundsdóttir**
**tengdabörn og barnabörn.**


MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is
ROLEX
ROLEX.COM



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Þarf prentun?
Vistvæna prentun?
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 8. september 2010 – 9. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 Vísir


**Ný ferðaskrifstofa**

Kreppa hefur minni áhrif á ferðir stúdenta

2



**Skilanefndirnar**

Eru þær ríki í ríkinu?

4-5



**Japanskur prófessor**

Vill landið úr höndum hagsmunahópa



6

## Átta milljarða hagnaður í ár

Íslandsbanki hagnaðist um 8,3 milljarða króna á fyrri hluta þessa árs samkvæmt uppgjöri bankans. Hreinar vaxtatekjur voru 20,3 milljarðar og þóknanatekjur námu 3,3 milljörðum. Heildareign Íslandsbanka var 700 milljarðar og af því eru 100 milljarðar eigið fé bankans.

Birna Einarsdóttir bankastjóri segir Íslandsbanka geta komið í auknum mæli að fjármögnun atvinnulífsins. Úttekt sýni að ef öll lán í erlendri mynt yrðu dæmd ólögleg gæti höggið orðið mikið en að eiginfjárhlutfall yrði þó yfir 12 prósentum og þar með vel yfir lögbundnu lágmarki. Sú niðurstaða myndi þó skerða verulega möguleika bankans til að þjónusta heimili og fyrirtæki. *- gar*

## Gulleggið að klekjast út

Stoðtækjaframleiðandinn Össur er gullegg sem er í þann mund að klekjast út samkvæmt úttekt danska viðskiptablaðsins Börsen.

Fram kemur að Össur hafi hrist af sér kreppuna á Íslandi eftir árangursríkt ár sem skráð félag í kauphöllinni í Kaupmannahöfn. Fjárhagsstaða Össurar sé mjög sterk og nú standi félagið á tímamótum sem gæti gert stöðuna enn betri. Á því ári sem liðið er frá skráningunni í Kaupmannahöfn hafa hlutir í Össuri hækkað um 80 prósent. *- fri*

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Áfram við núllið** Seðlabanki Japans hefur ákveðið að halda stýrivöxtum áfram við núllið, eða í 0,1 prósenti. Vextirnir hafa ekki breyst síðan í desember 2008. Með þessu er ákveðið að bregðast ekki við, þótt jenið sé óþægilega sterkt og tefji að efnahagslífið nái sér aftur á strik.



**Obama vill skattaafslátt** Barack Obama Bandaríkjaforseti hvetur Bandaríkjaþing til að samþykkja lög um að fyrirtæki fái verulegan afslátt á sköttum ef þau afskrifa allar fjárfestingar sínar. Obama vonar að þetta verði til þess að koma efnahagslífinu af stað.

**Björguðust fyrir horn** Fasteigna- og hótelfyrirtækið Dubai Holding hefur fengið nærri tveggja mánaða frest til að greiða 555 milljóna dala lán meðan furstadæmið í Dúbaí reynir að vinna sig út úr skuldavanda. Fyrirtækið er í ríkiseigu og skuldir vegna gríðarmikilla bygginga og fjárfestinga á vegum þess vega þyngst í skuldabagga ríkisins.



# Lánin öll kosta sextán milljarða króna

## Helmingur lána frá AGS og Norðurlöndunum hefur skilað sér og þriðjungur láns frá Póllandi. Færeyjalánið er fullnýtt.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Seðlabankinn áætlar að vaxtakostnaður við lánin sem tekin voru í tengslum við efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins nemi 104 milljónum evra, jafnvirði sextán milljarða króna, á ári verði þau öll nýtt. Lánin mynda gjaldeyrisforða Seðlabankans.



MÁR GUÐMUNDSSON

Áætlaður vaxtakostnaður af þeim lánum sem þegar hefur verið dregið á nemur 41 milljón evra, jafnvirði átta milljarða króna. Það jafngildir 0,5 prósentum af vergri landsframleiðslu. Þetta kemur fram í svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins á síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans.

Helmingur lána frá AGS og Norðurlöndunum hefur nú skilað sér og þriðjungur láns frá Póllandi. Allt lán Færeyinga hefur verið nýtt.

**KOSTNAÐUR VEGNA LÁNA STJÓRNVALDA**

| | Upphæð (í millj.) | Mynt | Vextir | Kostnaður í millj. evra |
|---|---|---|---|---|
| **Miðað við núverandi ádrátt** | | | | |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn | 770 | SDR | 2,3% | 21 |
| Norðurlöndin | 887 | EUR | 3,3% | 29 |
| Pólland | 210 | PLN | 2,0% | 1 |
| Færeyjar | 300 | DKK | 1,0% | 0,4 |
| Samtals | | | | 51 milljónir evra |
| Í ísl. krónum | | | | 8,0 milljarðar |
| **Miðað við fullan ádrátt** | | | | |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn | 1.400 | SDR | 2,6% | 43 |
| Norðurlöndin | 1.775 | EUR | 3,3% | 58 |
| Pólland | 630 | PLN | 2,0% | 3 |
| Færeyjar | 300 | DKK | 1,0% | 0,4 |
| Samtals | | | | 104 milljónir evra |
| Í ísl. krónum | | | | 16,0 milljarðar |

**Heimild: Seðlabanki Íslands**

Í svari Seðlabankans kemur fram að gjaldeyrisvaraforðinn gegni mikilvægu hlutverki. Hann þurfi að vera nægur til að tryggja greiðslugetu ríkissjóðs, stuðla að stöðugleika á gjaldeyrismarkaði auk þess sem öflugur forði geti lækkað áhættuálag á vexti sem innlendum fyrirtækjum bjóðast erlendis.

Þá bendir bankinn á að forðinn hafi nýst til kaupa á útistandandi skuldum ríkissjóðs á hagstæðum kjörum og í raun lækkað lánsfjárkostnað ríkissjóðs.


Alla daga, allt árið

Þekking okkar og reynsla nýtist viðskiptavinum okkar á hverjum degi, allan sólarhringinn.

**Borgun býður m.a.:**

- Eitt uppgjör, allt á einum stað
- Allar gerðir posa á hagstæðum kjörum
- Öruggar lausnir fyrir vefverslanir
- Skilvirka leið við innheimtu boðgreiðslna
- Notendavæna þjónustuvefi

Hafðu samband í 560 1600 eða fyrirtaeki@borgun.is og kynntu þér málið.




BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is



# Duke Nukem Forever loksins á leiðinni

Þriðji tölvuleikurinn í Duke Nukem-seríunni, Duke Nukem Forever, kemur á markað á næsta ári. Aðdáendur tölvuleikjarins hafa þurft að bíða í þrettán ár eftir þessari nýju útgáfu. Sýnishorn af leiknum má sjá á netinu.



Fyrsti Duke Nukem-leikurinn kom út árið 1991 og fylgdi þrívíddarútgáfa í kjölfarið fimm árum síðar. Tæknin þótti framúrskarandi þá og átti að gera enn betur með þriðju útgáfunni árið 1998.

Litlu munaði að Duke Nukem Forever liti aldrei dagsins ljós þegar framleiðandinn, 3D Realms, fór á hliðina í fyrra. Fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins tryggði sér útgáfuréttinn í kjölfarið og mun ábyrgur fyrir því að uppfylla væntingar þeirra leikjaunnenda sem muna eftir upphringimótöldum. - jab

# ESB mundar pennann

Viðræður standa nú yfir um leigu sendinefndar Evrópusambandsins (ESB) hér á landi á húsnæði í miðborg Reykjavíkur. Stefnt mun að því að skrifa undir leigusamning í vikulokin og áætlar nefndin að opna upplýsingaskrifstofu fyrir gesti og gangandi sem vilja fræðast um ESB í nýju húsnæði á næsta ári.

Sendinefnd ESB var sett á laggirnar í desember í fyrra eftir að stjórnvöld lögðu fram umsókn um aðildarviðræður við ESB og tók hún til starfa í byrjun árs. Nefndin er fulltrúi ESB gagnvart stjórnvöldum hér og miðlar upplýsingum til höfuðstöðva ESB í Brussel um afstöðu og hagsmuni Íslands í málum sem snerta samstarf Íslands og ESB.

Hjá sendinefnd ESB eru ellefu starfsmenn og er Timo Summa, sendiherra ESB hér á landi. Skrifstofur nefndarinnar hafa frá upphafi verið í bráðabirgðahúsnæði á hótelinu Radison 1919 í miðborg Reykjavíkur.

Nefndin hefur frá upphafi viljað vera í miðborginni nálægt stjórnsýslubyggingum og á jarðhæð til að auðvelda aðgengi áhugasamra um ESB. - jab



**MIÐBORGIN** Sendinefnd ESB mun opna skrifstofu í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 3,10% A | 12,85% | 12,50% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 4,05% | 13,00% | 13,00% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 3,90% B | 13,50% | 13,50% |
| MP BANKI | MP-1 4,30% C | 13,00% | 11,50 til 13,00% |
| BYR | PM-reikningur 4,35% | 13,95% | 13,35 til 14,70% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 4,60% D | 13,65% | 13,85% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 3,70% | 11,60% | Ekki í boði. |

*Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. A Bundinn í tíu daga. B Bundinn í sjö daga. C Bundinn í einn mánuð. D Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%
Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Skattaskýrsla fæðist

„Við erum að leggja lokahönd á áfangaskýrsluna. Hún verður afhent ráðherra í vikunni,“ segir Maríanna Jónasdóttir, fulltrúi Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og formaður starfshóps á vegum fjármálaráðuneytis, sem leggja á fram heildstæðar tillögur að breytingum á skattkerfinu.



**MARÍANNA JÓNASDÓTTIR**

Starfshópurinn var settur á laggirnar seint í apríl og átti að skila fyrstu áfangaskýrslu 15. júlí. Erfiðlega gekk að setja saman samráðsnefnd hagsmunaaðila sem vinnur með hópnum og var skilafrestur því framlengdur til 31. ágúst.

Maríanna segir samvinnuna hafa skilað miklu og hefur ekki áhyggjur af töfum enda hafi ríkisstjórnin haft öðrum hnöppum að hneppa upp á síðkastið. Lokatillögum á að skila fyrir áramót. - jab

# Kilroy mætir aftur

## Kilroy Travel snýr aftur á íslenskan ferðamarkað. Áhrif kreppunnar eru minni í stúdentaferðum, segir forstjórinn.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Norræna ferðaskrifstofan Kilroy Travel hefur í vikunni innreið sína á ný á íslenskan ferðamarkað. Á morgun verður nýr vefur og þjónusta fyrirtækisins kynnt á veitingastaðnum Faktorý.

Starfsemi Kilroy Travels er umtalsverð utan Íslands, mest í Danmörku, Noregi, Finnlandi og í Hollandi. „Og þótt við höfum áður selt hér flugmiða í mörg ár, þá höfum við aldrei sinnt íslenska markaðnum á þann hátt sem við ætlum núna að gera, með vefnum kilroy.is og framboði á margvíslegri þjónustu,“ segir Claus Hejlesen, forstjóri Kilroy Travel.



**CLAUS HEJLESEN** Forstjóri Kilroy Travel, fundaði í Reykjavík með stjórn fyrirtækisins fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hejlesen var staddur hér á landi í síðustu viku vegna stjórnarfundar í fyrirtækinu sem haldinn var hér á landi í fyrsta sinn. „Venjulega hittist stjórnin í Kaupmannahöfn,“ segir hann.

Claus Hejlesen áréttar að þótt fyrirtækið sérhæfi sig í þjónustu við námsmenn og ungt fólk þá kunni sveigjanleiki og nálgun í skipulagningu ferða hjá Kilroy að henta mörgum. „Kannski ekki þeim sem ætla að dvelja á fimm stjörnu hóteli, en ef einhver vill enda bakpokaferðalag um Asíu á slíkri slökun, þá ættum við að geta hjálpað,“ segir hann.

Stúdentaferðir voru í eina tíð aðalþjónusta Kilroy, en nú hefur verið bætt við hana öðrum hlutum. Félagið veitir til dæmis víðtæka námsráðgjöf og ráðleggur þeim sem hyggja á nám fjarri heimahögum um þá kosti sem í stöðunni eru, mögulega styrki, atvinnumöguleika að loknu námi og fleiri hluti.

Einhverjum kann að þykja bratt af erlendri ferðaskrifstofu að hefja rekstur á Íslandi í miðri kreppu, en Hejlesen kveður svo ekki vera. „Kreppan hefur ekki jafnmikil áhrif á starfsemi okkar og aðrar ferðaskrifstofur,“ segir hann. Sérhæfing starfseminnar og sú staðreynd að háskólanemar hætta ekki að ferðast þótt að kreppi í hagkerfinu segir hann gera að verkum að fyrirtækið finni minna fyrir sveiflunum en aðrir. „Við græðum ekki jafnmikið á uppsveiflunni, en töpum heldur ekki jafnmiklu þegar þrengir að.“

Þá segir forstjóri Kilroy að sökum staðsetningar sinnar njóti Ísland nokkurrar sérstöðu þegar kemur að ferðum ungs fólks. „Þótt íbúatalan sé ekki há þá gerir tíðni ferðalaga og fjöldi þeirra sem stunda nám í útlöndum að landið er á sama stigi og Danmörk í þeim efnum,“ segir hann.

„Íslenskir, danskir og finnskir fjárfestar eiga félagið,“ segir Hejlesen, en fyrirtækið á söguleg tengsl við rekstrarfélög stúdenta á Norðurlöndum og var áður í þeirra eigu. Þannig átti Félagsstofnun stúdenta í eina tíð hlut í félaginu og minnast margir enn Kilroy-ferða hjá Ferðaskrifstofu stúdenta. „Finnska stúdentasambandið átti lengi meirihluta í félaginu, en tengslin við stúdentasamfélagið teygja sig allt aftur til fimmta áratugarins.“

Félagið Íslensk fjárfesting fer með ráðandi hlut í fyrirtækinu, en stjórnarformaður Kilroy er Arnar Þórisson.




Stefnir - *Ríkisvíxlasjóður.*
Góður kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvíxlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 10.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • arionbanki.is

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 50133 09/10

Stefnir - Ríkisvíxlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

//10.09.2010

# Haustráðstefna Skýrr 2010

# Stærsti viðburður ársins í upplýsingatækni

**Föstudaginn 10. september 2010 verður hin árlega Haustráðstefna Skýrr haldin á Hilton Nordica. Þetta er stærsta ráðstefna Skýrr um upplýsingatækni frá upphafi, enda um 60 fyrirlestrar í boði á 8 mismunandi fyrirlestralínum.**

Þetta er sextánda árið í röð, sem ráðstefnan er haldin og í ár er gert ráð fyrir metaðsókn, enda sjaldan verið jafn mikil eftirspurn eftir gagnlegri fræðslu um lausnir í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið.

Að ráðstefnunni lokinni verður boðið upp á léttar veitingar og tónlistarflutning.



Lykilræða

## James Gosling

**faðir Java og fv. þróunarstjóri Sun og Oracle**

Lykilræða

## Timo Elliot

**trúboði í viðskiptagreind hjá SAP BusinessObjects**



60 fyrirlestrar á 8 fyrirlestralínum:

**Viðskiptagreind**
**Öryggislausnir**
Rekstrarþjónusta
**Oracle**
Samþætting
**Microsoft**
Veflausnir
**Bland í poka**

Skráning og dagskrá: **skyrr.is**

<Haustráðstefna>
**SKÝRR**




**SKILANEFND KYNNIR STÖÐUNA** Ætla má að uppgjör gömlu bankanna þriggja kosti í kringum tvo milljarða króna á mánuði. Kostnaðurinn kemur til frádráttar því sem kemur í hlut kröfuhafa af eignum bankanna.
MARKAÐURINN/VILHELM

# Skilanefndir bankanna sitja á hundruðum milljarða króna

Himinhár kostnaður skilanefnda og slitastjórna gömlu bankanna hefur verið gagnrýndur frá því að bankarnir féllu fyrir tæpum tveimur árum. Tímakaupið hljóðar upp á 30 þúsund krónur á tímann. Rúmur þriðjungur skilar sér í budduna. Ekki hár kostnaður hér, segir formaður skilanefndar Glitnis í samtali við Jón Aðalstein Bergsveinsson.

Skilanefndir og slitastjórnir gömlu bankanna hafa verið í kastljósinu allt frá því að þær tóku við stjórn bankanna í gjörningaveðri á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í október fyrir tæpum tveimur árum.

Skilanefndirnar voru settar saman í miklu óðagoti sem varð í eftirmála yfirtöku Seðlabankans á Glitni í septemberlok. Í samtölum við þær skín í gegn að skilanefndir og starfsfólk þeirra hafi þurft að hafa sig alla við til að halda fjármálakerfinu gangandi og eru til myndrænar frásagnir af því hvernig nefndarmenn unnu myrkranna á milli við að útvega nægt lausafé til að halda greiðsluflæði órofnu án þess að almenningur yrði þess var þegar erlendar lánalínur lokuðust og bankarnir fóru á hliðina hver á fætur öðrum.

### MEÐFERÐ Á ÞROTABÚI

Við val á skilanefndarfólki voru sömu viðmið höfð til hliðsjónar og þegar fyrirtæki verður gjaldþrota. Við uppgjör á þrotabúum eru þeir einir taldir lögum samkvæmt hæfir til að taka slík verk að sér að vera sjálfstætt starfandi. Þeir mega ekki vera starfsmenn þess fyrirtækis sem fór á hliðina. Í þessu tilviki máttu þeir ekki vera fyrrverandi starfsmenn bankanna né heldur hjá ríkinu né Fjármálaeftirlitinu, sem tók þá yfir. Þeir sem tóku við bönkunum á sínum tíma voru ýmist allt lögmenn eða löggiltir endurskoðendur. Þeir reka ýmist sínar eigin stofur sjálfir eða með öðrum.

Vinna skilanefnda og slitastjórna er sú sama og við uppgjör á hefðbundnum þrotabúum, hvort heldur er verktakafyrirtæki, fasteignasala eða fjármálafyrirtæki. Hlutverk þeirra er að hámarka endurheimtur og gera upp við kröfuhafa.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, lýsti því á kynningarfundi um stöðu bankans fyrr á árinu hvernig erlendir fjárfestar flykktust til landsins í þeim tilgangi að verða sér úti um eignir á tombóluverði. Skilanefndir hafi reynt að tryggja að væntingar fjárfestanna yrðu ekki að veruleika.

### MILLJARÐAFYRIRTÆKI

Samkvæmt síðustu uppgjörum gömlu viðskiptabankanna þriggja námu heildareignir þeirra samtals 3.233 milljörðum króna. Kaupþing er langstærsti bankinn með tæplega 1.600 milljarða króna eignasafn.

Líkt og sjá má á meðfylgjandi töflu vega útlán þungt í eignasöfnum þeirra. Á eftir fylgja eignahlutir í dótturfélögum og innistæður.

Líkt og fram kom á kröfuhafafundi Landsbankans fyrir skömmu mun hann eiga tæpa þrjú hundruð milljarða króna um næstu áramót. Þar af er jafnvirði tæpra hundrað milljarða króna sem losnuðu úr hirslum Englandsbankans, seðlabanka Bretlands, í júlí. Breska fjármálaeftirlitið hafði meinað Landsbankanum að færa féð úr landi og lá það þar á lágum vöxtum. Tilmælunum var hnekkt í júlí og dreifði skilanefnd og slitastjórn Landsbankans því á banka í nokkrum Evrópulöndum til að dreifa áhættunni auk þess að fá hærri vexti á höfuðstólinn en í Bretlandi. Nokkrir bankanna eiga kröfur á hendur Landsbankanum og varð skilanefnd hans að semja við erlendu bankana í þeim tilgangi að fyrirbyggja að þeir tækju innstæðuna og létu hana ganga upp í kröfur.

Kröfur á Landsbankann nema 3.427 milljörðum króna og er það sambærilegt og hinna bankanna þriggja. Þar af hljóða kröfur fjármálafyrirtækja á hendur Landsbankanum upp á 1.442 milljarða króna, eða í kringum þrefalt það lausafé sem bankinn á í dag.

### HÁLAUNAFÓLK?

Helsta gagnrýnin gagnvart skilanefndum og slitastjórnum beinist að launakjörum. Fyrir vikið hafa nefndir og stjórnir gömlu bankanna fengið á sig ýmsa stimpla, verið nefndar ríki í ríkinu, jafnvel sjálftökufólk eða hin nýja yfirstétt landsins.

Miðað við síðustu uppgjör Glitnis og Landsbankans námu laun skilanefnda og slitastjórna bankanna að meðaltali tæpum 66 milljónum króna á mánuði. Tíu manns sitja í slitastjórnum Glitnis og Landsbankans. Sé upphæðin brotin frekar niður fær hver þeirra 6,6 milljónir króna á mánuði.

Laun þessara einstaklinga eins og þau birtast í uppgjörum bankanna gömlu segja ekki alla söguna. Líkt og sést á meðfylgjandi töflu eru meðlimir skilanefnda og

**EFNAHAGSREIKNINGUR GÖMLU BANKANNA (ÁÆTLAÐAR EIGNIR)**

| | Glitnir | Kaupþing | Landsbankinn |
|---|---|---|---|
| Útlán til viðskiptavina | 192 | 451 | 382 |
| Útlán til lánastofnana | 51 | 323 | 79 |
| Afleiður | 42 | 239 | 22 |
| Hlutabréf og markaðsbréf | 52 | 241 | 87 |
| Eignahlutir í dótturfélögum | 292 | 141 | 2 |
| Sjóðir og innistæður | 182 | 176 | 269 |
| Aðrar eignir | 0 | 7 | 2 |
| Heildareignir** | 811 | 1.579 | 843 |
| Skuldir | | | |
| Verðbréfaútgáfa og önnur lán | 2.322 | 151 | 1.442 |
| Innlán | 65 | 2 | 1.319 |
| Afleiður | 216 | 136 | 173 |
| Liðir utan efnahagsreiknings | 157 | 3.345- | 187 |
| Aðrar skuldir | 20 | 151 | 89 |
| Víkjandi lán | 184 | 422 | 217 |
| Heildarskuldir | 2.969 | 4.207 | 3.427 |

** Í milljörðum króna*

*** Án skuldabréf ríkissjóðs tengt eignafærslu á milli gömlu og nýju bankanna*

**Knitting Iceland** var stofnað af Hélène Magnússon og Ragnheiði Eiríksdóttur árið 2009 með það fyrir augum að halda íslenska prjónahefð í heiðri. Nú gefa þær út prjónavefrit helgað íslenskri prjónalist, selja íslenskt garn í vefverslun sinni, gefa út prjónabækur og DVD-diska og fara með ferðamenn í prjónaferðir um Ísland.




# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447









**Heklaðar rósir um háls kallar Agnes Jóhannsdóttir hannyrðakona Dalrósir.**

# Dalrósin er mér kær

„Ég hef haft áhuga á handavinnu frá því ég var barn en mamma og móðursystur mínar kenndu mér handtökin," segir Agnes Jóhannsdóttir hannyrðakona en hún heklar hálsmen úr litlum rósum sem hún kallar Dalrósir. Þrátt fyrir að hún hafi einungis byrjað að hekla hálsmenin í vor hefur hún selt hálsmen til Englands, Noregs, Danmerkur, Svíþjóðar og Frakklands og áhuginn er mikill.

;HEIMILI | 2










**Garn** er til í misjöfnum gæðum. Frá ódýru bandi upp í dýran kasmírþráð. Góð gjöf fyrir prjóna-áhugamanninn væri að gefa garn sem viðkomandi myndi ekki tíma að kaupa sér sjálfur.



Framhald af forsíðu

„Þetta byrjaði á því að ég heklaði eitt hálsmen handa sjálfri mér. Ég var bara búin að vera með það um hálsinn í rúman klukkutíma þegar kona bað mig um að selja sér það, sem ég gerði. Þá var önnur sem vildi fá hálsmen svo ég heklaði tvö og leyfði henni að velja, svo var ég búin að vera með þriðja menið um hálsinn í 10 mínútur þegar ég var búin að selja það líka. Þá sá ég að það var greinilega áhugi fyrir þessu. Það eru auðvitað fleiri að hekla hálsmen en ég hef ekki séð aðra gera þau eins og ég, að hekla bandið allan hringinn.“

Agnes heklar úr fínu bómullargarni og þræðir ræktaðar vatnaperlur í rósirnar en um 8 tíma tekur að hekla eitt hálsmen. Engar uppskriftir liggja að baki menunum heldur spretta rósirnar úr huga hannyrðakonunnar. En af hverju kallar hún þau Dalrósir? „Amma mín hét Lína Dalrós og systir mín heitir Dalrós og ein systurdóttir mín líka svo þetta nafn er mér mjög kært. Þegar ég hafði heklað talsvert af hálsmenum og einnig eyrnalokka, nælur og spennur, þá fannst mér ekki hægt að kalla þetta bara hálsmen. Þá kom bara nafnið Dalrós til greina.“ Myndir af Dalrósum Agnesar má finna á Facebook en sjálf situr hún við hverja stund og heklar. Von er á fleiri útgáfum af hálsmenunum sem Agnes er að þróa en hún vill ekkert gefa upp hvernig þær munu líta út.

„Það kemur bara í ljós síðar.“

*heida@frettabladid.is*



Agnes heklar úr fínu bómullargarni og þræðir ræktaðar vatnaperlur í rósirnar. Engar uppskriftir liggja að baki menunum heldur spretta rósirnar úr huga hannyrðakonunnar.





FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


# Hitið ykkur upp fyrir veturinn

Sendum hvert sem er 24* Innan 24 klst.

Hvort sem þú prjónar skólapeysuna á börnin úr dúnmjúkri ull eða klæðir þau í frábæru ullarnærfötin frá Viking, Þá er það okkar hlutverk að halda hita á allri fjölskyldunni í vetur.

**Merino ullarnærföt** fyrir börn og fullorðna












**Sparaðu 20% á tímaritum**

Tryggðu þér áskrift á tímaritum Tinnu á **www.tinna.is** eða í síma **565 4610** og þú færð 20% afslátt af smásöluverði.

**TINNA HEILDVERSLUN**
Nýbýlavegur 30 • Sími: 565 4610 • www.tinna.is

TINNA

*Sendum hvert sem er innanlands. Ef vara er ekki til á lager er hún send um leið og hún kemur.

# Hulinn heimur Víkur

**Vík Prjónsdóttir trúir á hið yfirnáttúrulega og ber virðingu fyrir hinu ósýnilega, er heilluð af sagnahefð og innblásin af borgarnið og hegðun náttúrunnar, en það má sjá á sýningu hennar í Spark Design Space.**

Á morgun opnar Vík Prjónsdóttir sýninguna Hidden World í Spark Design Space á Klapparstíg 33, en þar verða frumsýnd í Reykjavík teppi sem sýnd voru fyrr á þessu ári í Stokkhólmi á Stockholm Design Week, þar sem Vík var sérstakur gestur. Mikil fjölmiðlaumfjöllun átti sér stað í alþjóðlegum hönnunartímaritum í kjölfar sýningarinnar í Stokkhólmi þar sem Vík er að sögn að koma íslenskri hönnun á kortið með teppum sem hönnuð eru út frá sagnahefð – um snjó, töfrasteina og Michael Jackson.

Vík Prjónsdóttir var stofnað 2005 af Prjónaverksmiðjunni Víkurprjóni og hönnuðunum Brynhildi Pálsdóttur, Agli Kalevi Karlssyni, Guðfinnu Mjöll Magnúsdóttur, Hrafnkeli Birgissyni og Þuríði Rós Sigþórsdóttur, en núverandi meðlimir Víkur eru Brynhildur, Guðfinna og Þuríður.

Sýningin stendur til októberloka, en Spark Design Space er opið alla daga nema sunnudaga frá 10 til 18.


Þuríður Rós Sigurþórsdóttir, Brynhildur Pálsdóttir og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir umvafðar teppum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Svart-hvíta teppið er tileinkað hugsjónum Michaels Jackson um betri heim. MYND/GULLI MÁR


Snjóbreiðan veitir einangrun og vernd frá amstri dagsins. Á hverju ári leggur náttúran hvíta snjóbreiðu yfir jörðina; sæng sem svæfir plöntur yfir veturinn.

Haförninn er konungur fuglanna; þokkafullur og tignarlegur með vænghaf allt að 2,5 metrum. Verndarvængurinn er teppi tileinkað þessum magnaða fugli.

Kynning

# Bjóða upp á heildarlausnir í hannyrðum

**Tinna ehf. er heildverslun með heildarlausnir í hannyrðum. Fyrirtækið er yfir 30 ára gamalt og hefur alla tíð sérhæft sig í sölu og þjónustu með hannyrðavörur og útgáfu á prjónablöðunum Ýr og Tinnu.**

Tinna ehf. er heildverslun með heildarlausnir í hannyrðum. Valdís Vífilsdóttir innanhússarkitekt er eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Hjá Tinnu starfa fimm starfsmenn sem sinna daglegum verkefnum og þjónustu við viðskiptavini félagsins en starfsemin fer fram að Nýbýlavegi 30 í Kópavogi .

Tinna er yfir 30 ára gamalt fyrirtæki og hefur alla tíð sérhæft sig í sölu og þjónustu með hannyrðavörur og útgáfu á prjónablöðunum Ýr og Tinnu.

„Tinna hefur komið að því að aðstoða endursöluaðila við að setja upp verslanir og aðstoðað við val á innréttingum, ásamt hönnun, framsetningu og annarri þjónustu sem lítur að opnun á hannyrðaverslun. Það má segja að menntun mín og reynsla starfsmanna minna nýtist við þjónustu við viðskiptavini Tinnu. Við erum með mikið úrval af garntegundum allt frá kasmír, silki, alpakka, ull, bómull, skrautgarn ýmiss konar og ódýrt akrýlblandað garn frá virtum framleiðendum. Jafnframt erum við með umboð fyrir vinsælu Knit-Pro-prjónana og Prym ásamt smávörum, þ.m.t. tvinna, bætur, og hnappa,“ segir Valdís og bendir á að Tinna er með heimasíðu, www.tinna.is, og opni facebooksíðu á næstu dögum.


Starfsmenn Tinnu ásamt eiganda, Valdísi Vífilsdóttur. Harpa Baldursdóttir, G. Dagbjört Guðmundsdóttir, Hrönn Jónasdóttir, Halla Sigurjónsdóttir og Þórleif Sigurðardóttir.

„Á þessu árу höfum við gefið út Ýr 43, Freyju, fylgihlutablað Tinnu og ungbarnablaðið Tinna 13 er nýútkomið. ÝR 44 er væntanlegt í byrjun október og síðan kemur út dúkkublað og jólablað fyrir lok árs. Ég hef lagt mikla áherslu á að auka íslenska hönnun í blöðunum enda eigum við frábæra prjónahönnuði.“

Tinna gefur út nýjan vörubækling í september sem inniheldur nýjar vörur og garntegundir svo sem, silki mohair, kashmir/alpakka og hnappa, bætur, ásamt öðrum vörum sem tengjast prjónaskap. Tinna hefur nýverið hafið innflutning á ullarnærfötum úr merino-ull og silki fyrir börn og fullorðna. Samhliða er verið að kynna nýjar vörur frá VEGA sem eru fyrir líkamann eða „frá toppi til táar“ s.s náttúrulegir svampar, sisal-burstar, handsnyrtisett, fótsnyrtisett, hárburstar o.fl. „Við leitumst við að kynna nýjungar og koma með nýja hönnun.“

Prjónaklúbbur Tinnu er ókeypis fyrir alla og fá meðlimir sendar áhugaverðar uppskriftir, tilkynningar og tilboð.

Nánari upplýsingar á www.tinna.is og fyrirspurnir á tinna@tinna.is og í síma 5654610.


Má bjóða þér í Saumaklúbbinn?




Fyrsti pakkinn á aðeins 845 kr.

Saumaklúbburinn er nýstárlegur áskriftarklúbbur þar sem félagar fá í hverjum mánuði spennandi uppskriftir að fjölbreyttum hannyrðum, s.s. prjóni, hekli, útsaumi og föndri, að ógleymdum freistandi klúbbréttum.

þannig er klúbburinn

- Í hverjum pakka eru 14-16 uppskriftarbæklingar með fjölbreyttu hannyrðaefni.
- Nýir félagar fá fyrstu sendinguna á hálfvirði, eða aðeins 845 kr. og saumapoka að gjöf.
- Eftir það kostar hver mánaðarsending aðeins 1.690 kr. með sendingargjaldi.
- Ef þér líst ekki á efni fyrsta pakkans geturðu skilað honum aftur innan 10 daga.

Skráning á klubbhusid.is eða í síma 528 2000

Klúbbhúsið | Skipholti 50b | 105 Reykjavík | sími 528-2000

ARGH! 0910



Persónuleg þjónusta er aðalsmerki mæðgnanna Tinnu Karenar Guðbjartsdóttur og Halldóru Þormóðsdóttur í Garnbúðinni Gauju í Mjódd. Saman halda þær á blárri, hnepptri kaðlapeysu úr Sandnes Smart-garni, en nú er mjög í tísku að prjóna haust- og vetrarlegar peysur með kaðlamunstri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Töfrakistill prjónakvenna

**Garnbúðin Gauja í Mjódd er fjársjóðskista prjónakvenna því þar fæst meðal annars perúsk lúxusull, glitrandi barnatölur og danskt eðalgarn í regnbogans litum, ásamt íslenska lopanum í allri sinni dýrð.**

„Nafnið kom á undan búðinni, því ég var staðráðin í að nefna hana til heiðurs Gauju, tengdamóður minni, sem var mín mesta fyrirmynd í handavinnu og kenndi mér að prjóna. Mér leiddist alltaf í handavinnutímum æskunnar en byrjaði að prjóna þegar ég eignaðist börn og hef verið handavinnufíkill síðan,“ segir Halldóra Þormóðsdóttir, eigandi Garnbúðarinnar Gauju, sem var opnuð í janúar.

„Ég átti lengi bútasaumsbúðina Bóthildi en eftir að ég hætti þeim rekstri hefur kitlað að fara út í búðarrekstur á ný. Eiginmaður minn og dóttir fengu þá flugu í kollinn að ég opnaði garnbúð og ég lét slag standa, því sárlega hefur vantað garnbúð í Breiðholtið. Viðtökurnar hafa verið frábærar og hingað koma dæmalaust kátar konur,“ segir Halldóra sem í búðinni býður allt til prjónaskapar og er sífellt að bæta við úrvalið. Enn fremur er hún með vinsæl námskeið fyrir byrjendur og lengra komna í prjónaskap, frágangi og hekli, en þessa dagana fara skráningar fram fyrir veturinn.

„Á byrjendanámskeið koma konur allt frá eftirlaunaaldri sem ekki hafa prjónað í árafjöld niður í fjórtán ára stelpur sem orðnar eru fastakúnnar og að prjóna á sjálfar sig. Það finnst mér dæmi um jákvæð áhrif kreppunnar,“ segir Halldóra sem selur íslenskan lopa frá Ístex, norska garnið Sandnes og flytur sjálf inn danska garnið Rasmilla og svissneska garnið Lang, en þeirri línu fylgja einnig fádæma flott uppskriftablöð.

„Nýju garnmerkin hafa vakið mikla lukku enda hrikalega flottar og breiðar línur. Þá býð ég mikið töluúrval sem ég flyt inn sjálf og sel á spottprís, því mér er enn í minni þegar ég prjónaði heimfararsett á barnabarn mitt í fyrra og tölurnar kostuðu meira en garnið, eða 150 krónur stykkið. Hér sel ég undurfagrar barna- og lopapeysutölur frá 40 krónum stykkið,“ segir Halldóra sem er með prjónakaffi fyrsta mánudag í mánuði.

„Þá er opið hús til 21.30 og heitt á könnunni, en síðast komu á fimmta tug kvenna með prjónana sína í spjall og til að læra hver af annarri, en við starfsstúlkur mínar liðsinnum þeim ef eitthvað er. Ef aðsókn verður áfram vaxandi færi ég prjónagleðina út í yfirbyggða göngugötuna sem skapar kósí og enn skemmtilegri stemningu.“

Garnbúðin Gauja er opin virka daga frá 10-18 og á laugardögum frá 12-16.

*thordis@frettabladid.is*



Edda Lilja Guðmundsdóttir verður með heklnámskeið á næstunni. Það kallar hún „Lærðu að hekla upp úr þér“. Þar kennir hún grunnaðferðir sem þarf í hekli, fastapinna, stuðla, loftlykkjur, hálfstuðla, dúllur, kúlur, að hekla í hring og fleira. Námskeiðin fara fram í Skemmunni í Firðinum Hafnarfirði.

www.snigla.com




**Skemmtileg handverksverslun með mikið úrval af garni og öðru sem þarf í fallegar flíkur.**

Einstök gjafavara úr ull, skart úr náttúrusteinum, glerlist og miðalda – handverk.

ÍSFOLD ART & CRAFT

Ísfold art & craft • Skólavörðustíg 22 • s. 533 2028 • www.isfold.is

*Prjónanámskeið 22.—24. október*



**Helga Isager** • *handprjón*
**Lotte Kjær** • *vélprjón*
**Helga Jóna Þórunnardóttir** *frá Nálinni kennir prjóntækni og frágang.*

*Kjörið tækifæri til að taka þátt í námskeiðum hjá þessum þekktu dönsku prjónahönnuðum.*

*Gisting og matur í Kvennaskólanum í einstöku umhverfi.*






**TEXTÍLSETUR ÍSLANDS**
**Kvennaskólanum Blönduósi**
**www.textilsetur.is • 894-9030**



**Ný sending af hannyrða- og föndurbókum**

**Nýr jóla filtsaumur frá Bucilla**

**20% AFSLÁTTUR**

Gegn framvísun þessa miða færð þú 20% afslátt af föndur- og hannyrðavörum hjá A4 Skrifstofu og skóla

Gildir til 30. september 2010

**A4 Skrifstofa og skóli**

Smáratorgi + Kópavogi
Glerártorgi + Akureyri
S. 580-0000 + www.a4.is

Gallery Garn

Súluhöfða 15 – 270 Mosfellsbæ
s: 895 6086

Opnunartímar: mánud. – föstud.
milli kl:13:00–18:00

GÆÐA GARN
Á GÓÐU VERÐI

*Sjón og snerting er sögu ríkari*

Við erum á Facebook


**Kynning**

## Handavinnuklúbbur Föndru.

Það kostar 1000,- að ganga í klúbbinn og þú færð fallega möppu sem þú síðan safnar þínum uppskriftum í. Þú safnar þeim uppskriftum sem þér hentar og líkar og hvert blað kostar 200 kr. Ýmiss sértilboð eru mánaðarlega fyrir klúbbfélaga.

Skoðaðu úrvalið á Facebook og vertu vinur.

Föndra, Dalvegi 18, Kópavogi, s. 568 6500.



ALLT HEILSA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473
**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427
**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Guðrún segir þátttakendur námskeiðsins læra ýmislegt mikilvægt á meðan þeir prjóna húfuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Opnar alveg nýjan heim

**Nýtt námskeið hefst í Storkinum í kvöld þar sem þátttakendur læra að prjóna húfu. Samhliða því verður ýmislegt fleira kennt, meðal annars að lesa uppskriftir á ensku.**

Í Storkinum í Kjörgarði hefst í kvöld prjónanámskeið þar sem þátttakendum verður kennt að prjóna fallega kvenhúfu. „Við erum að fara nýja leið á þessu námskeiði með því að láta alla nemendurna gera sams konar verkefni sem er húfa. Við völdum þessa húfu bæði af því að hún er mjög flott útpæld hönnun eftir Kim Hargreaves, sem er þekktur prjónahönnuður, og af því að það er hægt að læra svo margt við gerð hennar. Nemendurnir læra meðal annars að gera kaðla, að taka úr og auka út, að gera snúnar lykkjur og svo það sem skiptir kannski mestu máli, að læra að lesa uppskrift á ensku og fylgja henni,“ segir Guðrún Hannele, eigandi Storksins og kennari námskeiðsins.

„Það er bara þannig að þó að við séum allar af vilja gerðar að þýða uppskriftir yfir á íslensku þá getum við aldrei þýtt nema brot af því sem er í boði og það að kunna að lesa uppskrift á ensku opnar bara nýjan heim. Það er svo margt í boði, til dæmis á netinu, alls konar uppskriftir sem maður getur fengið þar og jafnvel ókeypis. Enskar uppskriftir eru svolítið öðru vísi uppbyggðar heldur en íslenskar og mjög gott að fara svona í gegnum það saman, þá nýtist það í framhaldinu. Þannig að hugsunin á bakvið þetta námskeið er ekki bara að búa til eina húfu heldur að læra ýmislegt mikilvægt um leið,“ segir Guðrún.

Námskeiðið verður kennt í kvöld og næstu tvö miðvikudagskvöld í tvær klukkustundir í senn, frá 18.30 til 20.30. „Þetta er sem sagt sex stunda námskeið og við ákváðum að hafa þetta frekar svona heldur en tvisvar sinnum þrjá tíma því þá geta konur verið aðeins að prjóna heima á milli tíma og gert þetta sem er einfaldara. Svo tökumst við á við erfiðu hlutina í kennslustundum. Námskeiðsgjald er 14.000 krónur en í þessa húfu er notað rosalega flott garn og við höfum það bara innifalið þannig að konur þurfa í raun og veru ekkert að koma með nema bara prjóna. Við erum með fullt af litum sem hægt er að velja úr og þær sem vilja geta keypt prjóna hjá okkur. Allir sem eru á námskeiðum hjá okkur fá fimmtán prósenta afslátt í búðinni.“



Húfan er hönnun Kim Hargreaves.

Guðrún segist vera spennt fyrir að kenna námskeið þar sem allir eru að gera það sama. „Þá fara allir að deila hugmyndum og spá í hvað hinar eru að gera þangað að það fer í gang svolítil jafningjafræðsla samhliða því sem ég kenni þeim. Þannig að það er hægt að fá mjög mikið út úr stuttu námskeiði.“

*emilia@frettabladid.is*


**Kynning**




**Amma mús – handavinnuhús er ný alhliða hannyrðavöruverslun í Ármúla 18.**

Þar er á boðstólnum fjölbreytt útval af útsaumspakkningum, útsaumsefnum, stramma og garni fyrir útsauminn. Bækur og blöð fyrir prjón, hekl og útsaum. Starfsfólk verslunarinnar veitir gjarnan aðstoð.

Verið ávallt velkomin, opið er frá kl. 9-18 virka daga og frá kl.11-15 á laugardögum.

**Amma mús**
Ármúla 18
108 Reykjavík
Sími 511 3388
www.ammamus.is

**Ný uppskriftabók eftir prjónahönnuðinn Nicky Epstein**
**Nýkomin í eftirtaldar verslanir:**




Neðangreindar og einnig í verslunum Pennans og Fjarðarkaup.

**Sölustaðir AslanTrends Luxury Yarns**
Garnbúðin ehf
Handavinnuhúsið Borgarnesi
Gallery Garn
Quiltbúðin
Skemman
Moly hannyrðaverslun
Garnbúðin Gauja
Verslunin Þóra
GAGA hönnuður/
GAGA Icelandic designer

**Garnbúðin ehf**
Kirkjubraut 54 (Skagamollið)
Akranes S: 527-5577 / 868-2750

**Nýtt Alpakka garn frá Dale úr 100% Alpakka ull.**
Fáanlegt í 27 fallegum litum.
Prjónastærð 3-3,5.




**Bianca bómullargarn tilvalið að hekla úr.**
Blómin á myndinni eru hekluð úr Bianca garni. Uppskrift blómanna er að finna í bókinni *100 flowers to knit and crochet.*

**A4** Smáratorg 1, 201 Kópavogur, Sími 580 0010, www.a4.is




Á námskeiðinu verða kennd undirstöðuatriði í prjónaskap.

## Farið í öll grunnatriði í prjónaskap

PRJÓNANÁMSKEIÐ FYRIR BYRJENDUR Í TÆKNISKÓLANUM.

Í Tækniskólanum verður boðið upp á prjónanámskeið fyrir algjöra byrjendur í haust. Á námskeiðinu verða helstu garntegundir og áhöld sem notuð eru við prjónaskap kynnt fyrir þátttakendum. Kennd verða grunnatriði í prjóni eins og uppfitjun, slétt og brugðið prjón, úrtökur og útaukningar, affellingar og ýmislegt fleira. Nemendur kynnast því líka hvernig þæfa má mynstur í prjón með þurrþæfingu.

Námskeiðið verður kennt á þriðjudagskvöldum í nóvember frá klukkan 19.30 til 22.00 og hefst þriðjudaginn 2. nóvember. Námskeiðsgjald er 22.000 krónur og kennari er Bryndís Bragadóttir.

- eö




**Kynning**

# Velkomin í Saumaklúbbinn

**Félagar í Saumaklúbbnum fá tíu sinnum á ári sendingu sem inniheldur fjórtán til sextán uppskriftaspjöld, en efnisflokkarnir eru prjónað, heklað, saumað, föndrað, til heimilisins og eldað. Halla Bára Gestsdóttir hefur tögl og haldir í Saumaklúbbnum.**

Saumaklúbburinn er áskriftaklúbbur þar sem áskrifendur fá til sín pakka með efni tengdu handavinnu og hannyrðum. „Markmiðið er að hafa pakkana fjölbreytta í efnistökum þannig að fólk sem aðhyllist ólíkar greinar í handavinnu geti fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir ritstjóri Saumaklúbbsins, Halla Bára Gestsdóttir, en það er Klúbbhúsið sem gefur út.

„Uppistaðan í pökkunum er nýtt efni frá íslenskum hönnuðum en líka erlent efni í vandaðri þýðingu,“ útskýrir Halla Bára en í hverjum pakka eru um 14 til 16 spjöld sem á eru uppskriftir tengdar prjóni, hekli, útsaumi, ýmsu föndri og einnig mat. „Við reynum að höfða til breiðs hóps en þó er ómögulegt að ná til allra,“ segir Halla Bára og telur verkefnið hafa farið mjög vel af stað. Hún segir enda mikla vakningu vera í handavinnu og hannyrðum eins og vel þekkt sé. „Margir sem fundu sér ekki tíma til að stunda þetta áhugamál gefa sér tíma til þess í dag. Stærsti hópurinn er þó að prjóna en önnur handavinna sækir á.“

Saumaklúbburinn er í samstarfi við prjónahönnuði sem og aðra hönnuði sem vinna fyrir klúbbinn og selja þangað verk sín og einnig er góð samvinna við verslanir og fagaðila eins og Nálina og Storkinn, verslanir sem selja garn og föndurvörur eins og A4 og einnig BYKO þegar kemur að stærri verkefnum, málun og smíði. Halla Bára telur mikilvægt að fólk fái uppskriftirnar í vönduðum umbúðum svo gaman sé að handleika efniviðinn og því eru uppskriftirnar prentaðar á þykkan pappír og koma í veglegri teygjumöppu þar sem þægilegt er að geyma uppskriftaspjöldin. Einnig er áhersla á vandað myndefni og framsetningu.

Áhugasamir geta skráð sig á vefsíðunni www.klubbhusid.is.









„Uppistaðan í pökkunum er nýtt efni frá íslenskum hönnuðum en líka erlent efni í vandaðri þýðingu,“ segir Halla Bára.



**Hátíðarhöld** Mikil fagnaðarlæti standa yfir í Víetnam þar sem haldið er upp á 1.000 ára afmæli höfuðborgarinnar Hanoi. Hundrað bronstrommur, hafa verið búnar til í tilefni af afmælinu og eru hafðar til sýnis víðs vegar um borgina.

# Ratað eftir símanum

**Ovimaps hefur þróað leiðsögukerfi sem hægt er að hlaða frítt í fjölmarga Nokia síma sem búa yfir gps virkni. Þannig er hægt að rata um framandi borgir og nú einnig á Íslandi með nýju Íslandskorti.**

Ovimaps hefur útbúið nákvæm kort af fjölda borga og landa sem hlaða má niður í þartilgerða Nokia síma sem búa yfir gps virkni. Nýlega bættist kort af Íslandi í gagnagrunninn og því má nota símann til að rata um landið til dæmis um Kópavoginn eða uppsveitir Árnessýslu.



### Margir kostir

Kostir ovimaps eru nokkrir. Má þar nefna lítinn tilkostnað því hægt er að hlaða kortum niður í símann án endurgjalds af vefnum. Þegar búið er að hlaða niður kortinu einu sinni þarf ekki að nettengjast frekar til að fá helstu upplýsingar. Þannig verður kostnaður við niðurhal lítill miðað við ef notuð eru önnur nettengd kort á borð við Google maps sem þarf stöðugt að hlaða niður.

Ýmsir möguleikar opnast með ovimaps. Bæði er hægt að leita eftir áfangastöðum á borð við bæi og einstaka götur en einnig er vistaður fjöldi veitingastaða, safna, hótela og annarra áhugaverðra staða sem raðast upp eftir fjarlægð þegar leitað er eftir þeim. Einnig er hægt að nálgast símanúmer og aðrar upplýsingar um staðina.

### Má nota á göngu og í bíl

Kortið er ekki eingöngu gert til að nota í bílum, einnig er hægt að velja gönguleiðir. Kortið velur þá stystu leiðina sem fara má gangandi. Einnig er hægt að skoða ýmsa tölfræði, til dæmis gönguhraða og vegalengd.

Hægt er að vista punkta í símanum sem auðvelda fólki að rata. Til dæmis er gott að merkja hótelið sitt inn á kortið.

### Sameinar kosti tveggja tækja

Einn stærsti kosturinn við að vera með leiðsögukort í símanum er að þar sameinast kostir gps leiðsögutækis og síma. Hægt er að leita eftir til dæmis veitingastað á korti og hringja beint í hann.

Ef vinir týna hver öðrum í fjarlægu landi getur verið erfitt að rata aftur saman, sérstaklega þegar öll götuheiti eru á framandi tungu. Með því að senda staðsetningu sína í síma vinarins er hægt að láta símann leiðbeina sér með göngukorti á réttan stað.

Þeir sem stunda Fésbókina grimmt geta einnig glaðst yfir því að geta tekið myndir og vistað á síðunni sinni með nákvæmri staðsetningu. Þannig geta vinir og kunningjar fylgst með ferðum þeirra.

Ýmsir fleiri möguleikar eru til staðar sem nánar má fræðast um á www.ovimaps.is.

*solveig@frettabladid.is*



Skemmtilegt er að kynnast menningu annarra þjóða með því að stunda ævagamlar íþróttir.

## Ferðamenn verða skylmingaþrælar

FERÐAMENN Í RÓMARBORG GETA REYNT SIG Í FORNRI Í BARDAGAÍÞRÓTT.



Íslendingar halda uppi sögufrægri menningu með skylmingum að hætti víkinga. Rómarbúar gera slíkt hið sama nema þeir skylmast í anda skylmingaþræla hins gamla Rómarveldis. Ferðamenn sem leggja leið sína til borgarinnar geta fengið að klæða sig upp á í einfalda kirtla, fengið viðarsverð í hönd og kennslu í skylmingalistinni frá félögum í Gruppo Storico Romano, eða rómverska sögufélaginu. Á myndinni hlýtur ferðamaður kennslu í bardagalist á hinni fornu götu Via Appia í miðborg Rómar og hefur það vafalaust aukið ánægjuna með ferðalagið.


Cos hættir!
Framlengjum útsölunni.
Útsölunni lýkur 10. September.
Cos Glæsibæ





Geymsluhillur – fyrir alla muni
Hilludagar í september
Hillur fyrir lagera, fiskvinnslur, iðnfyrirtæki, skjalageymslur, dekkjageymslur, bílageymslur og „dóta"-geymslur
• auðvelt að smella saman
• þola mikið álag
20% afsláttur
RÝMI
Skemmuvegur 6 • Blá gata • Kópavogur
Sími 511 1100
Skoðaðu nánar á – www.rymi.is





GÁSKI
SJÚKRAÞJÁLFUN
Tilboð
í líkamsrækt
12 mánaða kort á
24.900 kr.
gildir til 30. september 2010
Frír tími með sjúkraþjálfara sem setur upp æfingaráætlun
Gáski sjúkraþjálfun er til húsa á eftirfarandi stöðum:
Bolholti 8, Reykjavík
Þönglabakka 1, Reykjavík
Sími 568 9009
gaski@gaski.is
www.gaski.is





UWAGA KIEROWCY
Kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków prowadzony bedzie jesienia. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.Chetnych prosimy o kontakt.
ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 567030, 7728079







VINNUVÉLANÁMSKEIÐ
Teoretyczny kurs na maszyny budowlane oraz dzwigi.
Kurs będzie prowadzony w jezyku polskim.
Rozpoczecie 10. 09 g.18.00
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Miejsce kursu Mjódd www.ovs.is
Zapisy pod nr. tel. 5881414, 7728079





;ALLT
ÚT AÐ BORÐA
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447
Föstudaga



Fellihýsið líkist ansi mikið hjólhýsi.



Satu Rämö og Björgvin Hilmarson í góðum áttunda áratugarfíling inni í fellihúsinu. Bekkjunum má breyta í rúm og borðinu sömuleiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/SBT



Hönnunin á fellihýsinu hefur elst vel og vekur enn aðdáun, 32 árum síðar.



Allt samanbrotið og tilbúið í næsta ferðalag.

# Gamla franska fellihýsið stendur fyrir sínu

**Björgvin Hilmarsson fór í æsku margar ferðir með fjölskyldunni sinni um landið í forláta fellihýsi sem var keypt splunkunýtt árið 1978. Nú 32 árum síðar ferðast hann um með fjölskyldu sinni í húsinu góða.**

Árið 1978 festu foreldrar Björgvins Hilmarsssonar kaup á fellihýsi sem þá var ekki algeng sjón á tjaldsvæðum á Íslandi. Næstu árin fór Björgvin, sem er fæddur árið 1975, í margar ferðir um landið með foreldrum sínum og systrum.

„Við förum hingað og þangað með fellihýsið. Það sem helst lifir í minningunni eru fjölmargar ferðir í Galtalæk þegar ég var smá patti. Fellihýsið var lítið notað um tíma en þó gripum ég og systur mínar í það stöku sinnum eftir að við vorum orðin nógu stálpuð til að geta sett það upp án þess að skemma það og auðvitað komin með bílpróf. Þó það sé létt þá fer maður víst ekki langt með það án þess að hafa bíl til að draga það.“

Björgvin segir að fellihýsið hafi verið lítið notað undanfarin ár, en hann hafi þó verið staðráðinn í að taka það í notkun á ný, enda „verkfræðilegt undur“ eins og hann orðar það sjálfur.

Hönnunin á því er afar vel heppnuð en fellihýsið, sem er franskt, hefur ætíð vakið mikla athygli. Samanbrotið lítur það út sem hver annar tjaldvagn, en þegar það er uppsett líkist það meira hjólhýsi. Því verða margir furðu lostnir þegar þeir sjá festinguna fyrir krókinn á hlið þess sem þeir telja hjólhýsi, í stað þess að festingin sé aftan á vagninum.

Upprunalegt áklæði er á dýnunum í rúmum fellihýsisins og gardínur sömuleiðis. Efnið ber áttunda áratugnum fagurt vitni, rósóttar gardínur í appelsínugulum lit. Sömu gardínur eru í meðfylgjandi fortjaldi. „Það er álíka diskólegt og fellihýsið,“ segir Björgvin sem hafði reyndar skilið það eftir heima þegar Fréttablaðið hitti hann á ferðinni í sumar.

Björgvin ferðast mikið en hefur á fullorðinsárum aðallega ferðast afar létt, helst gangandi og með tjald. „En þetta er frábært þegar maður er í nokkra daga á sama stað, ekki síst þegar maður er með konu og barn,“ segir Björgvin sem gisti í fellihýsinu góða með Satu konu sinni og Sögu dóttur þeirra á Djúpavogi í sumar.

Þó að fellihýsið sé vel með farið þarf aðeins að lappa upp á það og stefnir Björgvin á að gera það næsta sumar. Þannig að hægt verði að nota það mörg ár í viðbót.

*- sigridur@frettabladid.is*

## Frá 8. áratugnum

FRÖNSK GÆÐAHÖNNUN

Heiti: Rapido
Árgerð: 1978
Þyngd: 375 kg
Upprunaland: Frakkland


NÝKOMNAR AFTUR - OFUR VINSÆLU
**AÐHALDS BOLIRNIR**







teg. Tanktop - í stærðum S,M,L,XL,2X,3X,4X
Litir: Svart / hvítt / húðlitt, verð kr. 5.850,-"

Misty

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau: lokað
www.misty.is



DANSSKÓLI HEIÐARS ÁSTVALDSSONAR

50 ára og eldri
Upprifjunarnámskeið!

**Reyndasti danskennari Íslandssögunnar kennir**

Hann er 74 ára, ekki gráhærður (aldrei litað á sér hárið). Ekki með hrukkur (aldrei farið í andlitslyftingu). Aldrei bakveikur og við hestaheilsu ... allt **dansinum** að þakka því dansinn er allra meina bót. Kennarinn heitir **Heiðar Ástvaldsson** og kennir á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum 50 ára og eldri og kemur öllum í gott form á ný.

**Konusalsa**
Sjóðheit námskeið. Hentar öllum konum, ungum og öldnum, liðugum og stirðum.

Í tímunum 50 plús og Salsa eru ávallt 3 kennarar.

**Innritun og upplýsingar á www.dansskoliheidars.is og í síma 551 3129 kl 16 til 20 daglega**





GOSH COSMETICS

Kynning í verslunum Lyfju

8.-10. September

20% afsláttur af GOSH
förðunarlína, krem og hreinsilína, baðlína.

- Nýjir litir í förðunarlínunni.
- Ný og endurbætt krem og hreinsilína.
- Baðlínan inniheldur hina vinsælu Green Tea og White Tea blöndu.

LYFJA
- Lifið heil

Lyfja Lágmúla 5332300, Laugavegi 5524045, Smáralind 5305800, Smáratorg 5645600

# Þessi eru í skilanefndum og slitastjórnum bankanna

**SKILANEFND GAMLA LANDSBANKANS**



- Lárentsínus Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður og formaður skilanefndar. *Lögfræðistofa Reykjavíkur.*
- Einar Jónsson, héraðsdómslögmaður. *Kvasir lögmenn.*

**SLITASTJÓRN**

- Kristinn Bjarnason, hæstaréttarlögmaður. *K&B Lögmannsstofa.*
- Halldór H. Backman, hæstaréttarlögmaður. *Lagastoð lögfræðiþjónusta.*
- Herdís Hallmarsdóttir, hæstaréttarlögmaður. *Embla lögmenn.*

**SKILANEFND KAUPÞINGS:**



- Steinar Þór Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður og formaður skilanefndar. *Lögfræðistofa Reykjavíkur.*
- Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi.
- Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður. *JP lögmenn.*
- Theodór Sigurbergsson, endurskoðandi.

**Slitastjórn**

- Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og formaður slitastjórnar. *Lögfræðistofa Reykjavíkur.*
- Davíð B. Gíslason, héraðsdómslögmaður. *Gjaldheimtan.*
- Feldís L. Óskarsdóttir, héraðsdómslögmaður. *Megin lögmannsstofa.*

**SKILANEFND GLITNIS**

- Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi og formaður skilanefndar.
- Heimir Haraldsson, löggiltur endurskoðandi.
- Þórdís Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður. *Lögfræðimiðstöðin.*

**Slitastjórn**



- Steinunn Guðbjartsdóttir, hæstaréttarlögmaður og formaður slitastjórnar Glitnis. *Megin lögmannsstofa.*
- Páll Eiríksson, héraðsdómslögmaður. *Virtus lögmenn.*

**SKILANEFND SPARISJÓÐABANKANS (ÁÐUR ICEBANK)**

- Hjördís Edda Harðardóttir, hæstaréttarlögmaður og formaður skilanefndar. *Megin lögmannsstofa.*
- Jón Ármann Guðjónsson, hæstaréttarlögmaður. *Kollekta.*

**Slitastjórn**

- Andri Árnason hæstaréttarlögmaður. *Juris Almenna lögfræðistofan.*
- Berglind Svavarsdóttir hæstaréttarlögmaður. *REGULA lögmannsstofa (Egilsstöðum).*
- Tómas Jónsson hæstaréttarlögmaður. *Lögfræðistofa Reykjavíkur.*

**SKILANEFND STRAUMS-BURÐARÁSS**

- Reynir Vignir, löggiltur endurskoðandi og formaður skilanefndar.
- Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi.
- Arna Guðrún Tryggvadóttir, löggiltur endurskoðandi.
- Elín Árnadóttir, héraðsdómslögmaður. *Lögmenn Skógarhlíð 12.*
- Ragnar Þórður Jónasson, héraðsdómslögmaður. *Draupnir lögmannsþjónusta.*

**Slitastjórn**

- Hörður Felix Harðarson, hæstaréttarlögmaður og formaður slitastjórnar. *Mörkin lögmannsstofa.*
- Ragnar H. Hall, hæstaréttarlögmaður. *Mörkin lögmannsstofa.*
- Lilja Jónasdóttir, hæstaréttarlögmaður. *Lex lögmannsstofa.*

**Slitastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) og Frjálsa fjárfestingarbankans:**

- Hildur Sólveig Pétursdóttir, hæstaréttarlögmaður. *Kvasir lögmenn.*
- Hlynur Jónsson, héraðsdómslögmaður. *Kvasir lögmenn.*
- Jóhann Pétursson, héraðsdómslögmaður. *Lögmannsstofa Vestmannaeyja.*

**Slitastjórn VBS**

- Þorsteinn Ólafs, framkvæmdastjóri slitastjórnar.
- Hróbjartur Jónatansson, hæstaréttarlögmaður. *Jónatansson & Co lögfræðistofa.*
- Þórey S. Þórðardóttir, hæstaréttarlögmaður. *Lögsetrið.*
- Friðbjörn Björnsson, endurskoðandi

slitastjórna allra banka og fjármálafyrirtækja sem Fjármálaeftirlitið hefur þurft að taka yfir ýmist hæstaréttarlögmenn, héraðsdómslögmenn eða löggiltir endurskoðendur. Þeir voru nær allir á launaskrá hjá lögfræði- og endurskoðendaskrifstofum þegar þeir voru fengnir til verksins. Sumir þeirra ráku eigin stofur en sumir með öðrum.

**VINNA Á TÍMAKAUPI**

Kristinn Bjarnason, aðstoðarmaður í greiðslustöðvun Landsbankans, sem jafnframt á sæti í slitastjórn, segir þá sem tekið hafi við rekstri bankanna koma að þeim eins og hverri annarri vinnu. Í tilviki Landsbankans miðist vinna skilanefndar og slitastjórnar við útselda vinnu lögmanna á klukkustund. „Það tíðkast almennt í gjaldþrotaskiptum og við skiptastjórn að þóknun er tekin fyrir unnar vinnustundir," segir hann. Lögmenn haldi tímaskýrslu, gert sé upp á þeim grunni og rukkað í samræmi við það. „Þetta er útseld þjónusta eins og hjá öðrum sérfræðingum," segir Kristinn. Á meðal annarrar þjónustu sem fellur undir kostnað skilanefndar er ýmis önnur sérfræðivinna, svo sem við endurskoðun, rekstur tölvukerfa og fleira.

**MEÐ 30 ÞÚSUND Á TÍMANN**

Útseld vinna hjá lögfræðingum og endurskoðendum samkvæmt gjaldskrá hleypur á fimmtán til þrjátíu þúsund krónum á tímann. Þeir sem rætt hefur verið við í tengslum við þessa umfjöllun segja vinnutímann æði misjafnan. Hefðbundinn vinnudagur geti verið allt frá tíu til tólf klukkustundum. Kostnaður við tíu stunda dag miðað við lægsta taxta nemur því um 150 þúsund krónum. Venjulegur reikningur frá lögfræðiskrifstofu viðkomandi fyrir útselda vinnu getur því hljóðað upp á allt frá rúmum þremur milljónum króna til 6,3 milljóna. Síðasttalda upphæðin er í samræmi við meðalkostnað skilanefnda og slitastjórna gömlu bankanna á mánuði.

Þegar mest lætur fyrir kröfuhafafundi gömlu bankanna koma langar tarnir sem útheimta mjög langan vinnudag, stundum allt upp undir sextán klukkustundir hvern dag. Það skilar sér eðlilega í hærri reikningi. Miða má við að fyrir hvern reikning upp á eina milljón króna fái viðkomandi í kringum fjögur hundruð þúsund krónur í vasann eftir að virðisaukaskattur, gjöld og kostnaður hefur verið dreginn frá. Miðað við það má ætla að sá sem skili reikningi upp á sex milljónir króna fái 2,5 milljónir í vasann.

Það sama á við skilanefndir og slitastjórnir og starfsmenn þeirra. Dagar þeirra geta orðið æði langir og eru launin eftir því há. Starfsmenn skilanefndarinnar eru flestir sérfræðingar á sínu sviði með menntun ýmist í viðskipta- eða hagfræði og endurskoðun. Laun þeirra eru sögð sambærileg og hjá sérfræðingum fjármálafyrirtækja, um og yfir átta hundruð þúsund krónur á mánuði. Allt fer það þó eftir sérhæfingu viðkomandi og starfi hans. Sú vinna sem ekki krefst sérfræðiþekkingar er oftar en ekki keypt af öðrum. Launin eru ekki hærri en svo að til eru dæmi um að starfsmenn skilanefndanna hafi séð hag sínum betur borgið á öðrum vettvangi og því snúið sér annað.

**LÍTIÐ BORGAÐ HÉR**

Launakostnaður Glitnis og Landsbankans á fyrsta fjórðungi ársins nam rúmum 1,3 milljörðum króna. Hann fellur mestur á herðar Landsbankans vegna starfsemi hans í Bretlandi en þar hafa jafnan verið greidd mun hærri laun innan fjármálageirans en hér.

Það sama á við um lögfræðikostnað í tengslum við uppgjör á gjaldþrota fyrirtækjum. Sem dæmi geta þeir sem sjá um uppgjörin átt kost á því að fá hlutfall af innheimtum kröfum að viðbættri útseldri vinnu, svo sem í Bandaríkjunum. Slíkt hefur ekki tíðkast hér.

Árni Tómasson bendir á að kostnaður íslensku skilanefndanna sé mjög lágur miðað við uppgjör á föllnum bönkum í öðrum löndum. Hann tekur uppgjör bandaríska fjárfestingarbankans Lehman Brothers í Evrópu sem dæmi. Þótt þrotabú bankans úti sé allt að átta sinnum stærra en Glitnis megi ætla að kostnaðurinn þar sé á bilinu tvisvar til þrisvar sinnum hlutfallslega hærri en hér.

**KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR KAUPÞINGS Í FYRRA***

| Kostnaðarliður | Kostnaður* |
|---|---|
| Launakostnaður og launatengd gjöld | 537 |
| Sérfræðikostnaður | 3.225 |
| - Innlendur kostnaður | 894 |
| - Erlendur kostnaður | 2.331 |
| Annar kostnaður | 324 |
| **Samtals** | **4.086** |

** í milljónum króna*

**KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR LANDSBANKANS Á FYRRI HLUTA ÁRS**

| Kostnaðarliður | Kostnaður* |
|---|---|
| Launakostnaður og launatengd gjöld | 1.605 |
| Skilanefnd og slitastjórn | 406** |
| Sérfræðikostnaður | .953 |
| - Innlendur kostnaður | 470 |
| - Erlendur kostnaður | 2.483 |
| Annar kostnaður | 790 |
| Þjónustusamningar | 190 |
| **Samtals** | **5.944** |

** Í milljónum króna*
*** Þ.m.t. kostnaður við skiptastjóra í Hollandi*

**KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR GLITNIS Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI***

| Kostnaðarliður | Glitnir |
|---|---|
| Launakostnaður og launatengd gjöld | 125 |
| Skilanefnd og slitastjórn | 103 |
| Sérfræðikostnaður | 633 |
| Annar kostnaður | 39 |
| Þjónustusamningar | 132 |
| **Samtals** | **1.032** |

** Í milljónum króna*

BETRA VERÐ

Nýherji kynnir verðlækkun á Canon-prenturum fyrir skrifstofuna.
Nú er rétti tíminn til að endurnýja tækjakostinn. Afkastamiklir prentarar á frábæru verði.




ENNEMM / SIA / NM42910




MF8030CN
Fjölnota litalaserprentari og skanni fyrir minni skrifstofur.
• Skannar beint á minnislykil eða yfir í tölvu
• Innbyggð nettenging
Aðeins 69.900 kr.
Áður 89.900 kr.




LBP6650DN
Fullkominn laserprentari.
• 33 bls. á mínútu með PCL5e/6 stuðningi
• Innbyggð nettenging
• Tvíhliða prentun
• 250 bls. pappírsskúffa
Aðeins 64.900 kr.
Áður 84.900 kr.




LBP7750CDN
Afkastamikill litalaserprentari.
• 30 bls. á mín. í lit og 30 bls. í svarthvítu
• PCL5c/6 & UFR II stuðningur
• Innbyggð nettenging
• Tvíhliða prentun
Aðeins 119.900 kr.
Áður 154.900 kr.

Canon
NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Kaupangur, Akureyri Sími 569 7700 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

ÚR FORTÍÐINNI



MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Síðasti þvotturinn

Margir tengja Laugardalinn við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, tjaldsvæðið, sundlaugina og líkamsræktarstöð World Class sem þar stendur. Laugardalurinn er nefndur eftir heitum laugum sem húsmæður og vinnukonur í Reykjavík notuðu til að þvo þvotta frá því byggð myndaðist og fram á fyrstu áratugi síðustu aldar. Hitinn var virkjaður árið 1930 og markar upphaf hitaveitu í Reykjavík. Við það lagðist þvottur í laugunum af.

Þvottahús var starfrækt í Laugardal fram á miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Því var lokað í október árið 1976. Hér má sjá þvottavélar fyrir utan þvottahúsið eftir að starfsemin var lögð af. Síðar fengu kraftlyftingamenn húsið til afnota og nefndist það Jakaból.

# Vill framleiðsluna í hendur fólksins

„Von mín er að draga fram hugmyndir um það hvernig valddreifing í samfélaginu er háð stjórnun á framleiðslugetu og vekja fólk til umhugsunar um það hvernig við getum komið henni í hendur almennings,“ segir Smári McCarthy, einn stofnenda og ritari Félags um stafrænt frelsi á Íslandi.

Smári er einn frummælenda á norrænu ráðstefnunni FSCONS 2010, sem haldin verður í Gautaborg í Svíþjóð í nóvember. Þetta er árleg ráðstefna um frjálst samfélag í víðustu merkingu orðsins.

Á ráðstefnunni ægir saman fyrirlesurum um hugbúnað, vélbúnað, lögfræði, mannfræði, stjórnmál og menningu.



**TALAR FYRIR FRELSI** Frjálst samfélag getur reynt að færa hlutina til betri vegar, að sögn Smára McCarthy. MARKAÐURINN/GVA

Þetta verður í þriðja skiptið sem Smári flytur erindi á ráðstefnunni. Hann segir innleggið sjálfstætt framhald fyrri ára. „Það hefur verið þema hjá mér að benda á galla í iðnaðarlíkaninu sem við búum við og tengja þá galla við lýðræðisfyrirkomulagið, ástandið í heiminum, og það hvernig frjálst samfélag getur reynt að færa hluti til betri vegar,“ segir hann. - jab

## Hvaða félag er FSFÍ?

Félag um stafrænt frelsi á Íslandi, FSFÍ, var stofnað 16. febrúar 2008. Markmið félagsins er að vera regnhlíf og lagaleg stoð fyrir stafrænt frelsi í öllu formi á Íslandi, ásamt því að standa fyrir kynningu og útbreiðslu á hugmyndum um stafrænt frelsi, sérstaklega frjálsan hugbúnað, frjálsan vélbúnað og frjálst samfélag. Julian Assange, stofnandi lekasíðunnar Wikileaks, var gestur á ráðstefnu félagsins í desember í fyrra. Lekasíðan var þá helst þekkt hér á landi fyrir að birta afrit af lánabók Kaupþings sem kynnt hafði verið stjórnendum bankans skömmu fyrir fall hans. Julian og samstarfsmenn hans hafa líkt og forsvarsmenn FSFÍ talað fyrir frjálsu og opnu samfélagi.

# Skattahneyksli í uppsiglingu

Stærsta skattahneyksli í sögu Danmerkur er líklega í uppsiglingu. Upphæðin nemur 1.000 milljörðum danskra króna eða yfir 20.000 milljörðum íslenskra króna.

Samkvæmt fréttum danskra fjölmiðla hafa dönsk fyrirtæki og einstaklingar flutt 1.000 milljarða danskra króna til og frá 55 skattaskjólum víðs vegar um heiminn á undanförnum fimm árum.

Troels Lund Poulsen, skattamálaráðherra Dana, segir að hann hafi fengið áfall þegar hann sá upplýsingarnar frá skattinum og segir að málið gæti orðið stærsta skattahneyksli í sögu landsins.



**KAUPMANNAHÖFN** Þúsundir milljarða danskra króna hafa verið fluttar í skattaskjól. NORDICPHOTOS/GETTY

Bæði Poulsen og skatturinn taka þó fram að ekki sé endilega um skattaflótta að ræða þótt fé sé fært frá Danmörku til staða á borð við Cayman-eyjar og Bahama. - fri



**GÖNGUM SAMAN** Íslendingar verða að stefna að sameiginlegu markmiði til að koma landinu upp úr kreppunni. Mikilvægt er að styðja við uppbyggingu nýrra geira hér, segir prófessor Seiichiro Yonekura. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Vill landið úr höndum *hagsmunahópa*

**Stjórnvöld eiga að nýta kreppuna og byggja upp nýjan iðnað. Draga á úr stuðningi við landbúnað, sjávarútveg og áliðnað. Þrátt fyrir áherslu á ferðaþjónustu má ganga enn lengra, að sögn Seiichiro Yonekura, forstöðumanns í nýsköpunarfræðum við Hitotsubashi-háskólann í Japan.**

Gera verður landið að einu kjördæmi og færa ákvarðanavald frá sveitarstjórnum til stjórnvalda. Það styður betur við nýsköpun. Þá eiga stjórnvöld að móta stefnu til framtíðar og velja hvaða geira skuli styðja við. Kreppan er tilvalið augnablik til mikilvægra svipting, jákvæðra breytinga. Þetta segir dr. Seiichiro Yonekura, forstöðumaður rannsóknamiðstöðvar í nýsköpunarfræðum við Hitotsubashi-háskólann í Tókýó. Hann mælir með því að dregið verði úr stuðningi við landbúnað, uppbyggingu í áliðnaði og stuðningi við sjávarútveg. Það hafi verið gert nógu lengi. Snúa verði við blaðinu og láta fyrirtæki í þessum geira standa á eigin fótum, þau geti aðlagast.

Yonekura flutti erindi í síðustu viku á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands, Sendiráðs Japans á Íslandi, Háskólans í Reykjavík og japanskra fræða við Háskóla Íslands þar sem hann fjallaði um uppbyggingu nýrra atvinnuvega.

**VELJIÐ SIGURVEGARA**

Yonekura sagði í samtali við Fréttablaðið Japan hafa verið í rúst í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Yoshida Shigeru, forsætisráðherra Japans árin 1946 til 1947, hafi sett á laggirnar nefnd sérfræðinga sem hafi ákveðið að leggja áherslu á uppbygginguna atvinnulífsins. Ekki hafi verið byggt á þeim þáttum sem fyrir voru, svo sem landbúnaði, heldur ákveðið að leggja áherslu á stáliðnað, kolavinnslu, skipasmíði og uppbyggingu í efnaiðnaði. Þessir geirar hafi stutt hver við annan og til dæmis bílaframleiðsla sprottið upp úr því. Þá hafi efnaiðnaðurinn stutt við matvælaframleiðslu og landið orðið sjálfbærara. Það sama hafi verið gert í öðrum Asíuríkjum eftir fjármálakreppuna, svo sem í Suður-Kóreu en þar var byggður upp hátæknigeiri og kraftur settur í bílaframleiðslu. Með þessu móti hafi stjórnvöld valið sigurvegara, þá geira sem áttu að standa upp úr.

Yonekura segir Japana hafa gengið í takt eftir seinni heimsstyrjöld og landið því risið fljótt úr rústunum. Öðru máli gegni hér. „Þið eru aðeins um 320 þúsund og skortir samstöðu. Það er ótrúlegt,“ segir Yonekura og bendir á að Íslendingar séu álíka margir og starfsmenn í alþjóðlegu fyrirtæki. Þar geti allir stefnt að sama marki.

**BLAÐINU SNÚIÐ VIÐ Í KREPPU**

Yonekura segir mikilvægt að nýta kreppuna til að leggja áherslu á uppbygginguna nýs iðnaðar hér á landi, svo sem í umhverfistækni. Hann vill sjá hér grænna samfélag í verki, svo sem fleiri raf- og metanbíla og þjónustu við þá auk bættrar endurvinnslu og aukins næmis fyrir umhverfi og náttúru. Þessir þættir tengjast allir ferðamennsku og þjónustu nánum böndum.

Hann segir erfitt að geta sér til um ástæðu þess að hér þokist lítið í þessa átt en telur ekki útilokað að það skýrist af því að alþingismenn og aðrir sem stjórni landinu séu fáir með sérfræðimenntun. Að baki þeim standi sérhagsmunahópar, sem togi hver í sína áttina. Það skili sér í því að þjóðin gangi ekki í takt og virðist fremur spóla í sama farinu en ganga inn í framtíðina, jafnvel verða fyrirmynd og virkur þátttakandi í alþjóðasamfélaginu. „Það verðið að láta sérfræðinga móta framtíðarstefnuna, ekki leikmenn, sem hafa ekki þekkingu til þess, eða hagsmunahópa. Í nútímanum er þetta spurning um að snæða eða verða snæddur. Ég er hræddur um að þið eigið á hættu að falla í seinni hópinn,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

## Vill sjá rafbíla á götunum



**SEIICHIRO YONEKURA**

Heimsókn prófessors Yonekura hingað til lands nú var hans önnur á einu ári. Hingað kom hann einnig í febrúar síðastliðnum. Á sama tíma var hann á fyrirlestraferð á hinum Norðurlöndunum. Í heimsókninni nú komu eiginkona og börn Yonekura með honum. Prófessorinn segir að þótt ferðamennska sé í kastljósi stjórnvalda um þessar mundir sé ekki gengið nógu langt. Hann nefnir að fjölskyldan hafi í ferð sinni nú ætlað að fara í Bláa lónið en gengið illa að finna það þar sem skilti vanti sem beini ferðamönnum á réttan stað. Þá hafi hann fetað í fótspor flestra ferðamanna sem hingað komi og skoðað Þingvelli, Geysi og Gullfoss. Yonekura og fjölskylda voru á eigin vegum og segir hann að sökum skiltaleysis hafi þau í þrígang villst af leið. Prófessor Yonekura mælir með að vegvísar verði bættir og að þjóðin sýni umhverfisstefnu í verki, svo sem með því að greiða fyrir því að fjölga hér raf- og metanknúnum bílum.

Better than BI – Smarter than spreadsheets

# Spotfire®



# FRUMSÝNING Á ÍSLANDI

**Fimmtudaginn 16. september kl. 8.40-11 á Hótel Loftleiðum.**

## Komdu og kynntu þér hvernig Spotfire beitir nýjustu tækni í greiningarlausnum til að …

**… stórauka möguleika notenda til að nálgast sjálfir tafarlaust þau gögn sem þeir þurfa og greina þau að vild með einföldum hætti**

**… setja upplýsingar fram á frábærlega skýran og lifandi hátt með lágmarksfyrirhöfn**

**… stytta innleiðingartíma greiningarlausna úr mörgum vikum í nokkrar klukkustundir**

Spotfire hugbúnaðurinn tilheyrir nýrri kynslóð stjórnendalausna, svonefndum "in-memory analytics" lausnum. Styrkur Spotfire liggur í því að í stað flókinna útfærslna í miðlægum gagnavöruhúsum er flokkunar- og reiknivirknin flutt til notendanna sjálfra.

Kostnaður við innleiðingu og viðhald slíkra lausna er allt að sexfalt lægri en ef um hefðbundnar teningalausnir er að ræða. Notagildið er mikið þar sem stjórnendur geta á einfaldan hátt sett upp eigin mælaborð, skýrslur og greiningar án aðkomu hugbúnaðarsérfræðinga.

Kynningin stendur frá kl 9.00 til 11.00,
en boðið er upp á morgunverð frá kl. 8.40.

Sérfræðingar frá Spotfire, Arjen Bruggemann og Tomi Syrja, kynna Spotfire greiningarlausnirnar. Sýnd verða dæmi um notkun lausnanna og að lokum verða umræður.

**Frekari upplýsingar og skráning á www.sjonarrond.is**
*Ath. takmarkaður sætafjöldi.*







SJÓNARRÖND

Sjónarrönd ehf. | Skúlagötu 19 | 101 Reykjavík | S. 578 8900 | sjonarrond.is

**44** milljónir er upphæðin sem verslað var fyrir með hlutabréf í ágúst.

**26** fasteignir voru seldar á Akureyri í ágúst.

**193.500** gistinætur voru keyptar á íslenskum hótelum í júlí.

BANKAHÓLFIÐ

## Ríkið keppir við sjálft sig

Endurreisn sparisjóðanna hefur tafist von úr viti. Lítið hefur gerst frá því sex sparisjóðir óskuðu eftir eiginfjárframlagi frá ríkinu á grundvelli neyðarlaganna til að bæta brunagöt í bókhaldinu í fyrravor að því undanskildu að ríkið tók Byr og Sparisjóðinn í Keflavík yfir. Sparisjóður Norðfjarðar fékk ríkisframlag fyrir mánuði og flaggar hann þeim titli einn að hafa sótt fé í ríkisvasann. Helsti vandi ríkisins er sagður sá að þótt sparisjóðirnir á landsbyggðinni hafi mikilvægu hlutverki að gegna þá láni þeir nær allir til sömu aðila og Byggðastofnun, sem ríkið hefur mokað fé í um árabil. Ríkið sé í klípu, enda sé það komið í keppni við sjálft sig ákveði það að setja fé í sparisjóðina úti á landi.

## Rykið dustað af Þjóðhagsstofnun

Á meðal þeirra hugmynda sem ríkisstjórnin hefur nú formlega til skoðunar er endurstofnun Þjóðhagsstofnunar. Það þykir löngu tímabær endurlífgunaraðgerð, eins og Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, benti á í erindi um lærdóminn af bankahruninu í apríl. Þar sagði hann mikilvægt að ein stofnun mæti áhrif hins opinbera á hagkerfið. Slíku hafi ekki verið til að dreifa í uppsveiflunni, með þekktum afleiðingum. Þjóðhagsstofnun var sett á laggirnar árið 1974 og veitti ríkisstjórn og Alþingi ráðgjöf í efnahagsmálum. Efnahagsspár hennar rímuðu hins vegar illa við spár ríkisstjórnarinnar undir lokin. Hún var lögð niður í forsætisráðherratíð Davíðs Oddssonar árið 2001 og verkefni hennar færð til Hagstofunnar og ráðuneyta.



## Ekki kveikja tvisvar í húsinu!

Í kringum þjóðveldistímann tíðkaðist að yrðu menn fyrir bruna bættu bændur í sama hreppi viðkomandi tapið. Ef aftur vildi svo óheppilega til að eldur kom upp hjá sama bónda lækkuðu bætur frá samverjunum hressi-lega. Skilaboðin voru vitanlega þau að sá sem lenti tvisvar í eldsvoða átti að læra af mistökum sínum og bæta ráð sitt. Segja má að ríkið sé hér í hlutverki þjóðveldisbóndans, sem virðist vera að læra af mistökum sínum og íhugi nú að setja upp brunavarnir í formi Þjóðhagsstofnunar. Líkt og tilhneiging er hér á skerinu virðist hins vegar sem hrun hafi þurft til að ríkið fyndi hjá sér þörf til að setja upp varnir.









Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma.S. 892 5309.




Blástursvélar og annar búnaður fyrir lagningu ljósleiðara. SCHONSTEDT málmleitartæki frá USA. IMPEX.is S. 534 5300.

## Bátar

**Veiðivötn-Veiðivötn**
Nýkomin 3" - 4" silunganet. 5" - 6" stórfiskanet. Heimavik ehf. S. 892 8655. www.heimavik.is

## Hjólbarðar

**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

4 stk. 175/65 14" á álf. á 30þ. 4 stk. 235/65 17" á 40þ. 4 stk. 185/65 14" á Imprezu felgum á 25þ. 2 stk. 195/65 15" á álf. á 10 þ. 2 stk. 195/65 16" á 10 þ.4.stk ný dekk 5.30 12" á 5gata felgum á 25þ. 4 stk. 225/75 16" á 25 þ. Eitt stk. 255/55 18" á 5 þ. Uppl. í s. 896 8568.

## Varahlutir







Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Erum að byrja að rífa Pajero árg. ,99 2.5 diesel, Skoda Octaviu árg. ,99 & ,07 diesel, VW Bora árg. ,00 & ,04, Terrano árg. ,98, Kia Carnival árg. ,00, Corolla árg'. 99. Polo árg. Freelander árg.'99. Benz, margar gerðir. ,07. Opið virka daga 9-18. Laugaradaga 11-15. Partahúsið S. 555 6666.

Varahlutir í Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97, Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

**Varahlutir s. 772 6777**
Renault Megane árg. ,96-'09. Laguna, Peugeot 306, 307, 406, 407, 607. Skoda Fabia, Mazda 626.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja













Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar. Snyrting á trjám og runnum og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Stífluþjónusta




## Húsaviðhald







892 1565 - Húseignaþjónustan - Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.)

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

**Þakviðgerðir - 100% vatnsþétting**
Allir naglar, göt og samskeyti innsigluð með pace-gúmmíkvoðu.. Margir litir í boði. Tilb í s: 777 5697, Þakvernd

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fínt verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Nudd í boði S:844-0253

Whole body massage. S. 849 5247

**Eðalnudd**
Unaður, slökun og vellíðan. Veldu það besta. S. 659 6019

## Spádómar







Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

## Rafvirkjun




## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






KÆLI OG FRYSTIKLEFAR TIL SÖLU. STÆRÐIR: 4,6,8,10 og 12m2 SENSON EHF. Sími 511-1616.



Barnakerra fyrir tvö til sölu, verð 20.000 kr. Lítið notaður. hafa samband við Jana sms: 770 5505.

8000 þúsund evrur til sölu. Tilboð óskast, sent á utlent@visir.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**ÓSKUM EFTIR ÞVOTTAVÉLUM**
Fjarlægjum gömlu þvottavélina ókeypis. Borgum allt að 2.000 Kr. fyrir góðar vélar. 847-5545 Vistvæn endurnýting. Óskum sérstaklega eftir STÓRUM (Amerískum) þvottavélum og þurrkurum. 690-2409.

## Vélar og verkfæri

Leonardo vinnulyftur með 4,9m vinnuhæð, passa inn um hurðargöt og inn í lyftur. Seljast á innan við hálfvirði eða 595.000.- + vsk.DS-Lausnir 824 0672.

## Verslun







## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Kaupauki með öllum pöntunum í ágúst. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - Tilboð - NUDD**

**Nudd kr. 3500,-**

Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Whole body massage 841 8529

choose the best-so nudd í tveimur eða fjórum höndum good massage 693 75 97

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Námskeið

Smáskipanámskeið 18.10 - 27.11. fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið 9. 10. - 16. 10. Staðarnám. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

## Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ fyrir samræmdu prófin í sept. Nemendaþjónustan sf. S. 557 9233.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## Dýrahald

Naggrísir gefins. Búr fylgir. Ljúfar og góðar mæðgur. Uppl. í s. 697 3990.

## Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**



Lúxusíbúð að Laugavegi. beint á moti gallerý 17. 2 herb með öllum húsgögnum, neti, stöð2, bílastæði í bílahúsi ofl. laus strax fram að áramótum lágmark. verð 150þús 899 1888.

Sumarbústaður til leigu nálægt Borgarnesi. Heitur pottur og grill. Uppl. í síma 773 3182.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Mosfellsbær: Góð 80 fm kjíb. til leigu við Stórateig. Parket og flísar á gólfum, nýmáluð. Þvottavél fylgir. Sér inngangur. Leiga 90 þús/mán m. hita+rafmagni 840-5408

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

**Íbúðir til leigu**
Nýjar 2, 3, og 4ra herb. íbúðir til leigu í Hfj. í fallegu fjölbýlishúsi. Langtímaleiga. Örfáar íbúðir eftir. Uppl. í síma 699 5532.

## Húsnæði óskast

Sveitapar að norðan sem er í háskóla óskar eftir 2. herb. íbúð á góðum stað í bænum, leiguverð 70- 90 þús. uppl. s: 6636862 eða tomsdis@internet.is

Óska eftir 3herb. íbúð í Rvk. Reglusemi, reykleysi og skilvísum greiðslum heitið. Vinsamlegast hafið samband í s: 8493148 eða 8622866

Óska eftir lítilli 2ja herb. íbúð í 101, 105 og 107. S. 773 6845.

**Kæligeymsla**
Óska eftir að taka á leigu ca 200 fermetra kæligeymslu í 3 til 4 mánuði frá miðjum sept. Pálmar 892-2370 fludaleid@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

**Iðnaðar- íbúðarhúsnæði**
Á Bíldshöfða. 100 fm iðnaðarhúsnæði á jarðhæð og 100 fm góð íbúð á efri hæð. Leigist saman eða í sitthvoru lagi. Uppl. í s. 892 2722.

## Geymsluhúsnæði

**Vertargeymslur**
Geymdu gullin þín í Gónhól pöntun 771 1936 gonholl.is

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166. Sama verð og í fyrra.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað, þurrt, lyktarlaust og hreint á Eyrarbakka. Öryggisgæsla. Góð verð. S: 564-6501.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellih. hjólh. o. fl. upphitað, gott verð S: 8997012 email: solbakki.311@gmail.com

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði með öryggisvakt. Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og á www.husbilageymslan.net

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Atvinna í boði




Starfsfólk óskast í fullt starf á dagvaktir frá kl. 12.00 - 19.30 virka daga. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf. íslenskukunnátta nauðsynleg. Upplýsingar í síma 661 6562.**

**suZushii stjörnutorgi.**

**Suzushii á Stjörnutorgi óskar eftir hressum og duglegum einstaklingum í fullt starf og hluta starf. Reynsla æskileg. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

**Áhugasamir hafi samband á suzushii@suzushii.is**

THORVALDSEN

Thorvaldssen Bar auglýsir eftir vönum barþjónum og einnig þjónum í sal. Helgarvinna. Uppl. einungis á staðnum í dag og á morgun hjá Marco milli 16 og 19.

Castello PIZZERIA

CASTELLO pizzeria óskar eftir starfsfólki í fullt starf, Skilyrði: starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum,18 ára eða eldri . Einnig vantar okkur fólk í aukastarf á kvöldin og um helgar. Hentar vel með skóla. Umsóknir á castello.is og í síma 6923051

**Bakari / Kaffihús**
**Óskar eftir starfskrafti eftir hádegi,og annan hvern laugardag. Ekki yngri en 20 ára, helst reyklaus. Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar í síma 820 7370, Ragga.**

Rizzo Pizzeria

**Rizzo Pizzeria Grensásvegi**
**Rizzo Pizzeria óskar eftir vönum pizzabakara.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum.**

Kol ehf

**Kvöld- og helgarvinna**
Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 774 7400 kol@kol.is

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi (vinnutími 10-17) og Suðurveri (vinnutími 7-15) leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á netinu www.bakarameistarinn.is**

Jói Fel

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 12:30-18:30 alla virka daga og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á unnur@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

Erum að leita að 2 eintaklingum, 18 ára og eldri til að vinna með okkur í næringargeiranum. Umsækendur þurfa að vera tilbúnir í mikla vinnu. Góðar tekjur í boði fyrir rétta aðila. Aðeins fólk með metnað kemur til greina. Umsóknum skal skilað á heidartorleifsson@gmail.com fyrir 10. sep nk.

Óska eftir vélstjóra á 100 tonna línubát með vélastærð 430 hp. Báturinn rær frá Siglufirði. S. 861 3822 & 773 1458.

Veitingahús í HFJ ó.e fólki í hlutastarf í sal. Íslenska skilyrði. 18+ ára. Uppl. í S. 822 5229.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í fiskbúð. Uppl. í s. 896 3851.

## Atvinna óskast

Smiðir geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 856 5555.

## Einkamál

Rúmlega fertug kona, flippuð og skemmtileg, flott vaxin, vill kynnast karlmanni með góða skemmtun í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8295.

Sjálfstæð kona á besta aldri vill kynnast ljúfum og rómantískum karlmanni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8285.

## Tilkynningar

ALÞINGI

### Fjárlagafrumvarp 2011

Fjárlaganefnd Alþingis veitir nú eins og undanfarin ár viðtöku erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum sem varða fjárlög ársins 2011. Umsóknarfrestur fyrir fjárlagaárið 2011 er til 15. september nk. Nánari upplýsingar og eyðublöð er að finna á vef Alþingis: www.althingi.is.

Vinsamlegast athugið að undirritað frumrit umsóknar þarf að berast nefndinni eigi síðar en miðvikudaginn 15. september nk.

**Fjárlaganefnd Alþingis**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Skúlagata 4**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Stjórnarráðsreits, Skúlagötusvæðis, vegna lóðarinnar að Skúlagötu 4. Í breytingunni felst m.a. að byggð er ein hæð ofan á skrifstofuálmu til suðurs. Viðbótar byggingarmagn á Skúlagötu 4 verður 302 m². Bílastæði á lóð eru þrjú ásamt tveimur við Skúlagötu sem merkt eru starfsmönnum. Að öðru leyti gildir heildarskipulag svæðis með síðari breytingum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Mógilsá**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Mógilsá og Kollafjörð. Breytingin tekur til svæða merkt S1 og Þ1 á deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á staðsetningu tveggja dreifistöðva fyrir rafmagn og eru um leið afmarkaðar tvær 16 m² lóðir fyrir dreifistöðvarnar. Einnig er kvöð á strenglögn, yfir svæði Þ1 og hluta svæðis S1, lögð niður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 8. september 2010 til og með 20. október 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 20. október 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 8. september 2010
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Óskast til leigu

**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**SÉRBÝLI ÓSKAST TIL LEIGU**
**MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVIK**

Óskum eftir góðu sérbýli- einbýli, raðhúsi eða parhúsi, nærri Austurbæjarskóla til leigu fyrir traustan aðila. Leigutaki er tilbúinn til að greiða allt að eins árs húsaleigu fyrirfram.

## Fasteignir

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
**FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN**
Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími: 550 3000 · Fax: 550 3001
fmeignir@fmeignir.is • www.fmeignir.is
Stofnsett 1958

### Engla- Café Reykholti



Til sölu Engla Café, fallegt kaffihús á besta stað. Engla Café er kaffihús og bakarí í Viktoríönskum stíl sem hefur hlotið mikið lof fyrir einstaklega fallegar innréttingar, gott kaffi og bakkelsi. Kaffihúsið er staðsett í Reykholti í Biskupstungum við aðalveginn upp að Gullfoss og Geysi. Áhugaverð eign fyrir metnaðarfulla einstaklinga.

**Nánari uppl á skrifst.FM sími: 550-3000 - 180232**

fmeignir@fmeignir.is • www.fmeignir.is

## Atvinna



### Árbæjarkirkja

**Árbæjarsókn óskar eftir að ráða starfskraft**
í u.þ.b. 50 % starf, í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Vinnutími er á þriðjudögum (eða miðvikudögum) og fimmtudögum eftir hádegi og á kvöldin.

Að spila á hljóðfæri er kostur.

Umsóknarfrestur er til 10. september 2010. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast til Árbæjarkirkju, við Rofabæ, 110 Reykjavík eða á netfangið arbaejarkirkja@arbaejarkirkja.is

## Uppboð

### Sýslumaðurinn á Húsavík

# UPPBOÐ

Eftirtalin bifreið verður boðin upp við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 15. september 2010 kl. 14:00:

**KN-405**

Greiðsla við hamarshögg.
Sýslumaðurinn á Húsavík

07. september 2010

# Safnaðu þekkingu

## Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun



**Skráningarfrestur er viku áður en námskeið hefst**

### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Litla fröken Reykjavík – á ótrúlega rauðum skóm
hefst 23. september

Prússland - Ris og fall járnríkis
hefst 27. september

Úr heimi leiksviðslistanna
hefst 4. október

Wagner og Rínargullið
hefst 4. október

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 6. október

Myndaalbúm og miðlun stafrænna ljósmynda
hefst 12. október

Súkkulaði ... matur guðanna
haldið 18. október

Innlit í kínverskan samtíma
hefst 19. október

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)
haldið 25. september

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 5. október

Lausnamiðuð nálgun
hefst 11. október

Fötlunarfræði: Helstu hugtök og sjónarhorn
hefst 11. október

Sálgæsla og áfallahjálp – samfylgd í kjölfar áfalla
hefst 12. október

### TUNGUMÁL

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 27. september

Hagnýt sænska fyrir heilbrigðisstarfsfólk
hefst 5. október

Spænska I
hefst 5. október

### VERK- OG TÆKNIFRÆÐI

Þrívíddarhönnun í SketchUp
hefst 4. október

Sjálfbærar ofanvatnslausnir
haldið 15. október

### LÖGFRÆÐI

Lagaenska (e. Legal English) The Practice of Law & Contracts
hefst 27. september

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
hefst 30. september

Fjármálaenska
hefst 6. október

Excel – Veltitöflur (PivotTable)
Haldið 7. október

Grunnþættir reksturs og fjármála
hefst 7. október

Sjóðstreymi
Haldið 8. október

Excel II – fjármál og rekstur
hefst 12. október

Greining ársreikninga
hefst 12. október

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Stjórnun breytinga
- hlutverk stjórnenda og þáttur starfsmanna
hefst 7. október

Ég, stjórnandinn
hefst 8. október

Samtalstækni – viðkvæm starfsmannamál
hefst 12. október

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Gæðastjórnun: Hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
hefst 5. október

Facebook sem markaðstæki – fyrir lengra komna
hefst 15. október

Microsoft Project - stjórntæki í verkefnum
hefst 20. október

### HUGBÚNAÐUR

Developing Silverlight Line of Business Applications - David Platt
hefst 12. október

Vefhönnun fyrir hönnuði
hefst 13. október

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Að byggja upp árangursríka samvinnu við foreldra leik- og grunnskólanemenda
hefst 24. september

Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna
hefst 30. september

Hugarkort: Verkfæri kennarans
haldið 13. október

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# Fóbísku frændurnir

BAKÞANKAR
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



Frændur okkar í Færeyjum eiga þingmann sem heitir því skemmtilega nafni Jenis frá Rana. Sjálfur er hann þó ekkert sérstaklega skemmtileg týpa. Í fyrradag fann hann sig knúinn til að tilkynna að hann ætlaði sko ekki að sitja kvöldverðarboð með Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra Íslands, og eiginkonu hennar, Jónínu Leósdóttur. Hann ætlaði heldur að vera heima hjá konunni sinni, eins og flest önnur kvöld. Heimsókn íslenska forsætisráðherrans væri enda hrein ögrun og ekki í samræmi við boðskap biblíunnar.

**HRIKALEGA** hlýtur það að vera vandræðalegt fyrir eðlilega Færeyinga að maður eins og Jenis skuli fá að tjá sig opinberlega. En hann hefur víst lýðræðislegt umboð kjósenda sinna, enda formaður Kristilega miðflokksins í Færeyjum.

**ÞAÐ** eru svona jólasveinar sem viðhalda hugmyndinni um hómófóbíska Færeyinginn. Að vísu er sennilega nokkuð margt til í því að óþol gegn samkynhneigð sé landlægara í Færeyjum en víðast hvar annars staðar. Kristilegi miðflokkurinn berst opinberlega gegn auknum réttindum samkynhneigðra og hefur fimm prósenta fylgi og heila þrjá þingmenn. Það er dálítið gæsahúðarörvandi staðreynd, í ljósi þess að flokkurinn hefur það á stefnuskrá sinni að Færeyjum verði stjórnað eftir lögum biblíunnar. Það skapar óþægileg hugrenningatengsl við talibanana í Afganistan og óguðlegu sjaríalögin þeirra. Þau lög hafa einmitt verið notuð til réttlætingar blóðugri innrás og hernámi. Kannski við ættum að senda víkingasveitina til Færeyja, ef þessi flokkur heldur áfram að herða ítök sín.

**ÞEGAR** fréttir af þessari kvöldverðarákvörðun bárust yfir hafið urðu þær raddir strax háværar að þetta væri mikil móðgun við Jóhönnu og Íslendinga alla. Ég er frekar á því að það væri móðgun við forsætisráðherrann og eiginkonu hennar að þurfa að sitja til borðs með svona skoffíni. Ekki býst ég við því að þær muni sakna nærveru hans meðan þær gæða sér á skerpuketinu. Það er helst að maður finni til með konunni hans Jensa, sem er vafalaust hálfsvekkt yfir því að hafa ekki losnað við hann út úr húsi eina kvöldstund.

**SEM** betur fer er svona röfl ekki lengur samþykkt í opinberri umræðu hér á landi. Ekki svo að skilja að skoðanirnar að baki fyrirfinnist ekki. Þær krauma auðvitað undir niðri hjá Jenisunum okkar, sem eru margir og víða. En þær eru þó ekki velkomnar upp á borðið lengur. Það er vonandi fyrsta skrefið í þá átt að þær hverfi fyrir fullt og allt. Það eru nefnilega takmörk fyrir umburðarlyndi okkar hinna líka.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 95% lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent maí - júlí 2010.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Fínt fiskmeti á frábæru verði



BÓNUS FROSNIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g



KS. FROSNIR SALTFISKBITAR /*STYRTLUSTYKKI*



*NORÐANFISKUR* STEIKTAR FISKBOLLUR



*NORÐANFISKUR* FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR



*NORÐANFISKUR* FROSNIR ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR



ORA FISKBOLLUR HEILDÓS
830g



EUROSHOPPER WOKPÖNNU-
BLANDAÐ GRÆNMETI 1 KG.



EUROSHOPPER FROSIÐ
BROKKOLÍ 1 KG.



EUROSHOPPER BROKKOLÍ
GRÆNMETISBLANDA 1 KG.



HEIMA HRÍSGRJÓN
LONG GRAIN 5 x 100g



BÓNUS RÚGBRAUÐSKUBBUR
500g



EUROSHOPPER 2 STK
FROSIN HVÍTLAUKSBRAUÐ



EUROSHOPPER 2 STK FROSIN
HVÍTLAUKSBRAUÐ M.KRYDDJURTUM

# Hollt og gott meðlæti ferskt eða frosið



NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR **Í LAUSU** GULLAUGA/RAUÐAR

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**!** **Kl. 12.15**
*Tríó Reykjavíkur heldur hádegistónleika í austursal Kjarvalsstaða í hádeginu á föstudag. Á efnisskránni kennir ýmissa grasa, allt frá kunnuglegum ballöðum eftir íslensk og erlend tónskáld til píanótríós í B-dúr eftir Beethoven. Tríó Reykjavíkur er skipað þeim Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara, Gunnari Kvaran sellóleikara og Peter Máté píanóleikara. Ókeypis er á tónleikana og taka þeir 45 mínútur.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Booker-tilnefningar kynntar




Lokatilnefningar til Man Booker-verðlaunanna, einna eftirsóttustu bókmenntaverðlauna í Bretlandi, hafa verið tilkynntar. Sex bækur koma til greina og er Tom McCarthy talinn sigurstranglegastur í ár. Skáldsaga hans, C, fjallar um skólastjóra í heyrnleysingjaskóla, sem lendir í fangabúðum nasista, sleppur þaðan og rambar í egypskt grafhýsi.

Room eftir írska höfundinn Emmu Donoghue fjallar um fimm ára dreng sem er haldið föngnum í litlu herbergi ásamt móður sinni. Efniviðurinn er sóttur í mál Jósef Fritzl og hefur vakið mikið umtal.

In a Strange Room eftir suður-afríska höfundinn Damon Galgut fjallar um mann sem ferðast um Grikkland, Indland og Afríku, yfirleitt með skelfilegum afleiðingum.

The Finkler Question eftir Howard Jacobson fjallar um þrjá vini, fyrrverandi útvarpsmann, heimspeking af gyðingaættum og gamlan kennara þeirra og árás sem einn þeirra verður fyrir.

Parrot and Oliver in America er söguleg skáldsaga eftir Peter Carey, sem hefur hlotið Booker-verðlaunin tvisvar áður. Bókin fjallar um ferðalag fransks aðalsmanns og þjónsins hans til Ameríku.

The Long Song eftir Andreu Levy fjallar um síðustu ár þrælahalds á Jamaíka. Tilkynnt verður um sigurvegarann 12. október.

### > Ekki missa af

Einni þekktustu myndröð bandarísku listakonunnar Cindy Cherman, Ónefndum kvikmyndaskotum. Á 69 svarthvítum ljósmyndum stillir listakonan sér upp sem leikkonu í ímynduðum kvikmyndum sem bera keim af gullöld kvikmyndanna í kringum miðja síðustu öld. Sýningin hefur staðið yfir í Listasafni Íslands og lýkur um næstu helgi. Safnið er opið frá 11 til 17.

# Að lifa í núinu

Leiklist ★★★★★

**Þetta er lífið … og om lidt er kaffen klar**
Höfundur og flytjandi: Charlotte Bøving
Undirleikur: Pálmi Sigurhjartarson



Rauði þráðurinn er núið, ekki minningar og bið, heldur núið! Charlotte Bøving svíkur engan í lífssöng sínum í Iðnó. Gamla fallega leikhúsið við Tjörnina varð eitthvað svo upprunalegt þegar hún sté á svið með undirleikara sínum, Pálma Sigurhjartarsyni, á frumsýningunni á laugardagskvöldið. Hann við hljóðfærið, hún með útbreiddan faðminn á svörtum skóm í svörtum kjól. Aðferðin virðist einföld en er svo vandmeðfarin.

Við fæðumst og við deyjum. Það eigum við öll sameiginlegt hvort sem við erum dönsk eða íslensk. Charlotte hefur sviðsnærveru sem fyllir hvern krók og kima í leikhúsinu. Hún hrífur með sér áhorfendur í ferðalaginu gegnum lífið hér á Íslandi með innskotum frá bernsku og unglingsárum í Danmörku.

Charlotte velur að segja sögu sína á íslensku og grínast með hvernig hún talar hana og hversu fáránlega beygingarkerfið kemur henni fyrir sjónir, milli þess sem hún syngur lög á danskri tungu. Hún ferðast með okkur í réttri tímaröð með innskotum frá því hún fyrst kom til Íslands.

Hún rammar inn sögubrotin með þeim textum sem dönsku lögin bjóða upp á, eins og t.d. Det var engang en Islandsk hest, den solgtes av en islandsk præst. Féll vitaskuld í góðan jarðveg.

Það er fallegt á Íslandi, en það er líka fallegt í Danmörku og margt í náttúrunni þar sem er undursamlegt. Charlotte lýsir á myndrænan máta hvernig dóttir hennar lítil hleypur um garð í Danmörku og kallar á mömmu og á ekki orð til að lýsa því sem fyrir augu ber, nefnilega blómstrandi eplatré, mamma, það eru blóm á trénu!

Yrkisefni Charlotte er algilt, allir þekkja sig í sögubrotunum.

Hugleiðingar barnsins, og önugheit unglingsins, stressið í mömmunni og erfiðleikar við að koma skilaboðum til annarra foreldra á skikkanlegri íslensku. Tónlistinni er vafið inn í dagskrána á hugljúfan máta, tónskáldin ýmist fræg, óþekkt eða flytjendurnir sjálfir skrifaðir fyrir tónunum. Textarnir eru eftir marga fræga Dani, eins og til að mynda Tove Ditlevsen sem leggur út af besta tíma dagsins, og Charlotte tekur þar upp, eril og stress og þvottavélavesen og matarinnkaup sem trufla möguleikann á að vera einn með sjálfum sér. Hún hefur raddbeitingu sem minnir á dönsku revíustjörnurnar, og líður greinilega sjálfri undurvel á sviðinu, enda allan tímann í algeru sambandi við áhorfendur.

Mörg laganna eru vel þekkt og textar Benny Andersen kunnir. Það eru textar eins og Barndomens land þar sem bláar flugur og barnatennur eru mikilvægar, fyrir svo utan að Svantes lykkelige dag um Nínu sem kemur úr sturtunni er alltaf jafn frábært og hér túlkar Charlotte það eins og hún sé fimmtugur latur karl á pallinum í sumarhúsinu að bíða eftir að fá kaffið sitt.

Þemað er lífið, en einnig til hvers þetta líf er og þar finnur hún svar, eða kemur með góða tillögu, í texta Piet Hein, Du skal plante et træ, du skal göre en gærning. Það er líklega niðurstaðan í dagskránni, nefnilega að maður á að reyna að skilja eitthvað mikilvægt, eitthvað raunverulegt, eftir sig. Það þarf ekki að vera nein brjálæðisleg stærðfræðiformúla.

Það er alveg óhætt að lofa hugljúfri kvöldstund með þeim Charlotte og Pálma fyrir utan að húmorinn vantaði ekki.

Leikskráin er bréf frá Charlotte til áhorfenda og allir dönsku textarnir fylgja þar með, mjög smart!

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Hrífandi lífsóður með fyndnum hugleiðingum og sögubrotum, fléttuðum saman við hugljúfa tónlist.



**PÁLL BJÖRNSSON** Vinnur að bók um Jón Sigurðsson og minninguna um hann undanfarin hundrað ár. LJÓSMYND/ DANÍEL STARRASON

# Minningakistan Jón Sigurðsson

**Minning Jóns forseta Sigurðssonar er þjóðinni enn mikilvæg, þótt hún sé ekki endilega nákvæm. Þetta er meðal þess sem verður rætt á málþingi um Jón á Skagaströnd um næstu helgi.**

Nokkrir fræðimenn halda erindi um Jón Sigurðsson og arfleifð hans á málþingi í Bjarmanesi á Skagaströnd á sunnudaginn kemur. Þeir munu beina sjónum að því með hvaða hætti minningin um Jón forseta sem leiðtoga Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni varð til og mótaðist í íslensku samfélagi á fyrstu áratugunum eftir andlát hans.

Meðal framsögumanna er Páll Björnsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Hann vinnur um þessar mundir að bók um Jón forseta, þar sem meðal annars verður fjallað um hvernig minningarnar um Jón hafa birst í gegnum tíðina og hvernig stjórnmálamenn hafa reynt að gera Jón að samherja sínum í pólitískum tilgangi.

„Í fyrirlestrinum á sunnudag ætla ég að einblína á og taka dæmi um hvernig Jóns hefur verið minnst á mismunandi sviðum,“ segir Páll. „Það eru ákveðin kennileiti notuð til að skapa eða viðhalda minningu um hann, til dæmis minjagripir, styttur, staðir á borð við Hrafnseyri, kennslubækur, peningaseðlar, blaðagreinar, bloggskrif – það er hægt að halda endalaust áfram. Þetta eru farvegirnir sem minningin hefur leitað í og ég ætla að tæpa á nokkrum dæmum.“

Í bók Páls, sem er væntanleg á næsta ári, verður líka fjallað um hvernig minning Jóns hefur verið notuð í pólitískum tilgangi undanfarin hundrað ár eða svo. „Umræðan um Evrópusambandið er dæmi um hvernig minning Jóns er notuð og lifir enn í umræðunni. Menn fá ekki leiða á því að gera hann að pólitískum bandamanni.“ segir Páll en bendir á að viðbrögðin við slíkum tilburðum segi ekki síður mikla sögu. „Andstæðingarnir rjúka þá oft upp til handa og fóta og saka hina um að vera að misnota minningu Jóns eða að eigna sér hann.“ Þetta er að mati Páls til marks um að minningin um Jón Sigurðsson sé þjóðinni enn mjög mikilvæg þótt hún sé ekki sérlega nákvæm. „Gott dæmi um það er að allir stjórnmálaflokkar hafa á einum tímapunkti eða öðrum litið á sig sem arftaka þeirrar arfleifðar sem Jón Sigurðsson skildi eftir sig.“

Auk Páls halda Sigurður Gylfi Magnússon, Guðmundur Hálfdanarson og Jón Karl Helgason erindi um Jón á málþinginu á Skagaströnd. Nánari upplýsingar má finna á skagastrond.is.

**bergsteinn@frettabladid.is**


**Uppskeruhátíð og sultukeppni fyrir fjölskylduna**

**í gróðurhúsi Norræna hússins laugardaginn 11. september kl. 14.00**



Tækifæri fyrir unga og eldri ræktendur að taka þátt í sultukeppni með afurðum úr eigin garði.

Leikreglur eru einfaldar:
· Keppt er í tveimur sultutegundum, súrri og sætri
· Hver keppandi getur skilað inn eins mörgum sultutegundum og hann vill
· Skila skal sultunni í Norræna húsið í síðasta lagi **kl. 12.00** þann 11. september í íláti með nafni, heimilisfangi og/eða netfangi keppandans á botninum
· Góð verðlaun í boði

Kynnir og stjórnandi er danski matfræðingurinn **Mads Holm**.
Dómari er meistarakokkur veitingahússins Dills í Norræna húsinu, **Gunnar Karl Gíslason**.
Tónlist og skemmtun, **Felix Bergsson** leikari og söngvari.

NORRÆNA HÚSIÐ
FJÖREGG Barnamenning í Norræna húsinu

Norræna húsið | Sturlugötu 5 | 101 Reykjavík | Sími 551 7030 | www.norraenahusid.is



**DUROL BURSTAMOTTAN**




- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

# Kaupauki

Nytsöm og notadrjúg taska fylgir með

Um þessar mundir býðst viðskiptavinum The Body Shop þrenns konar kaupauki:

**Kaupauki 1:**
Mjúk, dökkblá taska þegar verslað er fyrir 5990 kr. eða meira




**Kaupauki 2:**
Glæsilegt snyrtiveski þegar verslað er fyrir 5990 kr. eða meira

**Kaupauki 3:**
Snyrtibudda með sérstöku hólfi fyrir bursta þegar verslað er fyrir 4990kr. eða meira

Einungis er um eina af töskunum að ræða hverju sinni og gildir tilboðið meðan birgðirnar endast. Njótið vel!

THE BODY SHOP™

Kringlunni Smáralind Glerártorgi

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| AULINN ÉG-3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| DESPICABLE ME M/ ensku. Tali | kl. 8 | L |
| THE GHOST WRITER | kl. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| THE GHOST WRITER | Sýnd í Lúxus VIP kl. 10:20 | VIP |
| STEP UP 3-3D | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| INCEPTION | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| INCEPTION | Sýnd í Lúxus VIP kl. 7:20 | VIP |
| SHREK-3D M/ ísl. Tali | Sýnd Fimmtudag kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| THE LAST AIRBENDER | kl. 10:10 | 7 |
| STEP UP 3 | kl. 8 - 10:10 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE GHOST WRITER | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| STEP UP 3-3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| HUNDAR OG KETTIR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| INCEPTION | kl. 8 | 12 |
| THE SORCERER´S APPRENTICE | kl. 10:40 | 7 |
| LEIKFANGASAGA 3 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STEP UP-3D | kl. 8 | 7 |
| THE GHOST WRITER | kl. 10:10 | 12 |
| LETTERS TO JULIET | kl. 8 | L |
| INCEPTION | kl. 10:10 | 12 |

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THE OTHER GUYS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 3.30 - 5.40 - 8 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 3.30 - 5.40 | L |
| AULINN ÉG 2D | kl. 3.30 | L |
| SCOTT PILGRIM vs THE WORLD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 10.10 | 14 |
| KARATE KID | kl. 5.10 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| THE FUTURE OF HOPE | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| AULINN ÉG 3D | kl. 5.45 | L |
| THE HUMAN CENTIPEDE | kl. 10.20 | 18 |
| THE EXPENDABLES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SALT | kl. 8 | 14 |
| VAMPIRES SUCK | kl. 6 | 12 |
| THE LAST AIRBENDER 2D | kl. 5.30 | 10 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER GUYS | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| AULINN ÉG 3D | kl. 6 | L |
| DESPICABLE ME 3D | kl. 8 | L |
| THE EXPENDABLES | kl. 10 | 16 |

ATH: Tilboðin gilda ekki í Borgarbíói

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 3D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| AULINN ÉG 2D | 4 og 6 - ÍSLENSKT TAL | L |
| DESPICABLE ME 3D | 4, 8 og 10 - ENSKT TAL | L |
| THE OTHER GUYS | 8 og 10.15 | 12 |
| SCOTT PILGRIM | 5.50 | 12 |
| EXPENDABLES | 8 og 10.15 | 16 |




**TAUGAVEIKLUÐ EFTIR JARÐSKJÁLFTA** Hera Hjartardóttir vaknaði við jarðskjálftann mikla í heimabæ sínum Christchurch og hefur ekki sofið mikið síðan enda margir eftirskjálftar komið í kjölfarið.

# HERA VAKNAÐI ÖSKRANDI Í JARÐSKJÁLFTANUM

**Söngkonan Hera Hjartardóttir er búsett í bænum Christchurch á Nýja-Sjálandi ásamt manni sínum, Hirti Arasyni, og urðu þau heldur betur vör við hinn mikla jarðskjálfta sem reið yfir bæinn um helgina og var um 7,0 á Richter. Hera segir að stemningin í bænum sé skrýtin, eyðileggingin mikil og í raun ótrúlegt að ekkert mannfall hafi orðið.**



**EYÐILEGGING** Þessi mynd er tekin á Barbados street en Hera segir að margar götur bæjarins séu fullar af múrsteinum.

„Ég vaknaði öskrandi um fjögur um nóttina við að allt skalf og nötraði. Það var eins og verið væri að ráðast á húsið okkar. Hélt að það væri bara eitthvað gengi komið og væri að berja húsið að utan," segir Hera Hjartardóttir söngkona þegar Fréttablaðið náði tali af henni en þá var símasamband óvenjulega gott en það hefur verið stopult síðan jarðskjálftinn reið yfir heimabæ hennar Christchurch í Nýja-Sjálandi á laugardaginn.

Hera og maður hennar, Hjörtur Arason, hlupu strax út úr húsinu og þá blasti eyðileggingin við. „Það er rosalegt að sjá bæinn og sérstaklega miðbæinn en þar skemmdist mikið. Það er samt mjög tilviljanakennt allt saman.

Til dæmis er ein matvörubúð sem eyðilagðist algjörlega á meðan það brotnuðu bara tvær flöskur í áfengisbúðinni sem er við hliðina," segir Hera og bætir við að elstu húsin í bænum hafi skemmst mest og ásýnd bæjarins muni breytast mikið eftir að búið er að endurnýja. „Það er samt ekki mikið hægt að gera strax því menn búast við öflugum eftirskjálftum næstu mánuðina.

Í nótt voru fimm eftirskjálftar svo maður sefur ekki mikið á nóttunni," segir Hera þakklát fyrir að þau sluppu vel úr skjálftanum en það brotnuðu bara nokkur glös og diskar hjá henni.

Hera söng í gær í gamla skólanum sínum en þar er búið að koma einhverjum af þeim 100.000 manns fyrir sem misstu heimili sín í náttúruhamförunum. „Það var mjög falleg og skrýtin upplifun í senn. Þetta var meira eins og ein stór útilega þar sem fólk var klappandi hvað öðru á bakið," segir Hera og vill meina að mikill samhugur hafi skapast meðal bæjarbúa en um 400.000 búa í bænum. „Þetta er rosaleg lífsreynsla og maður er enn þá frekar taugaveiklaður enda bíður maður bara eftir næsta skjálfta."

alfrun@frettabladid.is



**HLYKKJÓTT** Þessi brú er ekki lengur nothæf enda var hún einu sinni bein.

# Oksana vill meiri pening

Forræðisdeila Oksönu Grigorievu og áströlsku ofurstjörnunnar Mels Gibson er enn í fullum gangi. Og nú krefst Oksana þess að Gibson greiði henni 84 þúsund dollara, níu milljónir íslenskar, fyrir þá almannatengslaþjónustu sem hún varð að kaupa í kjölfar deilnanna milli þeirra. Mel Gibson hefur farið huldu höfði eftir að upp úr sambandi þeirra slitnaði enda opinberaði Oksana upptökur þar sem Gibson jós yfir hana svívirðingum. Þá er Gibson grunaður um að hafa slegið sambýliskonu sína í andlitið á meðan hún hélt á tíu mánaða gömlu barni þeirra, Luciu.

Samkvæmt vefsíðunni TMZ, sem er hálfgerð wikileaks-síða fræga fólksins, mun Oksana hafa farið á fund dómara í Los Angeles og óskað eftir þessum styrk. Hann mun hafa vísað beiðninni á bug enda miðist öll útgjöld Gibson við það að dóttirin lifi sómasamlegu lífi. Samkvæmt fyrstu fréttum fer Oksana fram á 40 þúsund dollara í meðlag á mánuði sem samsvarar fjórum milljónum íslenskra króna en lögfræðingar Gibson eru reiðubúnir til að sættast á sex þúsund dollara, eða rúmar sjö hundruð þúsund krónur íslenskra.



**Í HÁR SAMAN** Oksana og Mel Gibson eru ekki sátt við hvort annað þessa dagana og verða það sennilega aldrei.

# Fínt framhald

Tónlist

**Bréf frá París**
Klassart

★★★



**KLASSART** Hljómsveitin Klassart spilar kántrýskotið popprokk.

Systkinasveitin Klassart frá Sandgerði vakti mikla athygli fyrir sína fyrstu plötu, samnefnda sveitinni, sem kom út fyrir þremur árum og hafði að geyma kántrý- og blússkotið rokk í rólegri kantinum. Nú er plata númer tvö, Bréf frá París, komin út og eins og fyrr er meirihluti laganna eftir gítarleikarann Smára Guðmundsson og flestir textanna eftir systur hans, söngkonuna Fríðu Dís. Þriðja systkinið Pálmar spilar á bassa, en auk þeirra þriggja spila Davíð Þór Jónsson á hljómborð, Guðmundur Pétursson á gítar, Helgi Svavar Helgason á trommur og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa. Hörkulið semsagt.

Tónlistin er eins og áður mjúkt popprokk með blús- og kántrýáhrifum. Og aftur kemur samanburðurinn við Noruh Jones upp í hugann. Þó að meirihluti efnisins á Bréf frá París sé eftir meðlimi Klassart þá hafa tökulög meira vægi á henni heldur en á frumburðinum. Smellurinn Gamli grafreiturinn sem Fríða syngur með Sigurði Guðmundssyni er t.d. íslenskuð útgáfa af laginu In a Town This Size eftir þann frábæra lagasmið John Prine, en íslenski textinn er eftir Braga Valdimar Skúlason. Hann á annan texta á plötunni og Vigdís Grímsdóttir á tvo. Á plötunni eru þrjú erlend lög með íslenskum textum, auk lagsins Heyr mína bæn sem Fríða syngur bæði á íslensku og ítölsku, en upprunalega útgáfa lagsins var sigurlag Eurovision-keppninnar árið 1964.

Bréf frá París rennur ljúft í gegn. Hljóðfæraleikur og hljómur eru fyrsta flokks og Fríða er ennþá að vaxa sem söngkona. Platan bætir ekki miklu við, en þeir sem féllu fyrir fyrri Klassart-plötunni ættu að verða sáttir við þessa.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Meira ljúft kántrýskotið popprokk frá Sandgerðissystkinunum.

# Upptökuliðið hvarf



**ÖRFÖR** Haukur Emil Kaaber og G. Þorsteinsson, liðsmenn hljómsveitarinnar Örför. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hljómsveitin Örför hefur gefið út sína fyrstu plötu. Hún hefur að geyma dægurlagarokk með íslenskum textum og er samstarfsverkefni Hek, eða Hauks Emils Kaaber, og G. Þorsteinssonar.

„Við spiluðum mikið síðasta sumar undir nafninu Hek og svo settum við saman í hljómsveit og fórum í upptökur,“ segir Haukur Emil. Upptökurnar gengu brösuglega enda stóðu þær yfir í heilt ár með mismunandi fólk við stjórnvölinn. „Fyrsta fólkið sem tók þetta upp hvarf og við vitum ekki enn hvar það er. Við höfum ekki fundið upptökurnar,“ segir Haukur. „Það var allt í einu slökkt á símanum hjá þeim og svo hættum við bara að reyna.”

Sá næsti sem tók við hljóðrituninni var Bjarki Jóhannsson sem hafði verið í upptökunámi í Hollandi. „Það gekk vel að vinna með honum,“ segir Haukur. „Ég held að það hafi verið í stjörnunum að við ættum að gera þetta aftur.“ **- fb**

# Gaf Beyoncé svipu



**GJAFMILD** Lady GaGa gaf vinkonu sinni, Beyoncé, demantasvipu í 29 ára afmælisgjöf.

Söngkonan Lady GaGa kom vinkonu sinni Beyoncé heldur betur á óvart á dögunum þegar hún gaf söngdívunni sérhannaða svipu þakta demöntum ásamt brjóstahaldara og nærbuxum í stíl. Beyoncé varð 29 ára á dögunum og vildi Lady GaGa gefa vinkonu sinni eitthvað eftirminnilegt og sérstakt í tilefni tímamótanna. Lady GaGa mætti með herlegheitin eftir tónleika Jay Z, eiginmanns Beyoncé, í Detroit og gaf henni pakkann í viðurvist rappara á borð við Eminemm, 50 cent og Dr.Dre. Beyoncé tók andköf af ánægju þegar hún sá svipuna og sögur herma að Jay Z sé að sama skapi ánægður með afmælisgjöfina.

# Vilja gerast bændur

**Tilvonandi hjónin Russell Brand og Katy Perry hafa lýst því yfir að þau langi til að gerast sveitafólk þegar þeirra tími í skemmtanabransanum er liðinn. Söngkonan hefur mikinn áhuga á að stofna fjölskyldu og ala upp börn sín í sveitasælunni í Bretlandi og eiga hænur og kýr. Parið er nýbúið að festa kaup á stórri íbúð í New York en Perry getur ekki hugsað sér að stofna fjölskyldu þar.**

**Þess má geta að leikarinn Russell Brand hefur sagt í fjölmiðlum að hann vilji helst eignast tíu börn. Það er því von á miklu lífi og fjöri í framtíðinni hjá skötuhjúunum, á sveitabænum með tíu börn.**



**BÆNDUR FRAMTÍÐARINNAR** Katy Perry og Russell Brand vilja kaupa sveitabæ í Bretlandi og setjast þar að í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




# sport

sport@frettabladid.is



**19 DANIR** hafa skorað 19 mörk í röð gegn Íslandi á Parken. Það er ekki bara að Íslandi gangi illa að vinna á Parken heldur virðist íslenska landsliðinu fyrirmunað að skora þar. Hermann Gunnarsson gerði það síðast árið 1967 í hinum fræga 14-2 leik.

**Danmörk 1-0 Ísland**

Parken, áhorf.: 18.908 — Douglas McDonald (6)

*1-0 Thomas Kahlenberg (90+1.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–7 (7–3) |
| Varin skot | Lindegaard 3 – Gunnleifur 5 |
| Horn | 3–2 |
| Aukaspyrnur fengnar | 16–7 |
| Rangstöður | 1–0 |



**HARÐUR** Aron Einar Gunnarsson var sterkur á miðjunni. Dennis Rommedahl fær hér að finna til tevatnsins.
NORDIC PHOTOS/AFP

Aron Einar Gunnarsson:

## Þetta var ekki sanngjarnt

**FÓTBOLTI** „Þetta verður ekki mikið verra,“ sagði Aron Einar Gunnarsson eftir tapið fyrir Dönum í gær. „Við hlupum og börðumst um allan völlinn og ætluðum að sýna og sanna fyrir íslensku þjóðinni að við gætum þetta. En það var afar grimmt að fá þetta mark á okkur og ég veit varla hvort ég eigi að hlæja eða gráta.“

Aron er ánægður með framlag leikmanna í leiknum í gær.

„Við getum gengið stoltir af velli og ég vona að íslenska þjóðin sé líka stolt af okkur. Nú þýðir ekkert annað en að rífa sig upp og ná þremur stigum gegn Portúgal því við eigum það skilið. Það sem gerðist í kvöld var ekki sanngjarnt.“ - esá

# Grimm örlög Íslendinga á Parken

**Ótrúlegt klaufamark í uppbótartíma reyndist örlagavaldur íslenska landsliðsins í knattspyrnu er það sótti Dani heim á Parken. Agað íslenskt lið hélt Dönum í skefjum í 90 mínútur og átti meira skilið úr leiknum.**

**FÓTBOLTI** Ísland er enn stigalaust í undankeppni EM 2012 eftir grátlegt tap fyrir Dönum á Parken í Kaupmannahöfn í gær, 1-0. Sigurmarkið var afar slysalegt og var skorað í uppbótartíma í þokkabót.

Íslenska liðið spilaði vel í leiknum. Það hélt danska liðinu niðri í níutíu mínútur og lét það hreinlega líta illa út lengst af. Það var lítið um það léttleikandi spil sem danska liðið er yfirleitt þekkt fyrir og agaður varnarleikur Íslands sá til þess að þeim gekk illa að byggja upp sóknir sínar.

Reyndar skapaðist hætta nokkrum sinnum í fyrri hálfleik og alltaf frá hægri kantinum. Dennis Rommedahl reyndist erfiður viðureignar fyrir Indriða Sigurðsson og félaga í íslensku vörninni og var hann langhættulegasti leikmaður Dana í fyrri hálfleik. En íslensku strákunum tókst vel upp að loka á hann í síðari hálfleik og þá höfðu Danir afar fá úrræði.

Eins og búist var við voru Danir mun meira með boltann í leiknum. Íslendingum hefur ekki gengið vel á Parken í gegnum tíðina og því var ofurkapp lagt á að verjast skipulega og kæfa spil danska liðsins. Það gekk vel upp. Varnartengiliðirnir Aron Einar Gunnarsson og Eggert Gunnþór Jónsson voru afar fastir fyrir aftarlega á miðjunni og sáu til þess að ungstirnið Christian Eriksen, sem Danir binda afar miklar vonir við, náði sér aldrei á strik og var skipt af velli snemma í síðari hálfleik. Danska liðið, eins og það íslenska, er nú að ganga í gegnum kynslóðaskipti og það var augljóst á leik liðanna í gær að ungu strákarnir í íslenska liðinu áttu mun betri dag en þeir ungu í liði heimamanna.

Íslenska liðið sótti lítið sem ekkert í fyrri hálfleik en strax í upphafi þess síðari var kominn meiri kraftur í sóknarleikinn. Á fyrstu tíu mínútunum átti Ísland þó nokkur færi sem komu Dönum í opna skjöldu. Eftir það virtust íslensku leikmennirnir stundum missa kjarkinn í sóknaraðgerðunum og eftir því sem á leið fækkaði þeim jafnt og þétt.

En um leið var sífellt meira óðagot á leik danska liðsins. Heimamenn náðu þó að koma sér í tvö ágæt færi en þegar venjulegur leiktími var að renna út benti ekki margt til þess að þeir myndu skora. Kolbeinn Sigþórsson hafði komið inn á sem varamaður og var ekki langt frá því að koma boltanum í markið eftir aukaspyrnu Jóhanns Bergs.

En svo kom skellurinn. Áðurnefndur Rommedahl renndi boltanum út í teig þar sem Thomas Kahlenberg stóð einn og óvaldaður. Íslenska vörnin virtist hafa gleymt honum. Skot Kahlenberg var þó ekki gott en breytti um stefnu á Aroni Einari og einfaldlega lak inn í markið. Afar svekkjandi og einfaldlega alger óþarfi.

Það eru því blendnar tilfinningar fyrir stuðningsmenn íslenska liðsins eftir leik. Það er ekki annað hægt en að hrífast af íslenska liðinu eins og það spilaði í gær. Það var vissulega lítil glansáferð á leik liðsins en agaður og skipulagður var hann. Engu að síður er niðurstaðan tap og ekkert stig eftir fyrstu tvo leikina. Ísland átti meira skilið úr leiknum en í knattspyrnu er ekki spurt að því.



**BOLTINN LAK Í NETIÐ** Kahlenberg fagnar hér sigurmarki sínu með félaga sínum. Birkir Már Sævarsson er bugaður enda markið einkar grátlegt fyrir íslenska liðið.
NORDIC PHOTOS/AFP



**GRIMMUR** Eggert Gunnþór Jónsson stóð vel fyrir sínu í leiknum í gær.
NORDIC PHOTOS/AFP



UNDANKEPPNI EM
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
skrifar frá Kaupmannahöfn
eirikur@frettabladid.is

### Einkunnir íslenska landsliðsins gegn Danmörku

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson | 8 |
| Þegar reyndi á Gunnleif stóð hann vaktina vel. Hann varði nokkrum sinnum mjög vel og var öruggur í sínum aðgerðum. Markið var óheppilegt en það er ekki við hann að sakast. Átti þó nokkrar slakar markspyrnur. | |
| Indriði Sigurðsson | 6 |
| Var í afar erfiðu hlutverki gegn hinum stórhættulega Dennis Rommedahl í fyrri hálfleik. Lenti í smá basli en hefði mátt fá meiri hjálp í baráttunni. | |
| Kristján Örn Sigurðsson | 7 |
| Spilar nánast undantekningarlaust vel með landsliðinu og slíkt var einnig tilfellið í gær. Góður í návígjum og las sóknarleik Dana mjög vel. Gekk illa að skila af sér bolta. | |
| Sölvi Geir Ottesen | 7 |
| Var fastur fyrir í vörninni og skilaði sínu vel af sér. Barðist mjög vel og var harður í horn að taka. | |
| Birkir Már Sævarsson | 7 |
| Sinnti varnarhlutverkinu ágætlega og átti nokkra góða spretti upp kantinn í leiknum. Sýndi að hann býr yfir góðum hraða og var nálægt því að skora. | |
| Aron Einar Gunnarsson | 8 - Maður leiksins |
| Einn af hans allra bestu landsleikjum. Kæfði miðjuspil Dana og stöðvaði ófáar sóknir. Átti nokkrar fínar rispur fram á við í seinn í hálfleik. | |
| Eggert Gunnþór Jónsson | 8 |
| Var í svipuðu hlutverki og Aron og var afar fastur fyrir í fyrri hálfleik. Afar duglegur og lét finna vel fyrir sér. | |
| Jóhann Berg Guðmundsson | 6 |
| Betri en gegn Norðmönnum og það kom meira úr honum í þessum leik. Átti þó í vandræðum í fyrri hálfleik en bætti fyrir það með í þeim síðari. | |
| Gylfi Þór Sigurðsson | 7 |
| Hljóp mikið og sinnti ef til vill meira varnarhlutverki en maður í hans stöðu á að venjast. Skilaði sínu ágætlega | |
| Rúrik Gíslason | 8 |
| Sýndi að hann á heima í byrjunarliðinu. Samviskusamur með eindæmum og einna duglegastur að sækja fram og byggja upp sóknir. | |
| Heiðar Helguson | 5 |
| Duglegur eins og alltaf en fékk úr afar litlu að moða í fyrri hálfleik. Var meira með í spilinu í seinni hálfleik en fór þá nokkrum sinnum illa að ráði sínu. | |
| **Varamenn:** | |
| Kolbeinn Sigþórsson fyrir Heiðar Helguson á 77. mín | - |
| Birkir Bjarnason fyrir Jóhann Berg Guðmundsson á 90. mín | - |

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari var svekktur eftir tapið gegn Dönum í gær:

## Er ekki ánægður með árangurinn

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson segir að það sé erfitt að vera ánægður eftir fyrstu tvo leiki Íslands í undankeppni EM 2012. Liðið tapaði báðum þessum leikjum en í gær tapaði Ísland fyrir Dönum ytra, 1-0.

„Við erum stigalausir eftir tvo leiki og þetta gengur út á að fá stig. En ég er samt ánægður með margt sem liðið hefur verið að gera. Í kvöld vorum við mjög fínir í 90 mínútur og ég held að frammistaða leikmanna hafi verið mjög góð. Ég held að allir hafi gengið sáttir af velli með frammistöðuna,“ sagði landsliðsþjálfarinn eftir leikinn í gær.

Hann segir leikskipulag íslenska liðsins hafa gengið vel upp. „Við vorum með fínar upplýsingar um Danina og þó svo að liðið sé með nokkra nýja leikmenn beita þeir yfirleitt svipuðu leikskipulagi. Okkur tókst að lesa það nokkuð vel og við lentum ekki í teljandi vandræðum með að loka á þá. Þeir voru meira með boltann en við vorum búnir að ákveða að við myndum ekki stressa okkur á því.“

Eftir því sem leið á leikinn urðu Danir óþolinmóðari og Ólafur sagðist hafa reiknað með því. „Við vissum að þeir myndu þá taka ákveðna sénsa og yrðu óþolinmóðir og svekktir. Þá fóru þeir að gefa langar sendingar fram völlinn og mér fannst það gefa okkur fleiri sóknarfæri. En það vantaði smá brodd í okkur þá – að þora að vera á boltanum. En það kemur með reynslunni. - esá



**BARÁTTA** Heiðar Helguson og félagar börðust grimmilega í gær en stóðu eftir tómhentir.
NORDIC PHOTOS/AFP



FRÁBÆR ÁRANGUR Íslensku strákarnir gátu leyft sér að fagna í gær þó svo að þeir hefðu tapað leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íslenska U-21 árs landsliðið komst í umspil fyrir EM:

# Aldrei upplifað annan eins fögnuð eftir tapleik

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 árs landsliðið verður í pottinum á föstudag þegar dregið verður í umspil fyrir úrslitakeppni EM. Ísland tapaði í gær fyrir Tékkum, 3-1, en komst í umspilið þar sem liðið var meðal þeirra fjögurra liða sem náðu bestum árangri af þeim liðum sem lentu í öðru sæti riðils.

Alls vantaði sjö leikmenn í íslenska liðið í gær sem alla jafna leika með liðinu. Topplið Tékka var sterkari aðilinn í leiknum og vann sanngjarnan sigur. Annað markið þeirra var reyndar kolólöglegt og nánast tryggði sigur heimamanna. Alfreð Finnbogason skoraði mark Íslands í stöðunni 3-0 með glæsilegu skoti frá vítateig sem fór í slána og inn.

„Þetta er flottasta mark sem ég hef skorað í landsleik. Það hefði verið skemmtilegra að skora það í sigurleik,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið eftir leikinn.

Hann var þá kominn í rútu íslenska liðsins og var á leið til Prag þar sem strákarnir ætluðu að fagna frábærum árangri í riðlakeppninni.

„Ég hef aldrei upplifað annan eins fögnuð eftir tapleik. Við vorum fúlir inni í klefa í tvær mínútur. Þá fengum við tíðindin að við hefðum komist áfram. Þá gjörsamlega trylltist allt. Þetta var svakalega gaman,“ sagði Alfreð kátur en það var fyrirliðinn Bjarni Þór Viðarsson og Arnór Smárason sem fengu það staðfest frá fulltrúum UEFA að Ísland væri komið í umspilið.

Vængbrotið lið Íslands átti undir högg að sækja allan leikinn í gær en strákarnir börðust þó hetjulega. Við ofurefli var þó að etja í þetta skiptið.

„Við spiluðum alls ekki eins vel og við getum. Tékkarnir voru betri en við og lítið við því að segja. Við fengum það sem við áttum skilið. Við unnum samt vel fyrir því að komast í umspilið og eigum skilið að vera í pottinum,“ segir Alfreð sem bíður spenntur eftir því að sjá við hverja Ísland leikur.

„Það eru sterk lið eins og Spánn og England þarna. Við ætlum að leggja allt í sölurnar þar og komast í úrslitakeppnina. Þetta er eitthvert sterkasta U-21 árs lið sem Ísland hefur átt.“ - hbg

## ÚRSLIT

### *Undankeppni EM:*

**A-riðill:**
Þýskaland-Aserbaijan 6-1
1-0 Heiko Westermann (28.), 2-0 Lukas Podolski (45.), 3-0 Miroslav Klose (45.), 4-0 Rashad Sadygov, sjm (53.), 4-1 Vagif Dzhavadov (57.), 5-1 Holger Badstuber (86.), 6-1 Miroslav Klose (90.).
Tyrkland-Belgía 3-2
Austurríki-Kasakstan 2-0
**Staðan: 1. Þýskaland 6 stig, 2. Tyrkland 6 stig, 3. Austurríki 3 stig, 4. Belgía 0, 5. Aserbaijan 0, 6. Kasakstan 0.**

**B-riðill:**
Rússland-Slóvakía 0-1
Írland-Andorra 3-1
1-0 Kevin Kilbane (14.), 2-0 Kevin Doyle (41.), 2-1 Christian Munoz (45.), 3-1 Robbie Keane (54.)
Makedónía-Armenía 2-2
**Staðan: 1. Írland 6 stig, 2. Slóvakía 6 stig, 3. Rússland 3 stig, 4. Makedónía 1 stig, 5. Armenía 1 stig, 6. Andorra 0.**

**C-riðill:**
Ítalía-Færeyjar 5-0
1-0 Alberto Gilardino (11.), 2-0 Daniele DeRossi (22.), 3-0 Antonio Cassano (27.), 4-0 Fabio Quagliarella (80.), 5-0 Andrea Pirlo (90.).
Serbía-Slóvenía 1-1
**Staðan: 1. Ítalía 6 stig, 2. Serbía 4 stig, 3. Norður-Írland 3 stig, 4. Slóvenía 1. stig, 5. Færeyjar 0.**

**D-riðill:**
Hvíta-Rússland-Rúmenía 0-0
Bosnía-Frakkland 0-2
0-1 Karim Benzema (72.), 0-2 Florent Malouda (78.)
Albanía-Lúxemborg 1-0
**Staðan: 1. Albanía 4 stig, 2. Hvíta-Rússland 4 stig, 3. Bosnía 3 stig, 4. Frakkland 3 stig, 5. Rúmenía 2 stig, 6. Lúxemborg 0.**

**E-riðill:**
Svíþjóð-San Marínó 6-0
1-0 Zlatan Ibrahimovic (8.), 2-0 Davide Simoncini, sjm (12.), 3-0 Kim Kallstrom (26.), 4-0 Andreas Granqvist (51.), 5-0 Zlatan Ibrahimovic (77.), 6-0 Marcus Berg (90.)
Holland-Finnland 2-1
1-0 Klaas-Jan Huntelaar (7.), 2-0 Klaas-Jan Huntelaar, vít (17.), 2-1 Mikael Forssell (19.)
Ungverjaland-Moldavía 2-1
**Staðan: 1. Svíþjóð 6 stig, 2. Holland 6 stig, 3. Moldavía 3 stig, 4. Ungverjaland 3 stig, 5. Finnland 0, 6. San Marínó 0.**

**F-riðill:**
Georgía-Ísrael 0-0
Króatía-Grikkland 0-0
Malta-Lettland 0-2
**Staðan: 1. Króatía 4 stig, 2. Ísrael 4 stig, 3. Lettland 3 stig, 4. Grikkland 2 stig, 5. Georgía 2 stig, 6. Lettland 0.**

**G-riðill:**
Búlgaría-Svartfjallaland 0-1
Sviss-England 1-3
0-1 Wayne Rooney (10.), 0-2 Adam Johnson (69.), 1-2 Xherdan Shaqiri (71.), 1-3 Darren Bent (88.9.
**Staðan: 1. England 6 stig, 2. Svartfjallaland 6 stig, 3. Wales 0, 4. Sviss 0, 5. Búlgaría 0.**

**H-riðill:**
Danmörk-Ísland 1-0
Noregur-Portúgal 1-0
1-0 Erik Huseklepp (21.)
**Staðan: 1. Noregur 6 stig, 2. Danmörk 3 stig, 3. Portúgal 1 stig, 4. Kýpur 1 stig, 5. Ísland 0.**

**I-riðill:**
Tékkland-Litháen 0-1
Skotland-Liechtenstein 2-1
0-1 Mario Frick (43.), 1-1 Kenny Miller (63.), 2-1 Stephen McManus (90.).
**Staðan: 1. Skotland 4 stig, 2. Litháen 4 stig, 3. Spánn 3 stig, 4. Tékkland 0, 5. Liechtenstein 0.**

Englendingar eru smám saman að hrista af sér skrekkinn eftir HM í sumar:

# Rooney skoraði loksins fyrir England



FAGNAÐ Rooney fagnar hér með félögum sínum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Augu ensku þjóðarinnar voru á framherjanum Wayne Rooney er England sótti Sviss heim í undankeppni EM 2012.

Rooney hefur verið í blöðunum síðustu daga vegna meints framhjáhalds og um tíma var talið að hann gæti ekki spilað leikinn þar sem hann yrði að vera heima til þess að bjarga hjónabandi sínu.

Hann kom þó til móts við enska landsliðið daginn fyrir leik og var í byrjunarliðinu í gærkvöldi. Rooney virðist kunna best að svara fyrir sig á fótboltavellinum og það gerði hann með stæl í gær er hann kom Englandi yfir eftir aðeins tíu mínútna leik. Þetta var fyrsta mark Rooney fyrir landsliðið í heilt ár. England vann að lokum leikinn, 1-3, og er með fullt hús eftir fyrstu tvo leiki sína í riðlinum.

Steven Gerrard hefur staðið við bakið á Rooney síðustu daga og hann gladdist með framherjanum í leikslok.

„Það var frábært að hann skyldi skora. Það var ekki talað um annað fyrir leikinn en Rooney og það var þeim mun ánægjulegra að hann skyldi ná þessu marki. Hann var frábær í þessum leik rétt eins og á föstudaginn. Ég efast ekkert um að hann eigi eftir að vera frábær í allri undankeppninni,“ sagði Gerrard sem var líka ánægður með leik enska liðsins.

„Ég held við hefðum ekki getað beðið um meira í þessum leik. Fyrri hálfleikur var fullkominn og þjálfarinn fékk nákvæmlega það sem hann bað um. Við vorum kannski aðeins of latir í síðari hálfleik en þetta var samt aldrei í neinni hættu. Það var mikið talað um hversu sterkt varnarliðið Sviss væri en við tættum þá í okkur.“ - hbg




> **Isla Fisher**

„Ég gerðist boðflenna í afmæli kærasta míns þegar ég var 12 ára. Hann bauð mér ekki svo ég sá mér ekki annað fært en að mæta sjálf, án boðs.“

***Isla Fisher er gift leikaranum og grínistanum Sacha Baron Cohen. Hún leikur í gamanmyndinni Confessions of a Shopaholic, sem er sýnd á Stöð 2 Bíó í kvöld kl. 22.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR ER HÆTT AÐ HORFA Á FJÖLLIN

# *Góð ráð og slæm í ræktinni*

Ég hef ekki vanið mig á að vera með tónlist í eyrunum í ræktinni og púla því samviskusamlega á brettinu án undirleiks. Útsýnið úr líkamsræktarstöðinni minni er fagurt og ég hef notið þess að horfa á fjöllin í friði. Þangað til nýverið þegar ég álpaðist til þess að kveikja á sjónvarpinu sem er í tækinu og hitti þar meðal annars fyrir bandaríska lækna sem hafa svör við öllu.

Ég heyri ekki málróm þeirra en sé að þau eru vandlega snyrt að bandarískum hætti. Klædd í læknasloppa og læknagalla eiga þau væntanlega að vekja traust áhorfenda. Þeim er ekkert óviðkomandi að sjálfsögðu og gefa ráð um betri lífsstíl ástamt sjúkdómaráðgjöfinni. Markhópurinn er auðvitað Bandaríkjamenn og takmarkað sem mér finnst þessi þáttur áhugaverður fyrir Íslendinga.

Þá líst mér betur á hina sænskættuðu doktor Ásu sem frætt hefur mig á þriðjudagskvöldum undanfarið.

En hún er ekki með mér í ræktinni. Það er hins vegar



Tim Gunn sem stjórnar þáttum þar sem hann kennir konum að klæða sig. Sá eitt ólukkans fórnarlamb margra tískuslysa fara í meðferð hjá honum og samverkakonu hans, Veronicu Webb. Konan var haldin útsölufíkn og keypti haugana af fötum á útsölum. Flest reyndust ljót þegar að var gáð en skötuhjúin gerðu sitt besta til þess að skrifstofublókin yrði þokkalega smart.

Ágæt skemmtun, en ég horfði þó ekki til enda og veit ekki hvaða speki féll í lok þáttarins, eflaust hefur hún verið djúp.

Þrátt fyrir að ég hrylli mig öðrum þræði yfir þessum ruglþáttum þá er ég orðin föst í þessu sjónvarpsfeni í ræktinni. Góða hliðin er að tíminn flýgur á brettinu, hin slæma að ég er full af ruslráðum þegar hreyfingu er lokið.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.25** The Doctors STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.00** There's Something About Mary STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.15** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.40** Life SKJÁREINN



▶ **22.35** Nip/Tuck STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.15 Draumur um draum** Heimildamynd um Ragnheiði Jónsdóttur rithöfund.

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var...lífið** (3:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Fínni kostur** (23:24)

**18.23 Sígildar teiknimyndir** (24:26)

**18.30 Finnbogi og Felix** (10:12)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Ljóta Betty** (75:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**21.10 Súkkulaði og barnaþrælkun** (The Dark Side of Chocolate) Dönsk heimildarmynd um hinar dekkri hliðar súkkulaði- og kakóframleiðslu í heiminum. 40% af öllu kakói kemur frá Fílabeinsströndinni og þar er börnum þrælað út við vinnsluna.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.20 Annað líf Ástþórs** Heimildarmynd eftir Þorstein Jónsson um Ástþór Skúlason bónda á Rauðasandi og líf hans eftir að hann lamaðist í slysi. (e)

**23.30 Af fingrum fram** (Eyjólfur Kristjánsson) Jón Ólafsson píanóleikari spjallar við dægurlagahöfunda og tónlistarfólk.

**00.10 Kastljós** (e)

**00.50 Fréttir** (e)

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**

**10.00 Wayne's World**

**12.00 Akeelah and the Bee**

**14.00 The Groomsmen**

**16.00 Wayne's World**

**18.00 Akeelah and the Bee**

▶**20.00 There's Something About Mary**

**22.00 Confessions of a Shopaholic**

**00.00 Collateral Damage**

**02.00 Dead Fish**

**04.00 Confessions of a Shopaholic**

**06.00 The Love Guru**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Brunabílarnir, Ævintýri Juniper Lee, Ofuröndin

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Auddi og Sveppi**

**10.15 Grey's Anatomy** (13:17)

**11.05 Lois and Clark. The New Adventure** (2:21)

**11.50 The Doctors**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Gossip Girl** (2:22)

**13.45 Ghost Whisperer** (12:23)

**14.40 E.R.** (15:22)

**15.30 iCarly** (3:25)

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ofuröndin, Brunabílarnir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (14:20)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (18:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (16:20)

**20.10 Pretty Little Liars** (2:22) Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard.

**20.55 Mercy** (20:22) Dramatísk þáttaröð í anda Grey's Anatomy og ER.

**21.40 True Blood** (11:12) Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.

▶**22.35 Nip/Tuck** (20:22) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Sean McNamara og Christian Troy.

**23.20 The Forgotten** (7:17) Spennuþættir í anda Cold Case með Christian Slater í aðalhlutverki.

**00.05 X-Files** (15:24)

**00.50 Grey's Anatomy** (13:17)

**01.35 E.R.** (15:22)

**02.20 Sjáðu**

**02.50 Stay Alive** Hrollvekja.

**04.15 Hoodwinked**

**05.35 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Danmörk - Ísland** Sýnt frá leik Danmerkur og Íslands í undankeppni EM 2012.

**17.00 Danmörk - Ísland** Sýnt frá leik Danmerkur og Íslands í undankeppni EM 2012.

**18.50 Tékkland - Ísland** Sýnt frá leik Tékklands og Íslands í undankeppni EM U21.

**22.10 Veiðiperlur** Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði. Farið verður í veiði í öllum landshornum og landsþekktir gestir verða í sviðsljósinu.

**22.40 WCP V - PCA Bahamas - World Cup Of Poker 2** Sýnt frá evrópsku mótaröðinni í póker.

**23.30 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem. Doyle Bronson, Chris Moneymaker, Daniel Negreanu, Gus Hansen, Chris „Jesus“ Ferguson, Johnny Chan og fleiri magnaðir spilarar sýna áhorfendum hvernig atvinnumenn spila póker.

**00.15 Meistaradeild Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu skoðaðir í þaula.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Man. Utd. - West Ham / HD** Útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**20.55 Football Legends - Zidane** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um nokkra af bestu knattspyrnumönnum samtímans og að þessu sinni verður fjallað um Zidane, fyrrum leikmann Real Madrid, Juventus og franska landsliðsins.

**21.25 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni. Öll mörkin, allir leikirnir og öll helstu tilþrifin krufin til mergjar.

**22.55 Fulham - Man. Utd. / HD** Útsending frá leik Fulham og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Dynasty** (29:30) (e)

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.30 Dynasty** (30:30) Ein frægasta sjónvarpssería allra tíma.

**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.00 Million Dollar Listing** (4:9) Skemmtileg þáttaröð um fasteignasala í Hollywood og Malibu sem gera allt til þess að selja lúxusvillur fræga og fína fólksins.

**19.45 King of Queens** (11:25) (e)

**20.10 Top Chef** (15:17) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu.

**20.55 Canada's Next Top Model** (5:8) Raunveruleikasería sem farið hefur sigurför um heiminn. Þetta er önnur þáttaröðin af kanadískri útgáfu þáttanna og nú hefur stjörnustílistinn Jay Manuel tekið fyrir hlutverki yfirdómara og kynnis þáttanna. Stelpurnar eru sendar í ræktina þar sem þær eru látnar svitna.

▶**21.40 Life** (21:21) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem sat saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök.

**22.30 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.15 Law & Order** (19:22) (e)

**00.05 Leverage** (9:15) (e)

**00.50 Premier League Poker II** (5:15) (e)

**02.35 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Séra Ólafur Jóhannsson í Grensás.

**20.30 Mótoring** Stígur Keppnis með sjóðheitar fréttir úr mótorhjólaheiminum.

**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson, Friðrik Eysteinsson og gestir skoða markaðsmál og auglýsingamál til mergjar.

**21.30 Eru þeir að fá hann?** Bender og félagar eru að fá hann norðan heiða.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




www.ms.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Pretty Little Liars



Dramatískir spennuþættir sem byggðir eru á metsölubókum eftir Söru Shepard og fjalla um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál. Þáttaröðin er uppfull af frábærri nýrri tónlist og er þegar farin að leggja línurnar í tískunni enda aðalleikkonurnar komnar í hóp eftirsóttustu forsíðustúlkna allra helstu tímarita vestan hafs.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### True Blood

### Stöð 2 kl. 21.40

Önnur þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn andstöðu íbúa smábæjarins Bon Temps í Louisiana. Menn og vampírur búa þar saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi þrátt fyrir að komið sé á markað gerviblóð á flöskum sem ætlað er að svala blóðþorsta vampíranna.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Sögur af listmálara
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Húsið
**15.25** Skorningar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.21** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Á kerlingaslóðum
**21.10** Út um græna grundu
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.05** Flakk
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

▶**19.25 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur

**20.10 Falcon Crest II** (13:22) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing og Giobertis fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (13:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar einstæðrar móður unglingsdrengs.

**22.15 White Collar** Spennu- og gamanþáttur um sjarmörinn og svikahrappinn Neil Caffrey.

**23.00 The Shield** (1:13) Sjöunda spennuþáttaröðin um lögreglulið í Los Angeles sem hikar ekki við að brjóta lögin til að fá sínu framgengt.

**23.50 Talk Show With Spike Feresten** (2:22) Spjallþáttur með Spike Feresten sem var einn af aðalhöfundum Seinfeld-þáttanna. Hann fær til sín öll stóru nöfnin í Hollywood þar sem þeir taka meðal annars þátt í alls kyns grínatriðum sem eru oftar en ekki út í hött.

**00.15 The Doctors**

**00.55 Falcon Crest II** (13:22)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** After You've Gone **12.30** After You've Gone **13.00** The Green, Green Grass **13.30** The Green, Green Grass **14.00** Fawlty Towers **14.25** Fawlty Towers **15.00** Dalziel and Pascoe **15.50** The Weakest Link **16.40** Monarch of the Glen **17.30** My Hero **18.00** Live at the Apollo **18.45** Lead Balloon **19.15** Rob Brydon's Annually Retentive **19.45** The Inspector Lynley Mysteries **20.30** Lead Balloon **21.00** Rob Brydon's Annually Retentive **21.30** Come Dine With Me **21.55** The Jonathan Ross Show **22.45** EastEnders **23.15** Torchwood **00.00** My Hero

## DR 1

**12.00** Ha' det godt **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Hjerteflimmer Classic **14.30** Juniper Lee **14.50** Alfred **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Chiro **15.30** Skæg med bogstaver **15.50** Laban det lille spøgelse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på: To søstre et hjerte **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Inspector Rebus **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Udfordring: Guantanamo **22.05** OBS **22.10** Naruto Uncut **22.35** Boogie Mix **23.25** Godnat

## NRK 1

**12.30** Doktor Åsa **13.00** NRK nyheter **13.10** Med hjartet på rette staden **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** FBI **18.15** Munter mat **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.40** Klippen **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hva skjedde med Colin Wilson? **22.00** Blekingegadebanden **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.20** Anslagstavlan **12.50** Guldfeber **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Biltokig **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Flamman och Citronen **19.45** Best of Gabba Gabba **20.00** Hung **20.30** Nurse Jackie **21.00** X-Games **21.45** Undercover Boss **22.30** Man On Wire **00.00** Biltokig




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*Ég er afskaplega hrifinn af Pizza Pronto og hef ófáum sinnum stoppað þar á leið minni heim um helgar. Svo þegar ég vil fara eitthvað fínna verður Fiskimarkaðurinn oftast fyrir valinu.*

Ómar Örn Hauksson, grafískur hönnuður og kvikmyndagerðarmaður.

# Jógvan miður sín yfir ummælum Jenis

„Þetta er bara til skammar. Ég veit að hann talar ekki fyrir hönd Færeyinga," segir söngvarinn Jógvan Hansen um ummæli landa síns, þingmannsins Jenis av Rana.

Hann sagðist í gær ekki ætla að sitja til borðs með Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og eiginkonu hennar, Jónínu Leósdóttur, vegna þess að þær eru samkynhneigðar. Ummælin vöktu hörð viðbrögð, bæði hjá öðrum færeyskum stjórnmálamönnum og Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra.

Jógvan segir að ummæli Jenis séu út í hött. „Ef þetta er skoðun hans á hann bara að halda henni fyrir sjálfan sig. Þetta eru bara fordómar," segir hann. „Hann er ekki að standa sig sem fulltrúi þjóðar sinnar með því að tala svona. Færeyingar eru langt í frá fordómafullir, sem maður myndi samt ímynda sér þegar hann talar svona. Maður veit varla hvað maður á að segja," bætir söngvarinn við, greinilega mikið niðri fyrir. „Þetta er bara vandræðalegt og manni líður illa yfir þessu. Þetta er virkilega sorglegt og leiðinlegt."

Spurður nánar út í Jenis av Rana segist Jógvan kannast við hann. „Þetta er öfgamaður. Hann hefur alltaf verið svona."

Jógvan hafði í nógu að snúast í gær í tenglsum við þetta hitamál því færeyska útvarpið fékk hann einnig í viðtal. Þar reyndi hann að fullvissa landa sína um að Íslendingar væru langt frá því að vera farnir að hata þá vegna ummælanna og að þjóðirnar tvær væru enn þá góðir vinir.

- fb



**JÓGVAN HANSEN** Söngvarinn góðkunni segir ummæli þingmannsins Jenis av Rana bæði sorgleg og leiðinleg. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** mats, **6.** í röð, **8.** rénun, **9.** tímabil, **11.** fíngerð líkamshár, **12.** dul, **14.** sannfæringar, **16.** verslun, **17.** siða, **18.** drulla, **20.** á fæti, **21.** slabb.

**LÓÐRÉTT**
**1.** spýta, **3.** fæddi, **4.** samningur, **5.** arinn, **7.** bjarg, **10.** inngangur, **13.** nugga, **15.** djamm, **16.** hryggur, **19.** guð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dóms, **6.** ík, **8.** lát, **9.** öld, **11.** ló, **12.** leynd, **14.** trúar, **16.** bt, **17.** aga, **18.** aur, **20.** il, **21.** krap.

**LÓÐRÉTT: 1.** fjöl, **3.** öl, **4.** máldagi, **5.** stó, **7.** klettur, **10.** dyr, **13.** núa, **15.** rall, **16.** bak, **19.** ra.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Að lágmarki 40 milljarðar króna á ári.
2. Hera Björk Þórhallsdóttir.
3. Flatey á Breiðafirði.

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

INGA BIRNA DUNGAL: ÍSLANDSMÓT Í POLEFITNESS Á LAUGARDAGINN

# Sérsmíðaðar súlur fyrir Íslandsmótið í súlufitness

„Það eru tíu stelpur sem taka þátt. Þær eru búnar að æfa sig í sex mánuði og hafa lítið séð af fjölskyldunni," segir Inga Birna Dungal hjá X-Form en veglegt Íslandsmót í polefitness, þessari vinsælu íþróttagrein, verður haldið á skemmtistaðnum Replay við Grensásveg á laugardaginn. Sigurlaunin eru ekki af verri endanum, þátttökuréttur á Evrópumótinu í polefitness sem fram fer í Bretlandi í næsta mánuði og hugsanlega einnig þátttökuréttur á heimsmeistaramótinu í Sviss. Að sögn Ingu hafa stúlkurnar tíu hannað og látið sérsauma á sig búninga þannig að keppnin verður ákaflega hörð þetta árið.

Inga segir að upphaflega hafi átt að halda mótið í nóvember á síðasta ári. En fallið hafi verið frá þeirri hugmynd til að gefa stúlkunum tækifæri til að æfa sig enn betur fyrir keppnina. Fyrirkomulagið er þannig að keppendur fá eitt atriði til að sýna listir sínar og það eru vissar reglur sem þær þurfa að fara eftir. „Það eru tvær súlur á sviðinu, ein föst og ein sem snýst. Þetta eru sérsmíðaðar súlur, fjórir metrar að lengd, og mér er það til efs að svona háar súlur hafi áður verið settar upp á Íslandi," útskýrir Inga en súlurnar eru byggðar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum í polefitness.

Mikill áhugi hefur verið á polefitness hér á landi en þessi tegund af heilsurækt hefur slegið í gegn úti um allan heim. Í dag er hægt að læra þessi fræði á þremur stöðum, Magadanshúsinu, X-Formi og Heilsuakademíunni og koma keppendur frá öllum þessum stöðum. Inga Birna segir að til þess að alls hlutleysis sé gætt hafi hlutlausir dómarar verið fengnir til að skera úr um hver sé best. Formaður dómnefndar verður til að mynda fyrrum sendiherrafrúin Bryndís Schram en með henni í dómnefndinni sitja Egill Gillz Einarsson, Erpur Eyvindarson, Hannes Egilsson frá Íslenska dansflokknum, Heiðrún „fitness", Sigrún Lilja Guðjónsdóttir frá tískumerkinu Gyðju og fatahönnuðurinn Sara Forynja. Þá mun Haffi Haff vera kynnir keppninnar og mun hann frumflytja nýtt lag; The Dirty Side.

freyrgigja@frettabladid.is



**HÆSTU SÚLUR ÍSLANDS**

Sigurvegarinn á Íslandsmótinu í polefitness og dansi hlýtur þátttökurétt á Evrópumótinu sem fram fer í Bretlandi í næsta mánuði. Að sögn Ingu Birnu Dungal eru súlurnar sem stúlkurnar nýta sér fjögurra metra langar en í bakgrunni má sjá Sólveigu Steinunni Pálsdóttur leika listir sínar. **Bryndís Schram** verður formaður dómnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Söngkonan **Anna Mjöll** stígur á svið á hinum virta djasstónleikastað The Baked Potato í Los Angeles 10. október. Anna Mjöll, sem er búsett í Los Angeles, fetar þarna í fótspor Geirs Ólafssonar sem söng á sama stað í mars síðastliðnum. Þar var Anna einmitt á meðal áhorfenda og ætti hún því að kannast vel við sig þegar að stóru stundinni kemur.

Eins og kemur fram hér á þessari síðu frumsýnir Sverrir Þór Sverrisson kvikmyndina Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið á fimmtudaginn. Sveppi hyggst bjóða helstu barnastjörnum þjóðarinnar á frumsýninguna en meðal þeirra eru Lína Langsokkur, Karíus og Baktus, Mikki Refur, Skoppa og Skrítla, **Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir** og Pétur Jóhann Sigfússon. Sami háttur var hafður á í fyrra og þótti heppnast með eindæmum vel.



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær þá hrepptu aðstandendur Jómfrúarinnar kaffihúsa- og baraðstöðuna í tónlistar-og ráðstefnuhúsinu Hörpu sem nú rís við höfnina. Þetta þýðir að **Jakob Jakobsson** og félagar hafa tengingu við tvö menningarhús því á matseðli veitingahússins í Hofi fyrir norðan er réttur nefndur eftir Jómfrúnni, þeim til heiðurs.

- fb/fgg



Komdu í keilu...
www.keiluhollin.is
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00
Pantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 -15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

„Brúðkaup"
Notaðu öfluga og ókeypis leit á Vísi til að finna allt sem þú þarft að vita um lítil og stór brúðkaup, veislurnar, borðbúnaðinn, kransakökurnar, og veislugestina – eða bara eitthvað allt annað. Leitaðu að efni úr Fréttablaðinu og af Vísi. Það eina sem þarf er leitarorð. **Vísir er með það.**
vísir.is
...ég sá það á Vísi

# Íslensk frumsýningarbomba

Haustið markar yfirleitt upphaf frumsýninga íslenskra kvikmynda. Þrír leikstjórar frumsýna sína fyrstu mynd í fullri lengd, þrjár kvikmyndir byggja á íslenskum skáldverkum og tvær á leikverkum eftir Jón Atla Jónasson.

Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið ríður á vaðið en hún verður frumsýnd á morgun. Síðan kemur kolsvarta komedían Sumarlandið en hún er fyrsta kvikmynd Gríms Hákonarsonar í fullri lengd. Myndin verður frumsýnd í næstu viku.

Næsta frumsýning er síðan unglingamyndin Órói sem byggir á bókum Ingibjargar Reynisdóttur og er leikstýrt af Baldvini Z en stefnt er að frumsýningu 14. október. Brim, kvikmynd Árna Ólafs Ásgeirssonar með Vesturporti í helstu hlutverkum, verður væntanlega einnig frumsýnd í október en hún er gerð eftir leikverki Jóns Atla Jónassonar. Þá hefur verið staðfest að Gauragangur Gunnars Björns Guðmundssonar verði ein af jólamyndum þessa árs, frumsýnd á annan í jólum. Kurteist fólk Ólafs Jóhannessonar verður einnig frumsýnd um jólahátíðina ef marka má vefsíðu Poppola Pictures.

Þá er ekki komin endanleg dagsetning á Rokland eftir Martein Þórsson en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins verður hún frumsýnd á þessu ári. Hún byggir á skáldsögu Hallgríms Helgasonar. Tvær íslenskar myndir eru síðan í tökum um þessar mundir: Okkar eigin Osló eftir Reyni Lyngdal og Djúpið í leikstjórn Baltasars Kormáks. Stefnt er að frumsýningu þeirra snemma á næsta ári en Djúpið er byggt á einleik eftir Jón Atla.

- fgg



**FRUMRAUNIR** Grímur Hákonarson, Reynir Lyngdal og Baldvin Z frumsýna allir sína fyrstu mynd í fullri lengd í haust eða snemma á næsta ári.

# KOMDU ÞÉR AF STAÐ!

Haustið er yndislegur tími. Tíminn til að koma sér af stað eða halda áfram að æfa. Nýir æfingaskór og æfingaföt virka alltaf hvetjandi til þess að standa sig betur. Þess vegna höfum valið bestu haustvörurnar og bjóðum þær nú á frábæru verði. Verið velkomin!









**ADIDAS BTS 3/4 PANT / ESS F TANK**
Netfóðraðar kvartbuxur úr Climalite efni með öndun. Hlýrabolur úr Climalite efni með öndun. Litir: Svartur, hvítur, rauður. Herrastærðir.

**PRO TOUCH MARTIN**
Stuttermabolur úr DRY PLUS efni með öndun. Litir í herrastærðum: Rauður, svartur, hvítur. Litir í dömustærðum: Fjólublár, turkisblár.










**NIKE 7" 2 IN 1 SHORT**
Tvöfaldar æfingastuttbuxur með boxernærbuxum. Létt DRY-FIT efni með góðri öndun. Renndur vasi við streng að aftan og hólf fyrir iPod. Herrastærðir.

**NORTHBROOK BASIC CUFF PANT**
Íþróttabuxur úr bómull. Litir: Gráar, svartar. Herrastærðir.

**NIKE DRI-FIT FILAMENT TIGHT**
Hlaupabuxur úr DRI-FIT efni með góðri öndun. Dömu- og herrastærðir.










**PRO TOUCH TEAM BAG**
Íþróttataska. Stærð M. Litir: Svört með rauðu, svört með hvítu, svört með bláu.

**ADIDAS VIGO M**
Stöðugir hlaupaskór með adiPRENE dempun undir hæl og tábergi. Dömustærðir: Hvítir með rauðu. Herrastærðir: Hvítir með dökkbláu.

**ASICS GEL CUMULUS**
Vandaðir hlaupaskór með gel dempun undir hæl og tábergi. Dömu- og herrastærðir.

INTERSPORT

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18 LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16 SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fékk verðlaun fyrir Íslandsgrein

**Michael Lewis**, blaðamaður og rithöfundur, fékk sinn skammt af skömmum fyrir grein sem hann skrifaði fyrir bandaríska tímaritið Vanity Fair um íslenska efnahagshrunið árið 2009. Lewis var skammaður af blaðamönnum og Íslendingum og neyddist til að svara fyrir sig í New York Times. Greinin þótti nokkuð kaldhæðin í garð Íslendinga en virðist hafa hitt beint í mark hjá samstarfsmönnum Lewis í Ameríku því hún hlaut hin virtu Morton Frank-verðlaun í apríl á þessu ári sem veitt eru fyrir framúrskarandi fréttaskrif um viðskipti og efnahagslíf utan Bandaríkjanna.



### Vikublaðamarkaður lifnar

Tvö ný vikublöð eru nú í undirbúningi. Að öðru þeirra stendur auglýsingamógúllinn Ámundi Ámundason og hefur hann að sögn fengið **Kristin Hrafnsson** til að ritstýra blaðinu. Heyrst hefur að blaðið muni bera nafnið Vikupressan. Hinu blaðinu verður dreift frítt í borginni um hverja helgi frá næstu mánaðamótum. Að því standa Jón Kaldal, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, og **Óskar Hrafn Þorvaldsson**, fyrrverandi fréttastjóri Stöðvar 2. Jónas Haraldsson, fyrrverandi fréttastjóri á DV og ritstjóri á Viðskiptablaðinu, mun einnig vera viðloðandi blaðið, eins og synir hans tveir, ljósmyndararnir Teitur og Haraldur. - fgg



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ráðum því hvort við drepum okkar konur
2. Hlátrasköll á Alþingi: „Hvar hefur þú verið?"
3. Gáttuð á ummælum um Jóhönnu Sigurðardóttur
4. Séra Hólmgrímur dáist að hugrekki kvennanna sem stigu fram
5. Þú ert ekki nógu mikilvægur -út með þig
6. Illur ormur ógnar Facebook





